

LÝÐVELDIÐ
Á TÍMAMÓTUM ▶ 34



KONUR OG JAFNRÉTTI
Í BRENNIDEPLI ▶ 56

ÁRANGURSLAUS LEIT
ANDLEGA ERFIÐ ▶ 6



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
14. júní 2014
138. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

GEÐLYFIN VIRKA EKKI EIN OG SÉR

Tvíburabæðurnir **Halldór** og **Kári Auðar Svanssynir**, sá fyrrnefndi kapteinn Pírata í Reykjavík, ræða baráttuna við geðrofssjúkdóma, kannabisneyslu, pólitíkina og ómetanlegan stuðning foreldra sinna í gegnum veikindin. ▶ 24




VÍKINGUR Í TANGÓ

Helen Halldórsdóttir fór frá því að vera 24 ára gömul ekkja í Grindavík yfir í að reka tangó-skóla í Búenos Aíres. ▶ 32

Meirihluta- myndanir HVERJIR FENGU VÖLDIN?

▶ 28



BIRTA BJÖRNS

FÉKK UGLU
Í AFMÆLISGJÖF

▶ 54



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka



Iceland



Gasblöðrur

Minni: kr. 798. Stærri: kr. 1098



Iceland

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

JIBBÍ JEI!

Fjölskylduhátíð alla helg

SVART ÚTLIT EFTIR 12 TÍMA 6

Árangurslaus leit að týndu fólki í langan tíma getur reynst björgunarsveitarfólki andlega erfið.

VINNUDEILUR VALDA SKAÐA 4

Innan ferðapjónustunnar telja menn að vinnudeilur flugvallarstarfsmanna, flugmanna, flugfreyja og flugvirkja hafi valdið miklum skaða.

AÐGERÐ EKKI REFSIVERÐ 8

Ríkissaksóknari segir að ekkert bendi til refsiverðrar háttsemi í Hraunbæ í fyrra.

AUKIN ÝSUVEIÐI EKKI LÍKLEG 10

Gögn Hafrannsóknastofnunar benda til að ýsuveiði verði í sögulegri lægð næstu árin.

ENGAR ÖFGAR HJÁ MÚSLIMUM 12

Björn Leví Óskarsson var skiptinemi í Indónesíu og átti fjölskyldu og vini sem eru múslimar.



SKOÐUN 16→18

STEFNULAUS SJÁVARÚTVEGSRÁÐ-HERRA 16

Porsteinn Pálsson um fiskveiðistjórnun.

HVERJIR ERU PESSIR MÚSLIMAR? 18

Ólafur Halldórsson um múslima á Íslandi.

EITT MESTA SKIPULAGSSLYS Í REYKJAVÍK Í UPPSIGLINGU? 18

Guðmundur Kristjánsson um skipulag við Reykjavíkurhöfn.



HELGIN 20→40

LISTAMENN SAMEINAST 20

Í stúdíóinu Algara er að finna listamenn úr ýmsum áttum undir einu þaki.

TÓK HÖFNUNINA NÆRRI SÉR 36

Úlfar Þormóðsson skrifar um höfnun í bókinni Ugður.

SKEMMTILEGT Á SJÓNUM 38

Bjarna Þór fannst gaman á siglinganámskeiði.



LÍFIÐ 48→58

GIRNILEGAR BOLLAKÖKUR 54

Uppskriftir að sumarlegum mojito-bollakökum.

MEGA STELPUR KÚKA? 55

Sigga Dögg kynfræðingur svarar spurningum lesenda.

MÁLA TÓNLEIKAGESTI 66

Förðunarþjónusta á boðstólum fyrir gesti Secret Solstice.

NÝTT ÆÐI Í HÚÐFLÚRUM 66

Frosti Gnarr hefur gert yfir 100 „stick and poke“-húðflúr.



SPORT 60→61

ARON VONGÓÐUR UM ARON 60

Ísland mætir Bosníu á morgun en sæti á HM í Katar er í húfi.

DRAUMURINN LIFIR UM HM 61

Stelpurnar mæta Dönunum ytra á morgun og þurfa á sigri á halda.



FIMM Í FRÉTTUM NÝR BORGARSTJÓRI OG GOOGLE-STYRKUR



Hreiðar Már Sigurðsson, einn þriggja fyrrverandi stjórnenda Kaupþings sem ákærðir eru fyrir umboðs-svik, lýsti yfir sakleysi sínu í dómssal.



Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari vissi af ólöglegum síma-herunum árið 2012. Hún segir að brugðist hafi verið við með viðeigandi hætti.



Sóley Tómasdóttir verður forseti borgarstjórnar Reykjavíkur. Leikskólinn verður ekki gjaldfrjáls á næsta kjörtímabili, eins og hún hafði barist fyrir, en gjöldin verða lækkuð.



Helga Guðmundsdóttir hlaut fyrst íslenskra kvenna styrk Google til öflugra kvennemenda í tölvunarfræðum.



→ Dagur B. Eggertsson verður næsti borgarstjóri Reykjavíkur. Starfið leggst vel í hann. Hann segir að nýi meirihlutinn komi úr ólíkum áttum en það geri borgarbúar líka.

Vinnuslys barna eru sérstakt áhyggjuefni

Á síðasta ári slösuðust 60 börn í vinnuslysum. Í fiskvinnslu eru slys á börnum hvað algengust af öllum aldurshópum. Fagstjóri hjá Vinnueftirlitinum segir að tölurnar hljóti að vera ákall til atvinnurekenda um að fræðslu og þjálfun sé betur sinnt.

ÖRYGGISMÁL Vinnuslys hjá börnum og unglingum er sérstakt áhyggjuefni, að mati sérfræðinga Vinnueftirlitsins. Árið 2013 slösuðust 60 börn við vinnu sína. Vinnuslys barna undir 18 ára aldri koma hvað oftast við sögu í fiskvinnslu.

„Þegar horft er til þess að um 30 prósent vinnuslysa verða fyrir 30 ára aldur, þá kallar það á að vinnu- markaðurinn í heild sinni, atvinnurekendur og launþegar, skólar og stjórnvöld, hugi að því hvað má gera til að koma í veg fyrir að ungt fólk slasist í vinnu,“ skrifar Kristinn Tómasson yfirlæknir í Vinnuvernd, 1. tölublaði fréttabréfs Vinnueftirlitsins 2014.

Tílefni skrifanna er sú staðreynd að 60 börn, starfsmenn undir 18 ára aldri, slösuð sig við vinnu sína árið 2013, en þetta segir Kristinn sérstakt áhyggjuefni, enda eigi börn ekki að vinna hættuleg störf á sama tíma og það sé jákvætt að þau kynni atvinnulífina. Það verður samt að gerast með þeim hætti að heilsu barna sé ekki stefnt í voða og það sé á ábyrgð þeirra sem eldri eru. „Slys gera boð á undan sér – við þurfum einfaldlega að taka eftir þeim og grípa til aðgerða þannig að ekki hljóti alvarlegri slys eða tjón af,“ skrifar Kristinn en fyrir liggur að á síðustu tveimur árum hafi að minnsta kosti 67 einstaklingar orðið óvinnufærir eftir vinnuslysi og hrökklast af vinnu- og markaði.

Ásta Snorradóttir, fagstjóri hjá Vinnueftirlitinum, segir tölur um slys ungs fólks benda til að atvinnurekendur sinni ekki nýliðafræðslu og þjálfun sem skyldi. Alvarleg slys hjá ungu fólki séu staðreynd, og hafi til dæmis verið ein ástæða-



VIÐ VINNU Síðan 1991 hafa hátt á fjórða hundruð vinnuslys verið skráð í fiskvinnslu hjá 18 ára og yngri.

an fyrir sérstöku eftirlitsátaki í fiskvinnslu í fyrra. Fréttablaðið greindi frá áttatíu á fimmtudag. Þar kemur til dæmis fram að tæp 14 prósent allra vinnuslysa í fiskvinnslufyrirtækjum eru í aldursflokknum 18 ára og yngri, eða 338 slys frá því 1991.

„Vinnuslys hjá börnum almennt eru mjög alvarlegt mál og ákall til atvinnurekenda að svona tölur, 60 slys á ári, eiga ekki að sjást,“ segir Ásta og hnykkir á því að allir starfsmenn eigi rétt á nýliðafræðslu hvort sem um tímabundið starf er að ræða eða ekki, en edli samkvæmt á það oft við um atvinnuþátttöku þeirra sem yngri eru. „Það þarf virkilega að sinna því að allir séu meðvitaðir um þær



“Slys gera boð á undan sér – við þurfum einfaldlega að taka eftir þeim og grípa til aðgerða þannig að ekki hljóti alvarlegri slys eða tjón af.”

Kristinn Tómasson yfirlæknir.

hættur sem fylgja störfum sem þeir taka að sér, hvort sem það er til lengri eða skemmri tíma.“ svavar@frettabladid.is

Helmingur brautskráðra í Háskóla Akureyrar eru lotunemar eða fjarnemar:

326 HA-nemar útskrifast í dag

MENNTUN Háskólinn á Akureyri brautskráir í dag 326 kandiata frá skólanum. Brautskráningin fer fram í fyrsta skipti í húsakynnum skólans, að Sólberg við Norðurslóð, klukkan 11.00. Þetta er jafnframt í síðasta sinn sem Stefán B. Sigurðsson rektor brautskráir kandiata frá skólanum. Hann lætur af störfum síðar í sumar.

Skipting brautskráðra kandiata þetta árið er jöfn milli staðarnema og þeirra sem eru fjar- eða lotunemar. 161 staðarnemi brautskráist frá skólanum að þessu sinni, 85 fjarnemar og 80 lotunemar. Háskólinn á Akureyri hefur í gegnum tíðina verið að styrkja fjarnám sitt og eru nú um fjórir af hverjum tíu nemendum skólans fjar- eða lotunemar.

Á því skólaári sem nú er að ljúka stunduðu um 1.700 namar nám við skólann á þremur fræðasviðum. Nú brautskrást 166 kandiatar af hug- og félagsvísindasviði, 85 af heilbrigðisvísindasviði og 75 af viðskipta- og raunvísindasviði.

Umsóknir í nám Háskólans á Akureyri næsta vetur fjölgaði um 7 prósent frá árinu í fyrra. Rétt tæplega 1.100 umsóknir bárust.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Háskólinn hefur stöðugt verið að styrkja fjarnám sitt.

MYND/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

25% afsláttur af öllum styrkleikum og pakkningastærðum

NÝTT

Nicotinell Spearmint 2mg nicotin

Lyf & heilsa við hlustum!

JIBBÍ JEI!



Fjölskylduhátíð alla helgina

LAUGARDAGUR 14. JÚNÍ

- 10-18** Frítt í öll leiktæki í göngugötu
- 12-18** Trampólín í göngugötu
- ★ **13:00** Jón Arnór töframaður sýnir á Blómatorgi
- 13:30** Lúðrasveit kemur öllum í þjóðhátíðarskap
- ★ **14:00** Siggí Hlö stýrir bingói á Blómatorgi
Glæsilegir vinningar: Hamborgaraveisla fyrir fjölskylduna á Hamborgarafabrickunni, Línuskautar frá Útilíf, Trampólín frá Hagkaup
- 15:00** Tónlistaratriði – Hreimur Örn skemmtir
- 15:00** Frítt í Sambíóin Kringlunni
Muppets Most Wanted með ensku tali
Fjörfiskarnir með íslensku tali
Ofurstrákurinn með íslensku tali
- 16:00** Salsaceland sýnir dans á Blómatorgi

SUNNUDAGUR 15. JÚNÍ

- 13-18** Frítt í öll leiktæki í göngugötu
- 13-18** Trampólín í göngugötu
- ★ **13:45** Íþróttarálfurinn og Solla stíra skemmta á Blómatorgi
- 15:00** Jón Arnór töframaður sýnir á Blómatorgi
- 15:00** Frítt í Sambíóin Kringlunni
Muppets Most Wanted með ensku tali
Fjörfiskarnir með íslensku tali
Ofurstrákurinn með íslensku tali
- 16:00** Salsaceland sýnir dans á Blómatorgi

Báða dagana:
Andlitsmálun
Blöðrur og ís fyrir káta krakka
Kaffi og súkkulaði fyrir þá fullorðnu

Kringlan

Opið
laugardag 10-18, sunnudag 13-18
Lýðveldisdaginn 17. júní lokað


AF ÖLLU HJARTA

kringlan.is
facebook.com/kringlan.is
#kringlaniceland

07.06.2013 → 13.06.2013



7,6% framhaldsskólama á Íslandi reyktu daglega árið 2013. Það er fækkun úr 21% árið 2000.



180 björgunarsveitarmenn tóku þátt í leit að tveimur konum sem týndust í Fljótshlíð á laugardag.


7.000

evrur er upphæð þess styrks sem Google veitti Helgu Guðmundsdóttur, meistaranema í tölvunarfræði, fyrir góðan námsárangur og leiðtogahefaleika.



600

sumarstarfsmenn sem sóttu um hjá Kópavogsbæ hafa hafið störf. Allir fengu vinnu hjá bænum.



400 vinnuslys verða á hverja 10.000 starfsmenn í fiskvinnslu á Íslandi. Slysum hefur fjölgað mikið frá árinu 1991.

Flutt á spítala með þyrlu: Velti bílnum við Hveravelli

SLYS Kona var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann í Reykjavík eftir bílslys við Hveravelli í gærkvöldi.

Áð sögn lögreglunnar á Blönduósi fór bíll konunnar út af veginum og valt nokkra hringi. Ekki var um árekstur að ræða.

Tvær manneskjur voru í bílnum og voru þær báðar fluttar með þyrlu til höfuðborgarinnar.

Konan sem var lögð inn á spítala hlaut höfuðáverka og að sögn Landhelgisgæslu slasaðist hún nokkuð alvarlega.



HÁSKÓLI ÍSLANDS Um fimm þúsund umsóknir um grunnám bárust skólans nú í vor.

Sífelld fleiri í tölvunarfræði:

Um 8.000 sækja um nám í HÍ

MENNTUN Háskóla Íslands bárust rúmlega átta þúsund umsóknir um grunn- og framhaldsnám fyrir komandi haustmisseri.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá skólanum í gær. Um fimm þúsund manns sækjast eftir því að hefja grunnám en um þrjú þúsund manns framhaldsnám.

Flestar umsóknir bárust Heilbrigðisvísindasviði, eða um 1.200. Þá sækja sífelld fleiri um nám í tölvunarfræði en fjöldi umsókna í þeirri grein hefur þrefaldast frá árinu 2010 og er 321 í ár.

Vinnudeilur valda skaða

Vinnudeilur flugvallarstarfsmanna, flugmanna, flugfreyja og flugvirkja hafa valdið miklum skaða, að mati aðila innan ferðapjónustunnar. Búið var að spá því að þetta sumar yrði mesta ferðamannasumar allra tíma.

FERÐAPJÓNUSTA Innan ferðapjónustunnar telja menn að vinnudeilur flugvallarstarfsmanna, flugmanna, flugfreyja og flugvirkja hafi valdið miklum skaða. Orðspor landsins sem ferðamannalands hafi beðið talsverðan hnekki.

Verulega hægði á bókunum um leið og fréttist af því að flugvirkjar ætluðu að boða verkföll. „Áður en flugmenn hófu aðgerðir fyrr í vor hættu ferðamenn að bóka viku, tíu dögum áður og það sama er uppi á teningnum núna. Menn hætta að bóka af ótta við verkfall flugvirkja,“ segir Einar Bollason, eigandi Íshesta.

Aðrir í ferðapjónustu taka í sama streng. „Það bókast mjög hægt þessa dagana,“ segir Ingibjörg Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Fjallaleiðsögumanna.

Það var búið að spá því að þetta sumar yrði mesta ferðamannasumar allra tíma. Það sem af er hefur tímabilið hins vegar einkennst af verkfallshótunum og verkföllum. Í apríl hófu flugvallarstarfsmenn aðgerðir, flugmenn hófu aðgerðir 9. maí og flugfreyjur boðu verkfall en áður en til þess kom tókust samningar. Nú eru það flugvirkjar sem standa í kjaradeilum.

„Ég ætla ekki að gera lítið úr verkfallsréttinum en ég held að hann hafi ekki verið fundinn upp til að halda heilli atvinnugrein í heljargreipum. Fámennar stéttir eru að stefna lífsafkomu þúsunda annarra í hættu,“ segir Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða.

Menn segjast eiga erfitt með að meta það tjón sem þeir hafi orðið fyrir. Einar Bollason áætlað þó að Íshestar hafi orðið fyrir 50 til 60 milljóna króna beinu tjóni. Katla Travel telur sitt tjón 40 til 50 milljónir, Íslandshotel telja að tjón þeirra nemi 30 til 40 milljónum króna og Fjallaleiðsögumenn segja



SKAÐI Um leið og flugvirkjar sem vinna hjá Icelandair tilkynntu að þeir hygðu á verkfallsaðgerðir hægði á bókunum erlendra ferðamanna. Vinnudeilur þeirra sem starfa við flug hafa einkennt vorið og menn telja að áhrifin geti orðið langvarandi.

sitt tjón hlaupa á milljónum. Samtök atvinnulífsins áætluðu í vor að þegar samgöngur til og frá landinu lömuðust vegna verkfalla flugmanna næmi heildartjónið um milljarði á dag. Tjónið sem verður á mánudag verður mun meira enda hefur það áhrif á ferðaplön 12 þúsund ferðalanga.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við voru þó sammála um að þó að fjárhagslegt tjón væri smá þá væri enn verra að trúverðugleiki landsins sem ferðamannalands hefði beðið hnekki. „Við missum trúverðugleika. Langtímaáhrifin eru verst, kostnaðurinn við að vinna trúverðugleikann til baka verður upp á hundruð milljóna króna,“ segir Kristján Daníelsson.


HAFT ÁHRIF Á UM 25 ÞÚSUND FERÐAMENN

Icelandair hefur fellt niður 65 flug félagsins mánudaginn 16. júní, vegna sólarhringsverkfalls Flugvirkjafélags Íslands, sem hefst klukkan sex um morguninn. Þetta eru öll flug Icelandair þennan dag, nema þau flug sem hefjast erlendis síðdegis 16. júní og lenda á Keflavíkurflugvelli að morgni 17. júní. Í heild hafa aðgerðirnar áhrif á ferðir um 12 þúsund farþega sem langflestir eru erlendir ferðamenn. Verkfallsaðgerðir flugstarfsmanna á vormánudum höfðu mikil áhrif, en í kringum 90 flugferðum var aflýst í aðgerðunum sem höfðu áhrif á 12 þúsund farþega. Verkföll þeirra sem starfa í tengslum við flugið hafa því haft áhrif á ferðaplön tæplega 25 þúsund ferðalanga, langflestir eru erlendir ferðamenn. Icelandair hefur orðið að fella niður rúmlega 150 flug vegna verkfallsaðgerða á þessu sumri.

Þorsteinn Þorgeirsson, framkvæmdastjóri bilaleigunnar ALP, tekur í sama streng. „Ef umræðan úti í heimi fer öll að snúast um að það sé ekki hægt að koma til Íslands vegna stöðugra verkfalla skaðar

það okkur til framtíðar. Það getur reynt erfitt að vinna ofan af slíkri umræðu. Það er enginn tilbúinn að gambla með fríin sín,“ segir Davíð Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshotela.

Veðurspá



BESTA VEÐRIÐ Á AUSTURLANDI frá morgundeginum og fram á þriðjudag að minnsta kosti enda suðlægur áttir í kortunum með vætu sunnan og vestan til.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Krít 3. júlí Flugsætið aðeins 69.900 kr. Örfá sæti laus

Tilboðsverð á mann frá 99.900 kr.
 m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2ja til og með 11 ára.
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna 119.900 kr. Flugsæti 69.900 kr.
 Innifalið: Flug og gisting á Sunset Suites í 11 nætur.

Skráðu þig í netkúbbinn - VITA.is
 VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444

GARÐA DAGAR

BRJÁLUÐ TILBOÐ!

ÖLL SUMARBLÓM
20%
afsláttur

GARÐLEIKFÖNG
20%
afsláttur

HEKK- OG GREINAKLIPPUR
25%
afsláttur



TILBOÐ
7.990 kr
9.990

Garðstóll Formentor
Staflanlegur, ál/weatherTex
3899137



TILBOÐ
5.900 kr
7.980

Garðstóll Kingsbury
Saman-brjótanlegur
3899087



Sláttuorfi
15.995 kr
Ikra bensínorfi

Orfi
XL25T, Tvívegismotor 25CC.
Bogið skaft. Slær 43 cm. 2 mm lína.
5086606



Háprýstidæla
14.995 kr
19.995

Háprýstidæla
C110.4-5 X-TRA
110 bar, 1400W, 5m slanga. 440ltr/klst.
5254233



JOTUN
PALLAOLÍA 3 ltr.
2.385kr
verð áður 3.295

Ódýrara lítraverð
**Aðeins
795
kr/ltr**



Author Trophy 26"
Gírar: 18
3899987

TILBOÐ
26.900 kr
32.900



Broil King
Great Barbacues Every Time
Gasgrill Broil King
Royal 320
3 ryðfrír brennarar:
Dual Tube 8,8 kW/h
Grillflötur: 38 x 67 cm.
Hitamælir í loki
3000604

HM TILBOÐ
56.900 kr
65.900

blómaval

HÚSAMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Costa del Sol

Aguamarina

Frá kr. 62.200 án fæðis



Netverð á mann frá kr. 62.200 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 94.600 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
26. júní í 11 nætur.

Roc Costa Park

Frá kr. 83.900 m/allt innifalið



Netverð á mann frá kr. 83.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 115.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
26. júní í 11 nætur.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir



UMFANGSMIKIL LEIT Þyrla Landhelgisgæslunnar á flugi í leit að íslenski konu sem týndist um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eftir 12 tíma leit fer útlitið að verða svart

Árangurslaus leit að týndu fólki í langan tíma getur reynst björgunarsveitarfólki andlega erfið. Reyndur björgunarsveitarmaður segir leit oftast ljúka á átta tímum.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

„Ef við erum ekki búin að finna neitt eftir tólf tíma fer að læðast um mann vond tilfinning,“ segir Þorsteinn Þorkelsson, björgunarsveitarmaður til þrjátíu ára. „Nú-tíu prósentum leita lýkur á innan við sex til átta tímum en ef aðgerðarloturnar eru kannski orðnar þrjár eða fjórar þá fer hugurinn að plaga mann. Í sjálfu sér ber síðan alltaf að taka ákvörðun, fyrr eða síðar, um að hætta leit. Það er samt bara gert ef við teljum okkur hafa fullklárað allar forsendur sem liggja fyrir við leitina.“

Tækni björgunarsveitanna hefur fleytt fram á síðastliðnum árum og nú heyrir það sögunni til að leitar-svæði sé stækkað umfram það sem eðlilegt getur talist. „Við reynum að

vera mjög fræðileg í þessu og erum að nota rannsóknir, meðal annars að utan, um hversu langt ákveðnir hópar fólks geta farið. Það er það sem stjórnar því hversu stórt leitar-svæðið er. Ef við værum alltaf að stækka leitar-svæðin eins og var gert í gamla daga þá gætum við endað með því að leita um allt landið,“ segir Þorsteinn. „Þegar við hefjum leitaradgerð búum við til svipmyndir. Ókei, hér er týnd manneskja, hvað gæti hún hafa gert? Gæti hún hafa farið í einhverja ákveðna átt? Eru einhverjar vísbendingar?“

Eftir þrjátíu ár í starfi hefur Þorsteinn margoft komið að leit. Hann segir að í heildina beri kannski tíunda hver leit ekki árangur. Sjó-slys og tilvik þar sem fólk gengur sjálft í sjóinn skekki þó tölurnar. „Leit að fólki á landi, sem hefur ekki farið í sjóinn heldur bara gufar upp, er sjaldgæfari. Ég myndi segja að á



→ Leit er leyndardómur, þú ert að leita að einhverjum sem er týndur og vilt finna hann svo að þetta er vond tilfinning.

Þorsteinn Þorkelsson, björgunarsveitarmaður.

þriggja ára fresti kæmi upp dæmi þar sem umfangsmikil leit á landi skilar ekki árangri.“

Erfið leit getur tekið á andlegu hliðina. Þorsteinn nefnir sérstaklega leit að rjúpnaskyttu á Skálda-búðaheidi árið 2008 sem og leit að tveimur drengjum í Keflavík árið 1994. „Það eru þessi tvö skipti sem eru mér efst í huga og hafa haft mest áhrif á mig.“

LEITA AFTUR Á SVÆÐINU



Hátt í tvö hundruð björgunarsveitarmenn leita nú íslenskrar konu sem saknað hefur verið frá því um síðustu helgi. Konan fór í göngu frá sumarþústað í Fljótshlíð með spænskri vinkonu sinni sem fannst látin í Bleiksárgljúfri á þriðjudag. Björgunarsveitir höfðu gefið það út að fullleitað væri í gljúfrinu en nú er verið að finkemba svæðið að nýju. Atli Árdal, varðstjóri hjá lögreglunni á Hvolsvelli, segir engar nýjar vísbendingar hafa fundist. „Það er bara verið að leita aftur á svæðinu. Við tökum svæðin bara enn betur.“ Búið er að athuga hvort konan hafi farið úr landi en ekkert bendir til þess. Fót konunnar fundust við Bleiksárgljúfur svo gengið er út frá því að hún sé fáklaedd. Fótspor eftir berfætta manneskju fundust um þremur kílómetrum austan við gljúfrið en ekki hefur verið úr því skorið hvort sporin eru eftir konuna eða ekki.

HURFU SPORLAUST

Matthias Hinz og Thomas Grundt, Þýskalandi
Hurfu á Svínafellsjökli við Skaftafell árið 2007

Tveir þýskir ferðamenn, Matthias Hinz og Thomas Grundt. Menirnir tveir voru taldir af þegar leit hafði staðið yfir í rúmlega viku við mjög erfiðar aðstæður. „Þeir fóru á svæði sem enginn maður fer um. Það er búið að finna ákveðnar upplýsingar um þá en það er svo hættulegt að komast að svæðinu að það er ekki á menn leggjandi að fara og finna þá,“ segir Þorsteinn Þorkelsson, þrautreyndur björgunarsveitarmaður. Tjöld mannanna fundust á jöklinum og í þeim miklar matarbirgðir auk þess sem handskrifadur miði gaf til kynna hvenær þeir hefðu horfið.



Nathan Foley-Mendelssohn Bandaríkjunum
Hvarf við Landmannalaugar 2013

Fannst aldrei þrátt fyrir að tæplega tvö hundruð björgunarsveitarmenn leituðu hans við Landmannalaugar í fyrra. Nathan var búinn til þriggja daga göngu en veður á svæðinu hafði verið slæmt. Hann hafði ætlað að ganga Lauga-veginn úr Landmannalaugum að Skógum undir Eyjafjöllum sem er vinsæl gönguleið. Aðstandendur Nathans leigðu meðal annars þyrlu til að hjálpa við leitina sem þó bar ekki árangur. Nathan hafði ekki skrifað í gestabækur í göngu-skálum á svæðinu og tjald hans fannst aldrei. Það er engu líkara en hann hafi horfið af yfirborði jarðar.

Matthías Þórarinnsson Íslandi
Enginn veit hvar og hvenær hann hvarf



Eitt dularfyllsta mannhvarf síðustu ára er hvarf hins 21 árs gamla Matthíasar Þórarinnssonar sem lýst var eftir í janúar árið 2011. Þá hafði ekki spurst til hans um nokkra hríð. Rússajeppi Matthíasar fannst brunninn við Esjurætur en allar eigur höfðu verið fjarlægðar úr honum áður. Þá sást til Matthíasar á upptökum nokkurra eftirlitsmyndavéla á Suðurlandi en síðan þá er eins og jörðin hafi gleypt hann. Móðir Matthíasar sagði frá því í fjölmiðlum að hana dreymdi að sonur hennar kæmi heim. Hann hefði líklega farið upp í fjöll og líkt eftir lífi frumbyggja í Ástralíu. Hún lýsti honum sem sveimhuga og sagði meðal annars: „Ég hugsaði að hann sé bara frá annarri plánetu.“

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Við þú að...
börn eiga rétt á læknisástoð
og heilbrigðisþjónustu.



GÓÐAN OG BLESSAÐAN SKODA-DAGINN!



Í dag höldum við SKODA-daginn hátíðlegan frá kl. 12 til 16

Fullkomin uppskrift að SKODA-góðum laugardegi:

- Reynsluakstur á liprum SKODA
- Glæsilegt úrval SKODA-bifreiða til að skoða
- Pylsur, gos og blöðrur fyrir alla

SKODA-bifreiðar eru þekktar fyrir sparneytni og lága bilanatíðni. Það þekkja hinir fjölmörgu SKODA-eigendur á Íslandi best.

NÝR OG ENDURBÆTTUR YETI

Komdu og reynsluaktu Yeti Outdoor

Skoðaðu endurbættan Yeti sem sífellt kemur á óvart með skemmtilegum eiginleikum.



Komdu og eigðu góðan SKODA-dag með okkur!



Dettur þú í
lukkupottinn?

Reynsluaktu SKODA
og þú gætir
haft heppnina
með þér.

Glæsilegt úrval
SKODA-bifreiða
til að skoða og
reynsluaka

Lögregla í viðbragðsstöðu: Bannar merki Hells Angels

NOREGUR Búist er við hundruðum gesta, meðal annars frá Litháen, Hollandi, Póllandi, Þýskalandi og Norðurlöndum, til hátíðarhalda í tilefni af 15 ára afmæli norsks klúbbs Vítisengla, Hells Angels, í Hamar í Noregi nú um helgina.

Í frétt á vef norska ríkisútvarpsins segir að Vítisenglum sé bannað að vera í klæðum samtakanna á vissum stöðum. Það þýðir meðal annars að þeir mega ekki láta sjá sig í vestum með merki samtakanna á bakinu í miðbæ Hamar.

- ibs

Sveitarfélag í Finnlandi: 50 evrur fyrir nýtt móðurmál

FINNLAND Sveitarfélagið Pello í Finnlandi ætlar að greiða fyrstu 300 íbúunum sem taka upp saksu sem móðurmál 50 evrur.

Tilgangurinn er að tryggja samvinnu í heilbrigðismálum við Övertorneå í Svíþjóð.

Sveitarfélögin hafa um árabil skipst á að manna læknavaktir um helgar. Skipti ekki að minnsta kosti átta prósent íbúanna um móðurmál, þannig að sveitarfélagið verði tvítýngt, lýkur samvinnunni.

- ibs



Segir aðgerð lögreglu í Hraunbæ ekki refsiverða

Ríkissaksóknari hefur lokið rannsókn sinni á atburðunum í Hraunbæ í fyrra. Ekkert bendir til refsiverðrar háttsemi. Í skýrslu lásasmiðs segir að lögreglan hafi ekki nefnt við hann að Sævar væri hugsanlega vopnaður byssu.

LÖGREGLUMÁL Rannsókn Ríkissaksóknara á aðgerðum lögreglu í skotárásinni í Hraunbæ í desember síðastliðnum segir ekkert benda til refsiverðrar háttsemi lögreglumanna. Sævar Rafn Jónasson, íbúi í fjölbýlishúsinu við Hraunbæ 20, lét lífið vegna skotsára sem hann hlaut í átökunum.

Lögregla var kölluð á vettvang aðfaranótt 2. desember í fyrra vegna tilkynningar nágranna um hávaðasama tónlist úr íbúð Sævars, auk þess sem hár hvellur hafði heyrst þaðan. Í greinargerð Ríkissaksóknara kemur fram að nágranninn gaf lögreglu upp nafn annars manns og var því nafni flett upp í upplýsingakerfum lögreglu. Sá maður var ekki skráður fyrir skotvopni og ekkert brot skráð á hann í málaskrá lögreglu.

Hefði nafni Sævars hins vegar verið flett upp, hefðu upplýsingar legið fyrir um að hann hlaut fangelsisdóm í Noregi árið 1986 fyrir að reyna að skjóta lögreglumann með skammbyssu.

Í greinargerðinni segir einnig að varðandi upphafsáðgerðir lögreglu hafi Ríkissaksóknari fyrst og fremst skoðað atriði sem sneru að aðkomu lásasmiðs sem kallaður var til.

Í skýrslu lásasmiðsins segir að lögregla hafi ekki nefnt við hann að Sævar væri hugsanlega vopnaður byssu og að lásasmiðurinn hafi

→ Hefði nafni Sævars verið flett upp, hefðu upplýsingar legið fyrir um að hann hlaut fangelsisdóm í Noregi árið 1986 fyrir að reyna að skjóta lögreglumann með skammbyssu.

ekki verið klæddur í skothelt vesti. Þó er tekið fram í greinargerðinni að lögreglan taldi að Sævar væri látinn, en reynt hafði verið að ná sambandi við hann í um korter áður en lásasmiðurinn kom á staðinn.

Sævar hóf strax að skjóta á lögreglu þegar opnað var inn í íbúðina. Því er lýst í skýrslum lögreglumanna að þeir hafi ítrekað kallað til Sævars að leggja niður vopnið og ræða við þá. Eftir að gasvopnum var beitt án árangurs fóru sérsvaitarmenn inn í íbúðina.

Lögregla hleypti af fjórum skotum inni í íbúðinni eftir að Sævar hóf skothríf úr svefnherbergi sínu. Öll fjögur skotin komu úr sömu byssunni og hæfðu tvö þeirra Sævar. Þau eru talin eiga jafnan hlut í því að draga hann til dauða.

Samkvæmt greinargerðinni telur Ríkissaksóknari að lögregla hefði ekki getað beitt vægari vörn um við skotum Sævars og að verkið sé því refsilaust. bjarkia@frettabladid.is



HRAUNBÆR Lögreglan að störfum í Hraunbæ í desember í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Samningamenn voru ekki kallaðir til

Athygli vekur að á engum tímamarki áður en Sævar lést voru kallaðir til sérþjálfaðir samningamenn sem teljast til sérsvaitar lögreglu. Yfirmenn sérsvaitar sögðu við rannsókn á málinu að tilgangslaust hefði verið að virkja samningamennina þar sem ekki reyndist unnt að ná sambandi við Sævar, hvorki með símhringingum né með því að kalla til hans.

Einnig var farið yfir það í skýrslutökum af stjórnendum sérsvaitar í stjórnstöð hvort rétt hefði verið að kalla til aðra sérfræðinga í viðtals-tækni, geðlækna eða sálfræðinga. Í greinargerðinni segir að Ríkissaksóknari telji „hverfandi líkur“ á því að hægt hefði verið að kalla til slíka sérfræðinga.

Lögregla hafi fyrir það fyrsta ekki haft upplýsingar um það að Sævar ætti við andleg veikindi að stríða. Þá hafi ekki verið raunhæfur kostur að reyna að ná sambandi við Sævar með gjallarhorni fyrir utan húsið í ljósi þess að hann hafi tvívegis skotið í áttina að þeim sérsvaitarmönnum sem skutu inn gasflaugum af bifreiðastæðinu fyrir framan íbúðina.

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

landrover.is



ABOVE AND BEYOND



ÞAÐ ER KOMINN NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

210 hestafla dísilvél, 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýri og loftþúðafjöðrun með Terrain Response drifbúnaði á öllum hjólum gera Land Rover Discovery 4 að einum öflugasta og þægilegasta jeppa sem völ er á. Meðal nýjunga er nýr framendi með nýjum aðalljósum, breytt afturljós, start/stopp ræsibúnaður og Meridian 380W hljómtækni.

Discovery 4 S – verð frá: 11.890.000 kr.
Eldsneytisnotkun 8,8 l/100 km* í blönduðum akstri.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á www.landrover.is

B|L

VIÐ STEFNUM Á KVENNAHLAUPIÐ



LAUGARDAGINN 14. JÚNÍ



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
14. JÚNÍ 2014

Konur eru konum bestar

Hlaupið er á eftirtöldum stöðum:

Reykjanesbær: Hlaupið frá Húsinu okkar, Hringbraut 108, Keflavík kl. 11.

Sandgerði: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Garður: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Grindavík: Hlaupið frá Sundlaug Grindavíkur kl. 11.

Vogar: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Garðabær: Hlaupið frá Garðatorgi kl. 14. Upphitun hefst kl. 13.30.

Viðey: Hlaupið frá Viðeyjarstofu kl. 10.30.

Mosfellsbær: Hlaupið frá Varmárvelli kl. 11.

Kjós: Hlaupið frá Kaffi Kjós v/ Meðalfellsvatn kl. 14.

Akranes: Hlaupið frá Akratorgi kl. 10.30.

Hvalfjarðarsveit: Hlaupið frá Heiðarborg í Hvalfjarðarsveit kl. 10.30.

Borgarnes: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Hvanneyri: Hlaupið frá Sverrisvelli á Hvanneyri kl. 11.

Reykholt: Hlaupið frá Fosshótel Reykholti kl. 11.15.

Stykkishólmur: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Grundarfjörður: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 14.

Snæfellsbær: Hlaupið frá Sjómannagarðinum í Ólafsvík kl. 11.

Hellissandur: Hlaupið frá N1 Hellisandi kl. 11.

Staðarsveit: Hlaupið frá Lýsuhólsskóla kl. 11.

Búðardalur: Hlaupið frá Leifsbúð kl. 11.

Reykhólahreppur: Hlaupið frá Grettislaug á Reykhólum kl. 11.

Ísafjörður: Hlaupið frá Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11.

Bolungarvík: Hlaupið frá Hrafnakletti kl. 11.

Súðavík: Hlaupið frá Gamla pósthúsinu kl. 11.

Flateyri: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 11.

Suðureyri: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 11.

Patreksfjörður: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni Bröttuhlíð kl. 11.

Bardaströnd: Hlaupið frá Birkimel kl. 20.

Pingeyri: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni Pingeyrarodda kl. 11.

Borðeyri: Hlaupið frá Tangahúsinu kl. 13.

Hólmavík: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Drangnes: Hlaupið frá Fiskvinnslunni Dranga kl. 11.

Hvammstangi: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Blönduós: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Skagatrönd: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 11.

Sauðárkrúkur: Hlaupið frá Sundlauginni **15. júní** kl. 11.

Hólar: Hlaupið frá háskóla-byggingunni á Hólum kl. 10.30.

Varmahlíð: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 11.

Hofsós: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 11.

Síglufjörður: Hlaupið frá Kaffi Rauðku kl. 11.

Akureyri: Hlaupið frá Ráðhústorginu kl. 11.

Eyjafjarðarsveit: Hlaupið frá Hrafnagilsskóla kl. 11.

Grenivík: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 10.

Dalvík: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 10.30.

Ólafsfjörður: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Hrísey: Hlaupið frá Júllabúð kl. 13.

Húsavík: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 11.

Laugar: Hlaupið frá Húsmæðraskólanum á Laugum kl. 10.

Mývatn: Hlaupið frá Jarðböðunum kl. 11.

Kópasker: Hlaupið frá Heilsugæslustöðinni kl. 11.

Raufarhöfn: Hlaupið frá Íþróttahúsinu Skólabraut kl. 11.

Pórshöfn: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Vopnafjörður: Hlaupið frá Einherjavellinum kl. 11. Mæting 10.30.

Egilstaðir: Hlaupið frá Tjarnargarðinum kl. 11.

Seyðisfjörður: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 10.30.

Borgarfjörður Eystri: Hlaupið frá Fjarðaborg kl. 13.

Reyðarfjörður: Hlaupið frá Andapollinum kl. 11.

Eskifjörður: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 11.

Neskaupstaður: Hlaupið frá Kaffihúsinu Nesbæ kl. 11.

Fáskrúðsfjörður: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 10.

Stöðvarfjörður: Hlaupið frá Brekkunni kl. 11.

Breiðdalsvík: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 11.

Djúpivogur: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Höfn: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 11.

Skaftafell: Hlaupið frá Skaftafellsstofu kl. 15.

Selfoss: Hlaupið frá Byko í Langholti kl. 11.

Sólheimar: Hlaupið frá Grænu Könnunni kl. 11.

Hraunborgir: Hlaupið frá Þjónustumiðstöðinni kl. 11.

Hveragerði: Hlaupið frá Sundlauginni Laugaskarði kl. 14.

Ölfus: Gengið **19. júní** frá Kirkjuferju kl. 18.

Porlákshöfn: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 12.

Eyrbakkir: Hlaupið frá Rauða húsinu kl. 11.

Stokkseyri: Hlaupið frá Sundlauginni kl. 11.

Úthlíð: Hlaupið frá Réttinni kl. 11.

Laugarvatn: Hlaupið frá Héraðsskólanum kl. 13.

Flúðir: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 11.

Hella: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 11.

Þykkvibær: Hlaupið frá Íþróttahúsinu **17. júní** kl. 11.

Hvolsvöllur: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 11.

Seljalandsfoss: Hlaupið frá Seljalandsfossi kl. 13.

Vík: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Kirkjubæjarklaustur: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11.

Vestmannaeyjar: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 12.

Hægt er að greiða þátttökugjaldið á hlaupastað áður en hlaupið hefst.

Munið að mæta tímanlega.

Þátttökugjald:
12 ára og yngri 1.000 kr.
13 ára og eldri 1.500 kr.

Nánari upplýsingar á kvennahlaup.is



Kristall



SJÓVÁ

KIRKJUR ÍSLANDS



Í tilefni útkomu 23. bindis í ritröðinni Kirkjur Íslands býður Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Biskupsstofa og Hið íslenska bókmenntafélag til málstofu og opunar sýningar í **Hótel Eddu Skógum föstudaginn 20. júní kl. 16.00.**



Hið íslenska bókmenntafélag

Aukin ýsuveiði ekki líkleg næsta áratug

Gögn Hafrannsóknastofnunar benda til að ýsuveiði verði í sögulegri lægð næstu árin. Smábátasjómenn segja upplifun sína á skjön við rannsóknir og spár. Með sama áframhaldi verður kvótinn 2017 fjórðungur þess sem hann var 2004-2008.

SJÁVARÚTVEGUR Vegna lélegrar nýliðunar í ýsu er fyrirsjáanlegt að áratugur muni líða áður en hagsmunaaðilar geta gert sér vonir um auknar aflaheimildir frá því sem nú er. Síðasti góði árgangurinn, sem ýsuveiðin byggir á í dag, stendur vart undir veiði lengur en næstu tvö til þrjú ár.

Þetta kemur skýrt fram í gögnunum Hafrannsóknastofnunar, en niðurstöður um ástand fiskistofna og aflahorfur fiskveiðiárið 2014/2015 voru kynntar á fimmtudag.

Ýsuveiðin eftir 2016 mun alfarið byggja á árgöngum frá 2005 sem allir hafa verið litlir, og síðustu sex árgangar eru sérstakt áhyggjuefni. Komi upp sterkur árgangur á næstu árum skiptir það heldur ekki máli hvað veiði varðar fyrr en komið er inn á næsta áratug, en nýr árgangur fer fyrst að telja í veiði eftir þrjú til fjögur ár.

Þegar stærð viðmiðunarstofns ýsu er skoðuð og framreikningar Hafrannsóknastofnunar til ársins 2017 sést að afli verður það ár vart meiri en 25.000 tonn, verði aflareglu í tegundinni fylgt. Það er um fjórðungur ýsuafllans fiskveiðiárin frá 2004 til 2008. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir næsta fiskveiðiár er rúmlega 30.000 tonn, um 8.000 tonn minni en í fyrra.

Í því samhengi er þess skemmt að minnst að forsvarsmenn Landsambands smábátæigenda (LS) gengu á fund atvinnuálanefndar Alþingis fyrr á þessu ári og kröfðust þess að ýsukvótinn yrði aukinn um 5.000 tonn enda fyrirséð að óbreyttu að sjómenn þyrftu að leggja bátum sínum vegna skorts á veiðiheimildum.



VIÐ BRYGGJU Línuveiðar eru ógerlegar án aflaheimilda í ýsu, en hún veiðist í stórum stíl við þorskveiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÖBERT



Þó nokkur hópur sjómanna mun neyðast til að binda bátana sína og snúa sér að öðru.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS

binda bátana sína og snúa sér að öðru," segir Örn og bætir við að niðurstöður Hafró komi alls ekki heim og saman við upplifun sjómanna á miðunum. „En á ábendingar okkar hefur ekki verið hlustað, hvorki af ráðherra né öðrum.“

svavar@frettabladid.is



ÁTAKA-SVÆÐI Íbúi Mariupol hjólar fram hjá skriðdreka eftir átökin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm létust í átökum í borginni Mariupol í gær:

Aðskilnaðarsinnar tapa vígi í Úkraínu

ÚKRAÍNA Stjórnvöld í Úkraínu náðu í gær yfirráðum í hafnarborginni Mariupol í austurhluta landsins eftir átök við aðskilnaðarsinna. Innanríkisráðherra landsins, Arseníj Avakoff, sagði í gær að öryggissveitir ríkisstjórnarinnar hefðu nú fulla stjórn á höfuðvígum aðskilnaðarsinna í borginni.

BBC greinir frá. Hundruð manna hafa látið lífið í átökum síðan skæruliðar, fylgjandi innlimin austurhluta Úkraínu í Rússlandi, stóðu fyrir umdeildri þjóðaratkvæðagreiðslu á svæðinu og lýstu yfir sjálfstæði í kjölfarið. Samkvæmt fyrstu fréttum

féllu fimm aðskilnaðarsinnar í átökunum í gær og að minnsta kosti fjórir úr liði stjórnvalda slösuðust. Lítið er á aðgerðina sem sigur fyrir úkraínsk stjórnvöld en þess ber að geta að oft hefur verið barist um Mariupol og ekki er útilokað að aðskilnaðarsinnar nái henni á vald sitt aftur.

Annars staðar í austurhluta Úkraínu hafa uppreisnarmenn tilkynnt að þeir búi nú yfir þremur skriðdrekum. Stjórnvöld í Úkraínu segja að þeir hafi komið til landsins frá Rússlandi, en ríkisstjórn Rússlands neitar þeim ásökunum.

-bá

Flottar útskriftargjafir – okkar hönnun og smíði



JÓN & ÓSKAR

Sími 552 4910 | jonogoskar.is | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

FIND **NEW** ROADS™



FÁÐU MEIRA

SJÁÐU MEIRA



CRUZE
2.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BEINSKIPTUR

SUMARBÓNUS
CHEVROLET FYLGIR
ÖLLUM NÝJUM
BÍLUM

FÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN

Chevrolet bílar eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

SJÁÐU MEIRA Í SUMARFRÍINU

Það er fátt notalegra en að ferðast um í rúmgóðum Chevrolet Cruze og fræðast um þær slóðir sem farið er um hverju sinni. Til að toppa upplifunina er svo er algjör snilld að slá upp grillveislu fyrir ferðafélagana þegar komið er á áfangastað.



Öllum nýjum Chevrolet bílum fylgir Char Broil ferðagasgrill frá Rekstrarlandi og ferðahandbók að eigin vali* frá Forlaginu.

*Þú velur á milli eftirfarandi titla: FerðaAtlas, 155 Ísland, Fjallabókin, Íslenskur fuglavísir, Íslensk fjöll og Íslenska fjallahandbókin.

**Bílasýning í
Reykjanesbæ í dag
frá kl. 11:00 til 16:00**

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bilhitá
Benna
Sérfræðingar í bílum

PIPARTEWA - SÍA



Vinur við veginn

Grillum í allt sumar með gasi frá Olís

Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!



Fasteignamat 2015



Hægt er að skoða matið á:

- Ísland.is
- Skrá.is

Frestur til athugasemda er til 1. nóvember 2014.

Fasteignaeigendur geta fengið matið sent í bréfpósti með því að hringja í 515 5300. Frekari upplýsingar er að finna á Skrá.is.

PI 04062015 FRS

Borgarstjóri segir af sér eftir lausn úr stofufangelsi:

Spilling í Feneýjum

FENEYJAR, AP Giorgio Orsoni, borgarstjóri Feneýja, sagði af sér í gær, einum degi eftir að honum var sleppt úr stofufangelsi. Hann var handtekinn í síðustu viku ásamt rúmlega þrjátíu öðrum í tengslum við rannsókn á spillingu innan borgarinnar.

Margir í borgarráði Feneýja kölluðu eftir afsögn Orsonis eftir handtöku hans, en hann er grunaður um að hafa tekið við mútum frá fyrirtæki sem sér um að byggja flóðvarnir í borginni. Orsoni gagnrýndi flokksfélaga sína í Demókrataflokknum fyrir lítinn stuðning.

- bá



GIORGIO ORSONI Borgarstjórinn hefur verið harðlega gagnrýndur af flokksfélögum sínum í kjölfar handtökunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



MEÐ VINUNUM

Björn eignaðist marga góða vini í skólanum, bæði stelpur og stráka. Hann gekk í 12. bekk sem er útskriftarárgangur menntaskólans en í Indónesíu fara ungmennti í háskóla á átjándu ári.

MYND/BJÖRN LEVÍ

Engar öfgar hjá múslimum

Björn Leví Óskarsson var skiptinemi í Indónesíu í eitt ár og átti fjölskyldu og vini sem eru múslimar. Hann furðar sig á neikvæðri umræðu á Íslandi undanfarið.

SAMFÉLAGSMÁL Björn Leví Óskarsson fór til Indónesíu 17 ára gamall sem skiptinemi og kom heim eftir ársdvöl síðastliðið haust. Hann ákvað að fara eins langt og hann kæmist, landfræðilega og menningarlega.

„Ég bjó hjá múslimskri fjölskyldu og allir krakkarnir í skólanum voru múslimar. Það kom mér mest á óvart að það er eiginlega erfitt að segja hvernig það er að búa með múslimum. Það kom bara voða lítið á óvart, var í raun eins og að búa með hverri annarri fjölskyldu.“

Björn segist ekki hafa fundið fyrir neinum öfgum. Indónesía sé sett saman af alls konar menningu og fólk sé mjög umburðarlynt gagnvart trúarbrögðum annarra. Þannig geta kristnir, sem eru í minnihluta, og múslimar vel verið vinir og hann hafi ekki fundið fyrir neinum aðskilnaði þar á milli.

„Ég fann fyrst og fremst að fjölskylda mín úti og vinir eru mun trúaðri en við á Íslandi. Þau biðja bænir reglulega yfir daginn og ég lærði að biðja með þeim sem var bara hugguleg stund. Það að fjölskyldan vaknaði klukkan fimm á morgnana til að biðja og það að konur séu með slæðu yfir hausinn vandast á fáeinum dögum. Þannig að menningar-sjokkið sem slíkt var ekki neitt.“

Það kom bara voða lítið á óvart, var í raun eins og að búa með hverri annarri fjölskyldu.

Björn Leví Óskarsson, fyrrverandi skiptinemi í Indónesíu.

Það sem Birni fannst jákvætt voru falleg og heilbrigð samskipti milli kynjanna og samverustundir fjölskyldunnar.

„Þau drekka ekki áfengi og það breytir ýmsu. Það er lítið um kærustupör eða kynlíf fyrir giftingu en stelpur og strákar hanga saman og eru góðir vinir. Fjölskyldan mín fór líka oft á laugar-dagskvöldum öll saman á tónleika eða einhvern viðburð í bænum og voru að skemmta sér fram á nótt. Allir edru að sjálfsögðu.“

Björn er orðlaus yfir umræðunni á Íslandi síðustu vikur. „Ég sé ekki vandamálið sem fólk er að búa til. Vandamálið verður fyrst til þegar við komum fram við aðra af virðingarleysi. Við ættum að vera jákvæðari og fagna fjölbreytileikanum,“ segir hann að lokum og bætir við að hann hafi allavega ekki kosið Framsóknarflokkinn í borgarstjórnarkosningunum.

erlabjorg@frettabladid.is

Komið til móts við umræðu um múslima

Síðastliðið haust ákvað stjórn AFS-samtakanna að veita nemum sem fara til landa þar sem hluti þjóðar er múslimatruar 500 þúsund króna styrk, sem er þriðjungur heildarkostnaðar.

Formaður AFS, Ragnar Þorvarðarson, segir að í kjölfarið hafi áhuginn á þeim löndum sem voru í boði, Indónesíu, Malasíu og Taílandi, aukist mikið og þrjú nemar fóru í fyrra.

Samtökin endurtaka leikinn fyrir næsta vetur og vill stjórnin með því hvetja ungt fólk til að kynna sér nýja menningu og um leið koma til móts við umræðu um múslima sem byggi stundum á reynsluleysi og röngum upplýsingum.

5
ARA
Ábyrgð
Ótakmarkaður
Akstur
5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur



Hyundai ix35
Vandaður fram- eða fjórhjóladrifinn
Verð frá: 4.490.000 kr.



Hyundai i30
Sparneytinn með dísilvél
Verð: 3.290.000 kr. dísil, beinskiptur



Hyundai i10
Nýr Hyundai i10 4G Wi-Fi
Verð frá: 1.990.000 kr.

Nýi bíllinn er Hyundai

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
í Kaptún 1 - beint á móti IKEA



Kaupauki!

Nýr iPad
Mini fylgir
öllum nýjum
Hyundai i10



TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt 50" Samsung Smart sjónvarp.



Opið í dag frá 12-16



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Hyundai - Kaptún 1 - Beint á móti IKEA - Sími: 575 1200
www.hyundai.is - www.facebook.com/hyundai.is

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

F furninova

NÝTT
20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR



PETITO 4RA SÆTA SÓFI

Stærð: 248 x 102 H 82 cm.

100% bómullaráklæði. Dúnfylling í baki og sessum.
Einnig til 2ja og 3ja sæta

247.990

FULLT VERÐ: 309.990

MIKIÐ ÚRVAL
AF LJÓSUM FRÁ
NIELSEN
LIGHT



NÝ
SENDING
FRÁ NIELSEN
LIGHT



NÝTT
20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR

LONDON 3RA SÆTA BOGADREGINN SÓFI

239.990

FULLT VERÐ: 299.990

Stærð: 233 x 112 H 85 cm.

100% bómullaráklæði. Dúnfylling í baki og sessum.
Einnig til 2ja og 3ja sæta venjulegur.

MELBOURNE SVEFNSÓFI MEÐ TUNGU



Rúmfatageymsla í tungu.

169.990

FULLT VERÐ: 199.990

MELBOURNE Svefnsófi Stærð: 243x170 H:70 cm.
Slitsterkt áklæði. Litir: Svargrár, grænn og rauður.
Vinstri og hægri tunga.



ALICIA
SVEFNSÓFINN
KOMINN
AFTUR

ALICIA SVEFNSÓFI

119.990

FULLT VERÐ: 139.990



ALICIA Svefnsófi B 163 D 83 H 78 cm. Dýnstærð 147x197 cm. Slitsterkt áklæði. Litir: Rautt, svart, grænt, og blómamunstur.



NÝTT
20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR



S&P
Salt&Pepper

NÝTT
20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

VIÐ ELSKUM LAUGARDAGA
MJÓLKURSAMSALAN

VERÐUR MEÐ KYNNINGU Á GÓMSÆTUM
MYGLUOSTUM ÚR DÖLUNUM. KYNNTIR VERÐA
OSTARNIR LJÓTUR, DALA-AUÐUR OG DALA KASTALI.
EINNIG LÉTTAR VEIGAR FRÁ MEKKA Á LAUGAR-
DAG Á MILLI KL. 13⁰⁰ OG 16⁰⁰

LYFTUM OKKUR
UPP!



HÚSGAGNAHÖLLIN

- fyrir lifandi heimili -



Reykingar bannaðar:

Niðurgreitt nikótín

Það eru þrefalt meiri líkur á því að fátækt fólk reyki en efnameira. Sömu sögu er að segja um fólk með grunnskólapróf, fleiri þeirra reykja en þeir sem eru með háskólapróf. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem kynnt var undir heitinu Heilsa og líðan Íslendinga 2012. Þar kemur einnig fram augljós munur á milli landshluta og samkvæmt rannsókninni er mest reykt á Suðurnesjum, eins og við sögðum frá á forsíðu Fréttablaðsins í gær.

Síðustu áratugi hefur reykingafólki fækkað mikið. Enn reykja þó um þrjátíu og sex þúsund Íslendingar en nýliðun í hópi reykingamanna fer minnkandi með hverju árinu. Þannig reykту um tveir af hverjum tíu framhaldsskólanemum árið 2000 en í dag reykja aðeins 7,6 prósent framhaldsskólanema. Allt reykingafólk þjáist af alvarlegum fíknisjúkdómi sem dregur fleiri til dauða í heiminum en alnæmi, ofneysla lyfja, umferðarslys og sjálfsvíg samanlagt.

Algennt verð á sígarettu-pakka er um 1.200 krónur og reykingamanneskja sem brennir pakka á dag eyðir 36 þúsund krónum á mánuði til að sinna fíkn sinni. Það gera yfir 400 þúsund krónur á ári sem er há upphæð; sérstaklega þegar lítið er til þess að það fólk reykir mest sem hefur hvað minnst á milli handanna. Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Landlækniseimbættinu, bendir á að í Danmörku „hefur til dæmis eitt sveitarfélag boðið þeim sem eru með minni menntun, lægri tekjur, atvinnulausum og öðrum ákveðnum hópum sérstök úrræði eins og einstaklingsmiðaða meðferð og niðurgreiðslu á nikótínlyfjum“.

Við eigum að sjálfsgöða að niðurgreiða lyf fyrir nikótínfíkla og koma fram við þennan stærsta sjúklingahóp á Íslandi eins og aðra sjúklinga. Mjög erfitt er að ná bata frá tóbaksfíkn og flestir sem hætta gera það með hjálp nikótínjafa á borð við tyggjó og plástra. Þessi lyf eru dýr en það hefur líka verið reiknað út að ef reykingafólk ætti eitt að bera kostnaðinn sem fellur á samfélagið allt vegna fíknar þeirra þyrfti sígarettu-pakkinn að kosta 3.000 krónur. Samkvæmt þeim útreikningum niðurgreiðum við þegar hvern pakka um 1.800 krónur.

Hvað sem því líður þá eigum við að geta gert enn betur í baráttunni gegn tóbaksfíkn. Ekkert okkar óskar þess að börnin okkar byrji að reykja. Þetta er ekki siður sem við viljum kenna næstu kynslóðum. Undirritaður hefur áður bent á að í Bandaríkjunum er í sumum ríkjum, eins og til dæmis New York, ekki aðeins bannað að reykja á veitingastöðum og í fyrirtækjum og opinberum stofnunum heldur einnig opinberum rýmum utandyra. Hér fyrir kosningar var tillaga Ómars Stefánssonar, bæjarfulltrúa í Kópavogi, um allsherjarbann gegn reykingum í Kópavogi hlegin út af borðinu, ef svo má að orði komast. Við eigum því enn þó nokkuð í land en segja má að það sé óumflýjanlegt að á endanum förum við að dæmi þeirra í New York.

Hvað sem því líður þá eigum við að geta gert enn betur í baráttunni gegn tóbaksfíkn. Ekkert okkar óskar þess að börnin okkar byrji að reykja. Þetta er ekki siður sem við viljum kenna næstu kynslóðum. Undirritaður hefur áður bent á að í Bandaríkjunum er í sumum ríkjum, eins og til dæmis New York, ekki aðeins bannað að reykja á veitingastöðum og í fyrirtækjum og opinberum stofnunum heldur einnig opinberum rýmum utandyra. Hér fyrir kosningar var tillaga Ómars Stefánssonar, bæjarfulltrúa í Kópavogi, um allsherjarbann gegn reykingum í Kópavogi hlegin út af borðinu, ef svo má að orði komast. Við eigum því enn þó nokkuð í land en segja má að það sé óumflýjanlegt að á endanum förum við að dæmi þeirra í New York.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLÁG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SUMARHÁTÍÐ
GRÓÐRARSTÖÐVARINNAR
HEIÐARBLÓMA Á STOKKSEYRI
ER LAUGARDAGINN 14. JÚNÍ.
GRILLAÐAR PYLSUR,
SUNGIÐ OG TRALLAÐ.
ALLIR VELKOMNIR.



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Stefnulaus sjávarútvegsráðherra

Sjávarútvegsráðherra kom stefnulaus inn í ráðuneytið fyrir rúmu ári. Á sumarþingi í fyrra voru gerðar bráðabirgðabreytingar á auðlindagjaldinu af því að ráðherrann vissi ekki hvernig best væri að haga því til frambúðar. Nú á vorþinginu voru aftur gerðar bráðabirgðabreytingar þar sem ráðherranum hafði ekki unnið tími til að hugsa málið til þrautar.

Fiskveiðistefnan var eitt stærsta átakamál síðasta kjörtímabils. Þegar sjávarútvegsráðherra kom til sumarþingsins í fyrra hafði hann þó engar tillögur í farteskinu um nýja skipan fiskveiðistjórnunar. Hann



taldi sig þurfa rýmri tíma og boðaði frumvarp að nýjum lögum á haustþingi. Þegar þingi lauk í vor hafði umhugsunartíminn ekki verið nægur og

aftur var boðað nýtt frumvarp á næsta haustþingi. Þetta er því verra að gagnrýnin á athafnir vinstri stjórnarinnar á þessu sviði var í alla staði réttmæt. Þær breytingar sem gerðar voru í smáskömmtum á síðasta kjörtímabili miðuðu allar að því að draga úr þjóðhagslegri hag-

kvæmni veiðanna. Sérhagsmunagæsla og félagsleg sjónarmið réðu meir en þeir almannahagsmunir að auka framleiðni greinarinnar. Þeir féru frjálslýndu þingmenn Samfylkingarinnar sem töluðu fyrir markaðslausnum voru beygðir í duftið.

Ári eftir að þjóðin felldi vinstri stjórnina standa allar þær breytingar sem hún gerði á skipan sjávarútvegsráðgjafanna óhaggaðar. Ráðherrann er enn stefnulaus. Það sem verra er: Hann er farinn að hugsa eins og ráðherra í vinstri stjórn og boðar aukið svigrúm ríkisstyrktrar útgerðar á kostnað framleiðni og þjóðhagslegrar hagkvæmni.

Popúlismi

Fá pólitísk viðfangsefni eru eins eldfim og sjávarútvegsráðgjafarinn. Hagræðingaraðgerðir sjávarútvegsfyrirtækisins Vísis á úthallandi vetri kveiktu nýja elda. Deilurnar snúast alltaf um þessa lykilsurningu: Á fiskveiðistjórnarkerfið að þjóna óarðbærum rekstri til að verja störf eða virka sem hvati til að auka framleiðni og skapa hámarks-afkastur og stuðla þannig að almennum lífshæðisbótum?

Í flestum fiskveiðiríkjum er sjávarútvegurinn aukabúgrein sem skiptir ekki sköpum fyrir þjóðarþúskaðinu. Við slíkar

aðstæður er algengt að menn noti stjórnkerfi fiskveiða til að verja störf án tillits til arðsemi. Þá þurfa aðrar atvinnugreinar að skila framleiðni aukningunni sem stendur undir framförum og bættum kjörum. Hér er þessu öfugt farið.

Eftir kerfisbreytinguna í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar varð sjávarútvegurinn eina atvinnugreinin sem er fyllilega samkeppnisfær í alþjóðlegum samanburði varðandi framleiðni. Það merkir að minnki framleiðni sjávarútvegsins versna lífskjör allrar þjóðarinnar. Fyrir þá sök er svig-

rúmið til félagslegra aðgerða og sérhagsmunagæslu í sjávarútveginum takmarkað. Kerfisvandinn er sá að aðrar greinar megna ekki að standa undir slíkum kostnaði.

Viðbrögð sjávarútvegsráðherra gagnvart þeim erfiðleikum sem fylgja hagræðingaraðgerðum bera vott um að hann hefur enga skýra sýn á hvernig hann vill að sjávarútvegurinn byggist upp og þróist með tilliti til heildarhagsmuna þjóðarinnar. Popúlíska leiðin er léttari. Hún felur í sér að verja störf þótt þau séu ekki arðbær. Svo geta aðrir glímt við efnahagslegu afleiðingarnar.

Pekktur banabiti

Méð nokkrum rétti má segja að þrátt fyrir hrúnið sé þjóðin nægjanlega rík til þess að hafa efni á takmörkuðum félagslegum ráðstöfunum í sjávarútvegi. Vinstri stjórnin gekk hins vegar lengra í því efni en unnt er að verja út frá almannahagsmunum. Engin efnahagsleg rök standa því til að halda áfram á þeirri braut.

Framganga sjávarútvegsráðherra í þessari umræðu ber vitni um þá mótsögn sem er í samstarfi stjórnarflokkanna. Heimsmetið í niðurgreiðslu húsnæðisskuld

gengur til að mynda þvert á þau markmið ríkisstjórnarinnar sem lúta að ábyrgri fjármálastjórnun og stöðugleika í peningamálum.

Þegar sjávarútvegsráðherra talar fyrir því að halda eigi áfram stefnu vinstri stjórnarinnar og draga úr framleiðni í sjávarútvegi er það einnig hólmganga við markmiðin í ríkisfjármálum og peningamálum. Eigi þau að nást þarf sjávarútvegurinn að leggja til alla þá framleiðni aukningu sem möguleg er.

Meðan ráðherrar Framsóknar eru á fleygiferð eftir braut popul-

ismans minnka líkurnar á að unnt verði að ná ábyrgu markmiðunum. Það er einfaldlega ekki hægt að slíta sjávarútvegsstefnuna frá því sem menn boða í ríkisfjármálum og peningamálum.

Framsókn sýnir hafa náð þeirri stöðu í stjórnarsamstarfinu að populísk viðhorf ganga fyrir þeim ábyrgu. Slíkur tvískinnungur varð einn af mörgum banabítum vinstri stjórnarinnar eftir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sleppti af henni hendinni. Það er enginn ástæða til að endurtaka þá sögu.

INTERNATIONAL
engine
of the year
awards 2013
Presented by engine technology international



Vinsælasti bíllinn - tvö ár í röð

➤ Ford Focus hefur verið söluhæsti bíllinn í heiminum undanfarin tvö ár. Hann er búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð.

Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt CO₂ 114 g/km. Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi aksturseginnleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af. Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

FORD FOCUS

5 DYRA

FRÁ **3.490.000** KR.

STATION

FRÁ **3.640.000** KR.



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Viltu vita meira um Ford Focus?

Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16" álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með aksturstölvunni fylgist þú með lágru eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. CO₂ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskíptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hð. 6 gíra beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. CO₂ losun 114/117 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Hverjir eru þessir múslimar?

Ég ætla ekki að fara út í hinn stóra heim með öllum hans stóru, flóknu vandamálum heldur bara halda mig hér á klakanum og fara á handahlaupum yfir aðstæður þeirra um 1.500 múslima sem hér búa. Það verður seint sagt að þeir séu einsleitir hópur. Þeir koma frá tugum þjóðlanda, úr öllum byggðum heimsálfum og eiga fátt sameiginlegt annað en það að vera múslimar. Nokkrir tugir eða hundruð eru börnir og barnfæddir hér á Fróni, hinir hafa flestir eða allir flækst hingað í leit að góðu lífi, í leit að hamingjunni.

Í flestum þeirra heyrir ákaflega lítið á opinberum vettvangi, af ýmsum ástæðum. Hvar fær maður

TRÚMÁL



Ólafur Halldórsson
múslími

þá séð þá og heyrt? Það væri vænlegt til árangurs að byrja á að kíkjja inn á láglauvinnustaði, fiskvinnslustöðvar, hreingerningarfyrtæki, bakarí, sjúkrahús, pitsustaði. Einhverjir hafa komist í betri álnir og reka veitingahús og bifvélaverkstæði og nokkrir hafa náð að mennta sig og fengið vinnu við hæfi.

Á kvöldin finnur maður þá helst heima hjá sér, þar sem þeir eru að hjálpa börnunum við heimalærdóm, borða, hlæja og gráta saman, svona rétt eins og annað fólk. Þá trúræknustu má svo gjarnan finna í bænahúsum sínum á kvöldin og á föstudögum, við þá saklausu iðju að vegsama skaparar sinn. Þar er reyndar öllum velkomid

að líta við og kannski óvitlaust fyrir þá sem af einhverjum ástæðum vilja kynnast „alvöru múslimum“. Það er oftast en ekki hella upp á kaffi eða te eftir bænagjörðirnar. Langt yfir 90 prósent af þessu fólki hefur tandurhreina sakaskrá og engin áform um að breyta því. Eins og meðal annarra þjóðfélagshópa finnst einhverjir svartir sauðir og hafi maður áhuga á að finna þá mætti byrja að leita á öldurhúsum borgarinnar á södkvöldum. Þetta eru nú hinir hræðilegu múslimar í hnotskurn.

Jákvæð sérstaða

Á Íslandi er dálítill sérstaða, nefnilega sú að þeir hafa ekki einangrast í gettóm með öllum þeim vandæðum sem því fylgir heldur búa dreift; í öllum póstnúmerum borg-

arinnar og í bæjum úti um allt land. Það hefur sjaldnast verið mikið mál fyrir erlenda múslima, frekar en aðra, að aðlagast íslensku þjóðfélagi, kannski einna helst af því að Íslendingar upp til hópa dæma fólk eftir verðleikum og vinnu-semi frekar en uppruna eða trúarbrögðum. Ég held að þessi sérstaða verði að teljast jákvæð.

Það er söguleg staðreynd að hatursfull umræða, fordómar og áróður á opinberum vettvangi eru best til þess fallin að skapa einangrun og biturð, fá þetta að gerjast nógu lengi. Ofstopi og hatur fæðir sjaldnast neitt gott af sér. Sveinbjörg oddviti kvartar yfir því einhvers staðar að vopnin hafi að einhverju leyti snúist í höndunum á henni og gætu jafnvel bitnað á börnunum hennar. Ég vona innilega að svo sé

→ Í flestum þeirra heyrir ákaflega lítið á opinberum vettvangi, af ýmsum ástæðum. Hvar fær maður þá séð þá og heyrt?

ekki. En mig langar til að benda á að eftir þessa síðustu orrahríð koma múslimsk börn og unglingar grátandi heim og kvarta yfir svívirðingum og einelti. Foreldrarinnir reyna að kyssa á bágtið og útskýra að slíkt sé runnið undan rifjum fáfræði, hræðslu og ofstoppa sem erfitt er að losna alfarið við og vitna jafnvel í had þu: Spámaðurinn, friður sé með honum, sagði einhverju sinni: „Verið eins og úlfaldinn, þótt hundarnir gælti og góli við fætur hans gengur hann rólegur sína leið jórtrandi, með höfuðið hátt.“

Eitt mesta skipulagsslys í Reykjavík í uppsiglingu?

Reykjavíkurbær hefur verið eitt mesta atvinnusvæði og menningarstaður Reykjavíkur alla tíð. Núna er búið að ákveða að leggja höfnina niður í sinni mynd og gera hafnarsvæðið að íbúðabyggð.

Aðilar sem hafa haft sína atvinnu við höfnina síðustu áratuginna og sitt lifibrauð hafa ítrekað bent borgaryfirvöldum, hafnaryfirvöldum og skipulagsyfirvöldum á að það gangi ekki upp að taka atvinnusvæðið undir íbúðabyggð en segja svo í hinu orðinu að höfnin eigi að vera áfram í óbreyttri mynd. Erlendir sérfræðingar hafa

SKIPULAG



Guðmundur Kristjánsson
útgerðarmaður við Reykjavíkurbær

sagt okkur reynslusögur frá þeirra heimahögum þar sem íbúðabyggð var byggð við atvinnuhöfn og í framhaldi lagðist hefðbundin hafnarstarfsemi niður. Íbúarnir kvörtuðu spyrjandi um skipin sem þeir höfðu átt að sjá út um glugga sína þegar þeir kæmu heim á kvöldin.

Í dag segja borgaryfirvöld að Slippurinn eigi að vera áfram við höfnina. Við sem höfum notað Slippinn í áratugi vitum að honum verður lokað fljótlega þar sem það er búið að ákveða að byggja íbúðir við hliðina á Slippnum og þannig er nauð-

synlegu athafna- og þjónustusvæði sem þarf að vera í kringum Slippinn lokað. Reynsla þessara erlendu sérfræðinga er að það fer vel saman að hafa hefðbundið atvinnulíf við höfnina með ferðaiðnaðinum, listum og menningarstarfsemi, veitingahúsum, kvikmyndagerð, skemmtistöðum, tækni- og listaskólum en það má alls ekki setja íbúðabyggð á svæðið. Við þurfum ekki annað en að fara til Hafnarfjarðar og sjá hvaða áhrif íbúðabyggð á Norðurbakkanum þar hefur haft á hafnarlífið; það eru engin skip þeim megin eða atvinnulíf.

Einnig þarf að huga að því hver á að greiða kostnað þegar þarf að endurnýja stálþil á 50 til 70 ára

fresti. Það koma engar tekjur frá íbúum yfir hafnarkantinn og tilvonandi íbúar vita hvorki né gera sér grein fyrir því að það þarf að endurnýja stálþilið með miklum kostnaði á þessum árafresti.


Eflum atvinnulífið

Það er líka sorglegt til þess að vita að Reykvikingar ætli að láta setja niður steypukumbalda yfir ein mestu sögu- og menningarverðmæti í borginni. Ein helstu verðmæti Reykjavíkurbæjar eru einmitt fólgin í því að allir geta farið niður á höfn og skoðað sig þar um óáreittir og virt fyrir sér mannlífið, atvinnulífið, skipin koma og fara, andað að sér sjávarlofti og

fengið kraftinn úr hafnarlífinu. Við eigum að skipuleggja höfnina þannig að við byggjum á núverandi grunni og eflum atvinnulífið við höfnina og notum allar lóðir við höfnina undir atvinnulífið en ekki undir íbúðabyggð.

Við megum ekki láta skjótfenginn gróða ráða ferðinni. Þá á ég við að í dag telja fjármagnseigendur að íbúðabyggðin ein geti tryggt þeim góða ávöxtun á sitt fé við höfnina. Borgaryfirvöld eiga að hugsa um hvað er íbúum borgarinnar fyrir bestu og borginni en ekki taka skjótfenginn gróða af lóðarsölu fram yfir menningarleg verðmæti og fjölbreytt atvinnulíf og menningarlíf.

Ný hraðhleðslustöð við IKEA



IKEA



Við erum öll tengd við náttúruna

Orka náttúrunnar stendur fyrir átaki í rafbílavæðingu á Íslandi. Á næstu vikum mun ON opna alls 10 hraðhleðslustöðvar á völdum stöðum til að auðvelda rafbílaeigendum að sinna erindum sínum á vistvænan og hagkvæman hátt.

Það er vel við hæfi að opna sjöttu hraðhleðslustöðina í samstarfi við meistara sexkantsins í IKEA. Nú er hægt að hlaða meðan verslað er því ekki tekur nema 20-30 mínútur að hlaða dæmigerðan rafbil upp í 80%. Kynntu þér hraðhleðslustöðvarnar og staðsetningar þeirra á www.on.is.



ORKA NÁTTÚRUNNAR

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Áldollur frá 2.990,-



Fiðrildi 990,-



Diskamottur 990,-



Bali 3.590,-



Rúmteppi frá 12.990,- 30% afsláttur nú frá 9.093,-



Uglur 1.990,-

**SUMAR OG SÓL
Í THE PIER
VERIÐ VELKOMIN**

OPNUNARTÍMAR

VIRKA DAGA 11.00-18.30

**LAUGARDAGA KL. 10.00-18.00
(AKUREYRI KL. 10.00-17.00)**

**SUNNUDAGA KL. 12.00-18.00
(AKUREYRI KL. 13.00-17.00)**



Hengisrúm 4.990,-

50% AFSLÁTTUR Á BLÓMAPOTTUM



Blómapottar frá 1.490,- nú á 745,-



Hengisrúm 6.990,-



Tekassi 1.990,-



Tekassi með 5 hólfum 2.990,-



Tekassi 4.990,-



Kamína 15.990,-



Hengistóll 59.900,-

the PIER

HELGIN



Leoncie tónlistarkona

ELDAR, UNDIRBÝR OG SEMUR LÖG

„Ég er að gera ýmislegt um helgina. Ég er til dæmis að elda mat á matreiðsluhátíð í Ikea og svo ætla ég líka að vinna í að gera nýja húsið mitt flott. Ég ætla líka að nýta helgina í að semja og vinna í lögum. Ég er að undirbúa margt skemmtilegt.“



Ívar Guðmundsson dag-skrágerðarmaður

HM og afmælisglens

„Það er nóg um að vera um helgina og því um að gera að byrja hana í World Class í Laugum til að koma sér í gírinn. Í kvöld fer ég svo í afmæli til hennar Ernu Hrannar sem er að vinna á FM957.“



Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnukona

Bíður eftir barni

„Helgin verður eflaust í rólegri kantinum en nú er ég bara að bíða eftir því að eignast mitt fyrsta barn. Við erum því bara að vonast eftir því að helgin færi okkur stærstu gjöf lífs okkar.“



Geir Ólafsson tónlistarmaður

Vinnuþjarkur

„Ég verð bara að vinna alla helgina. Ég er að syngja í brúðkaupi og afmælisveislu. Fyrir utan vinnuna ætla ég að njóta þess að vera í faðmi í fjölskyldunna.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Í KVENNAFLAUP Ís í en úti um allt land eru skipulögð hlaup. Til dæmis úti í Viðey þar sem ræst er klukkan 10.30.



Á HEIMSMEISTARAMÓTIÐ í knattspyrnu í Brasilíu sem er í algleymingi þessa dagana. Leikirnir eru alla daga kl. 16, 19, 22 og 01 á Rúv og Stöð 2 Sport.



Á NÝTKOMNA plötu Gus Gus, Mexico, sem kom út fyrir stuttu. Á plötunni er að gæta áhrifa frá synþapoppi níunda áratugarins, transtónlist tíunda áratugarins ásamt því að haldið er áfram að vinna með söng, líkt og á plötunni Arabic Horse.



BÓKINA AMMA BIÐUR AÐ HEILSA eftir Fredrik Backman. Skáldsagan fjallar um ofurhetjur úr hversdagslífinu og var aðeins þrjú daga að komast á toppinn á metsöluhlusta Eymundson.



OPIÐ RÝMI Vinnustofan ásamt sýningarrými eru 350 fermetrar að stærð.

Listamenn úr ýmsum áttum sameinast

Sprottið hefur upp listavinnustofan Algera á Höfða sem hýsir þá listamenn sem þarfnast vinnuástöðu. Sunneva Ása og Ýmir Grönvold eru forsprakkar verkefnisins.

Baldvin Þormóðsson
Baldvin@365.is

„Þegar verkefnið hófst var ekkert eiginlegt markmið annað en að búa til starfvettvang fyrir listamenn,“ segir Sunneva Ása Weisschappel en hún setti nýlega á fót vinnustofuna Algera Studio ásamt myndlistarmanninum Ými Grönvold. Þau útskrifuðust bæði úr listnámi fyrir um ári síðan, Sunneva úr Listaháskóla Íslands og Ýmir úr Myndlistarskóla Reykjavíkur. „Í námi hefur maður aðgang að góðri vinnuástöðu sem tapast eftir útskrift,“ segir Ýmir en tvíeykið ákvað því að taka málin í sínar eigin hendur og fékk til leigu rými upp á Höfða. Miðsvæðis er skortur á stórum rýmum, þar af leiðandi leituðu þau út fyrir 101 Reykjavík. Vinnustofan hefur verið í uppbyggingu í rúmt ár þar sem margir listamenn hafa lagt sitt af mörkum og gert aðstöðuna að því sem hún er orðin í dag.

„Það er frábært að hafa fólk úr ólíkum áttum sem vinnur á sama stað og deilir þekkingu og reynslu,“ segir Kristín Þorlákssdóttir. Hópurinn sammælist um að „það er sexí að vera duglegur,“ þar sem framtaksemi, atorka og dugnaður eru í fyrirrúmi. Ásamt því að vera vinnustofa heldur Algera t.d. opin námskeið í mólteikningu og stefnir á að bjóða upp á fleiri tíma þar sem fólk kemur saman og deilir þekkingu. „Það er mikil gróska í listasennu og tækifæri eru að skapast út um allt land,“ segir Katrína Mogensen. Listamenn geta ferðast og sýnt verk sín



VINNUPJARKAR Sunneva Ása og Ýmir hafa unnið í heilt ár við að gera rýmið að almennilegri vinnustofu.

landshorna á milli heilu sumrin vegna sköpunaröldu sem ríður yfir landið. Í dag myndar hópurinn ásamt Sunnevu og Ými Anní Ólafsdóttir, Katrína Mogensen, Klavs Liepins, Kristín Þorlákss-

dóttir, Lukka Sigurðardóttir og Nanna María Björk Snorrardóttir. Hægt er að skoða það sem fram fer innan veggja Algeru Studio á heimasíðunni algerastudio.com.

BOZZ
sturtuklefi
80x80cm **GÆDAVARA**
43.900

Fást einnig í 90x90cm á kr. 45.900. Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar á kr. 45.900

Sturtustöng og -brúsa fylgja.

11.990

AGI-167 hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu fánleg með upp stút.

Rósetturog hjámiðjur fylgja.

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á kr. 1.290

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL X 20-22 JÚNÍ 2014

SECRET X SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK X SECRETSOLSTICE.IS

..:KYNNUM MEÐ STOLTI DAGSSKRÁ HÁTÍÐARINNAR:.

20 JÚNÍ
21. JÚNÍ
22. JÚNÍ

FÖSTUDAGUR
LAUGARDAGUR
SUNNUDAGUR

🕒	X VALHÖLL X
12:00	EIVÖR PÁLSDÓTTIR (FÖ)
13:00	BLOODGROUP
14:00	FUFANU
15:00	MOSES HIGHTOWER
16:00	HE
17:00	MAUS
18:20	WOODKID (FR)
20:00	EATS EVERYTHING (UK) B2B SKREAM (UK)
22:30	DISCLOSURE DJ

🕒	X GIMLI X
12:00	RÚNAR ÞÓRISSON
13:00	KÓTT GRÁ PJE
14:00	MOSI
14:50	MAFAMA
16:00	LEAVES
17:00	GERVISYKUR
17:50	ALVIA ISLANDIA
18:20	SHADES OF REYKJAVIK
19:20	REAL EYES (US)
21:20	FOX TRAIN SAFARI
22:30	MOLOTOV JUKEBOX (UK)

🕒	X EMBLA X
12:00	JULIA RUSLANOVNA
12:40	TANDRI
13:20	LÁGTFANI KING LUCKY
14:00	RUSSIAN GIRLS
14:40	GHST (UK)
15:40	EWOK
16:50	SKENG&B
18:10	AMY BECKER (UK)
19:30	MY NU LENG (UK)
21:00	KLOSE-ONE (UK)
22:30	ROBERT JAMES (UK)

🕒	X ASKUR X
12:00	SKURKEN
12:40	KERR
13:20	FUTUREGRAPHER
14:10	RAMI ALI (UK)
15:15	INTRO BEATS
16:30	LEX LUCA (UK)
18:00	ARTWORK (UK)
19:30	ONEMAN (UK)
21:00	SUBB-AN (UK)
22:30	GORGON CITY (UK)

🕒	X HEL X
the warehouse project	
CROSTOWN REBELS: REBELR4VE	
21:00	CLIVE HENRY (UK)
22:00	FRANCESCA LOMBARDO (UK)
12:00	APHROHEAD (US)
01:30	CARL CRAIG (US)
03:00	DAMIAN LAZARUS (UK)
05:00	LOKUN

🕒	X VALHÖLL X
12:00	KALEO
13:00	SÍSÝ EY
13:55	VÖK
14:50	DISA
15:50	HJALTALÍN
17:00	MAMMÚT
18:00	GLUTEUS MAXIMUS
19:10	BANAS (US)
20:30	MÚM
22:30	MASSIVE ATTACK (UK)

🕒	X GIMLI X
13:00	RVK SOUNDSYSTEM
15:00	REYKJAVÍKURDÆTUR
16:20	AMABA DAMA
17:10	OJBA RASTA
18:00	ORIGINAL MELODY
19:00	JOHNY AND THE REST
19:50	DISCIPLES (UK)
21:10	BRAIN POLICE
22:00	JAMIE LEWIS (UK)
23:00	PY (UK)

🕒	X EMBLA X
12:00	KANILSNÆLDUR
12:50	VRONG
13:40	LORD PUSSWHIP
14:30	MARTEINN
15:20	KIDDI
16:20	GEIMFARAR
17:10	SOLARIS SUNGLAZE
18:30	KSF
20:00	BENSOL
21:30	EDDIE HOUSE
22:45	FRÍMANN

🕒	X ASKUR X
12:00	MICRO PONY
12:40	BARELY LEGAL (UK)
13:40	MONKEY WRENCH (UK) B2B SPOILS (UK)
14:55	TRUE TIGER (UK)
16:10	LAFONTAINE
17:10	EXOS
18:10	MUSHY (UK)
19:30	HARRIMANN (UK)
21:00	BENTON (UK)
22:30	DOORLY (UK)

🕒	X HEL X
the warehouse project	
14:00	GREG LORD + KRYSKO (UK)
15:30	DJ MARGEIR
16:45	ELIPHINO (UK)
17:45	PALEMAN (UK)
19:00	JACKMASTER (UK)
20:30	ROB DA BANK (UK)
22:00	DROOG (UK)
23:30	BODDIKA (UK)
01:00	PAUL WOOLFORD (UK)
02:45	JAMIE JONES (UK)
05:00	LOKUN

🕒	X VALHÖLL X
12:00	HYMNALAYA
13:00	ELÍN EY
13:40	SNORRI HELGASON
14:50	DJ FLUGVÉL & GEIMSKIP
15:40	SIN FANG
16:40	BENNI B-RUFF
17:00	DILLALUDE
17:50	FORGOTTEN LORES
18:40	CELL7
19:30	ÚLFUR ÚLFUR
20:10	EMMSJÉ GAUTI
21:00	GÍSLI PÁLMI
21:40	XXX ROTTWEILER
22:40	Seppa Boy Q (US)

🕒	X GIMLI X
12:00	MODESART
12:50	STEVE SAMPLING
13:40	WEIRDCORE CRYPTOCHROME
14:30	THIZONE
15:20	QUADRUPLoS
16:10	TANYA & MARLON
17:00	BISTRO BOY
17:50	AGZILLA
18:40	HAZAR
19:30	ÁRNI ²
20:20	KIASMOS
21:20	HEROES IN HIDING (IRE)
22:00	SOMETIME
23:00	RUM BUFFALO (UK)

🕒	X EMBLA X
12:00	ATLI KANILL
13:00	AXFJÖRÐ
14:00	DJ HENDRIK
15:00	LAGAFFE TALES
16:00	RIX
17:00	YAMAHO
18:00	PLASTIC LOVE (US)
19:30	CASANOVA
20:30	PETTRO (MEX)
21:45	GHOZT
23:00	SEAN DANKE

🕒	X ASKUR X
12:00	VIKTOR BIRGISS
13:10	ORANG VOLANTE
14:25	OCULUS
15:45	OPEN SOURCE
16:35	ROB SHIELDS (UK)
17:45	CONTROLFREQS (US)
18:35	HOUSEKELL
19:35	DJ KÁRI
20:30	BEN PEARCE (UK)
22:00	THE 2 BEARS (UK)

🕒	X HEL X
the warehouse project	
MADTECH RECORDS TAKEOVER	
15:00	PY (UK)
15:30	MIA DORA (UK)
17:00	VOYEUR (UK)
19:00	JOSH BUTLER (UK)
21:00	WAZE & ODYSSEY (UK)
23:00	KERRI CHANDLER (US)
01:00	LOKUN

ATH. DAGSKRÁ ER BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR.

MIÐASALA: WWW.SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS



Einhell®

Vnr. 74830027
EINHELL sláttuvél,
BG-EM 1437, 1400W.

24.995 kr.

Verð áður 32.555 kr.

**ÞÚ SPARAR
7.560 KR.**



GRILLPRO

Vnr. 50657520
GRILLPRO gasgrill
með gashellu, 8,8 kW.

34.995 kr.

Verð áður 49.995 kr.

**ÞÚ SPARAR
15.000 KR.**



Vnr. 55092000
Stjúpur, 10 stk.*

635 kr.

*Fást ekki í BYKO Reyðarfirði.



50 LÍTRAR

HAGA

Plant
jord

Vnr. 55097032
Gróður mold, 50 l.

795 kr.

Verð áður 995 kr.



VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

**ÞÚ SPARAR
4.000 KR.**

Vnr. 41622137
Sólhlíf á fæti,
300 cm í þvermál.

11.995 kr.

Verð áður 15.995 kr.



**ÞÚ SPARAR
2.000 KR.**

Vnr. 74830012
EINHELL rafmagnssláttuorf
450W, sláttubreidd 30 cm.

8.995 kr.

Verð áður 10.995 kr.



37,4 LÍTRA

**ÞÚ SPARAR
5.000 KR.**

Vnr. 87977170
Rafmagnskælibox
á hjólum, 12 V, 37,4 l.

19.995 kr.

Verð áður 24.995 kr.



**ÞÚ SPARAR
3.500 KR.**

Vnr. 74090563
SKIL höggborvél, 550W.

3.995 kr.

Verð áður 7.495 kr.



**ÞÚ SPARAR
2.500 KR.**

Vnr. 41622106
Garðstóll, plast/bast.
Stálrammi.

6.495 kr.

Verð áður 8.995 kr.



10 STK.

**ÞÚ SPARAR
1.000 KR.**

Vnr. 0291479
Stíklur 30x30 cm. 10 stk.

3.995 kr.

Verð áður 4.995 kr.



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentbílur og/ eða myndabreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



[facebook.com/BYKO.is](https://www.facebook.com/BYKO.is)

SUMARHÁTÍÐ

Í ÖLLUM VERSLUNUM BYKO LAUGARDAGINN 14. JÚNÍ

Við erum í sumarskapi og lyftum okkur upp í dag. Ýmsar uppákomur, glaðningur fyrir börnin og fjöldinn allur af glæsilegum sumartilboðum í öllum verslunum BYKO.



GRILLAÐAR PYLSUR OG GOS FRÁ KL. 12-14.

GLÆSILEG SUMARHÁTÍÐARTILBOÐ



SUMARHÁTÍÐARTILBOÐ!*

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.

ÞÚ SPARAR
1.400 KR.

Vnr. 88015952
3 manna tjald.
5.595 kr.
Verð áður 6.995 kr.



VÖRUKYNNINGAR

RÁÐGJÖF UM ÁBURÐARGJÖF

Sérfræðingur frá Fóðurlöndunni veitir ráðgjöf í Breidd kl. 12-15.

CAFFITALY KAFFIVÉLAR

BELGÍSKAR VÖFFLUR

Breidd kl. 12-15.

DÝRHEIMAR - ROYAL KANIN

Grandi kl. 12-15.

SONAX BÍLAVÖRUR

Breidd kl. 12-15.
Selfoss kl. 12-15.

15%
AFSLÁTTUR
AF SONAX

JOSERA - GÆLUDÝRAFÓÐUR

Breidd kl. 12-15.
Selfoss kl. 12-15.

GARÐYRKJUFRÆÐINGAR

Sigríður Inga veitir ráðgjöf í Breidd kl. 12-15.
Steinunn I. Stefánsdóttir veitir ráð á Selfossi kl. 12-15.

20%
AFSLÁTTUR AF
JOSERA FÓÐRI



25%
AFSLÁTTUR AF
PRJÓNAGARNI



MIKIÐ ÚRVAL

* Sumarhátíðartilboð gilda aðeins laugardaginn 14. júní. Takmarkað magn á hvern viðskiptavin. Gildir meðan birgðir endast.



VIÐHORFSBREYTING GAGNVART GEÐSJÚKDÓMUM Bræðurnir eru sammála um að það hafi orðið viðhorfsbreyting gagnvart geðsjúkdómum, að mikilvægt sé að taka svona reynslu ekki bara og stroka hana út, heldur læra eitthvað af henni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Misstu tengsl við raunveruleikann

Tvíburabræðurnir **Halldór**, kapteinn Pírata í Reykjavík, og **Kári Auðar Svanssynir**, hafa báðir glímt við geðræna kvilla. Kári greindist með geðklofa fyrir tólf árum en Halldór reykti gras og endaði í geðrofi árið 2010. Hann jafnaði sig um leið og hann hætti neyslu þess. Bræðurnir segjast hafa orðið nánari eftir að Halldór veiktist líka. Þeir eru sammála um að mikilvægt sé að læra af svona reynslu og finnst þeir hafa öðlast styrk eftir að hafa gengið í gegnum veikindin.

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Það verður að viðurkennast að ég kom sjálfum mér á óvart með að fara í pólitík. En ég kann vel við mig, þetta er mín hilla. Ég er tölvunarfræðingur og hef unnið lengi við það og kann því vel – en svo fór ég bara að hella mér út í pólitík og ég finn að það á vel við mig. Mér hefur alltaf hingað til farið betur að halda mig til hlés en nú þarf ég að trana mér svolítið fram, vera virkur og tala mikið við fólk, en ég er einhvern veginn alveg tilbúinn í það, að gefa af mér og gera gagn.“

Það er Halldór Auðar Svansson, píratí og borgarráðsmaður í meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, sem hefur orðið. Hann er fæddur 1979, verður því 35 ára á árinu og ekki nóg með það, heldur er hann tvíburi. Tvíburabróðirinn heitir Kári Auðar Svansson.

Kári: Já, á þessu ári verðum við kjörgengir til forseta. Það er spurning hvort Halldór endi á Bessastöðum.

Halldór: Já, eða þú, Kári. Ég þekki þó nokkuð marga tölvunarfræðinga en þeir eru ekki margir í pólitík, en þeir eru þó nokkrir í Pírötum. Og það er áhugavert að þeir séu farnir að láta sig pólitík varða. Það eru ákveðin áskorunar-efni í pólitík sem tengjast tölvunarfræðinni, þessi kerfisþankagangur. Hann á ágætlega við í pólitíkinni.

Kári: Ég verð nú samt að segja að það kom mér mjög á óvart að þú ætl-aðir í pólitík. En þetta er í genunum, pabbi og mamma eru bæði með doktorspróf í stjórnmálafræði og pabbi hefur alla tíð verið virkur á bak við tjöldin. Hann var til dæmis kosningastjóri Pírata í Reykjavík í ár.

Bræðurnir veikir á geði

Þeir bræður eiga sér þó aðra hlið og hafa báðir þurft að berjast við geðsjúkdóma.

Kári: Ég er með skitsófreníu. Ég greindist fyrir rúmlega tólf árum. Sem barn og unglingur hafði ég verið við fulla geðheilsu, en svo gerðist það 2002, þegar ég var 22 ára, að ég fór að fá mjög furðulegar hugmyndir í kollinn um að ég væri einhver Messías, mannkynsfrelsari, og svo fór ég að ímynda mér að djöfullinn væri að ná tökum á mér.

Halldór: Já, þú varst orðinn mjög einangraður um þetta leyti.

Kári: Ég var orðinn mannfælinn og vildi bara loka mig af frá öðru fólk. Ég var með plön um að kaupa mér íbúð út í bæ, loka mig af og gera ekki neitt annað en að lesa bækur um andleg málefni og hugleiða. Það var aðdragandinn að þessu. Svo gerðist það í apríl 2002 að ég fór gjörsamlega yfir um. Ég ímyndaði mér að ég væri staddur mitt á milli í einhverri kosmískri baráttu á milli guðs og djöfulsins. Og öll framtíð mannkynsins réðist af því hvernig þessari baráttu lyktaði. Þannig að ef djöfullinn sigraði í þessari baráttu, innra með mér, þá væri mannkynið dauðadæmt. Þetta var ólýsanleg örvænting. Á einhvern hátt sem ég sá reyndar ekki fyrir mér, hélt ég að mannkynið myndi tortímast ef djöfullinn ynni þessa innri baráttu hjá mér.

Á sterkum geðlyfjum

Kári: Ég er búinn að vera á mörgum mismunandi geðlyfjum, er búinn að vera á Leponex í nokkur ár. Það er lyf sem er bara notað þegar allt annað bregst en það hefur virkað ágætlega á mig og ég er við mjög góða geðheilsu í dag. Ég veiktist hins vegar aftur haustið 2012, mjög alvarlega, það má rekja til þess að ég hætti að taka lyfin. Ég hélt að ég væri orðinn alheilbrigður og hélt að ég þyrfti ekkert á þessum lyfjum að halda, svo ég þurfti að leggja inn á bráðageðdeild og þaðan inn á Klepp í nokkrar vikur.

Kári segist þó ekki sjá eftir að hafa hætt að taka lyfin um stund.

Kári: Ég sé ekkert eftir þessu. Ég talaði við geðlækni sem sagði að í mínum sporum hefði hann gert

nákvæmlega það sama. Svo var annar sem sagði við mig að það væri eitthvað að mér ef ég hefði ekki gert þessa tilraun, að hætta á lyfjunum. Þannig að ég sé ekkert eftir þessu, en þetta kostaði vikur af ólýsanlegu kvalræði en maður komst aftur á réttan kjöl.

Reykti sig í geðrof

Halldór hefur einnig átt við geðrænan vanda að stríða.

Halldór: Ég greindist með geðrof. Ég var að reykja gras og svona, hafði gert það í smá tíma og hafði gaman af því. Svo árið 2010 gerðist eitthvað. Ég samsamaði mig Kára og smám saman missti ég alla raunveruleikatengingu. Þetta voru nokkrir mánuðir, ég var þarna inni á geðdeild um tíma með smá hléum vegna þess að ég hætti ekki strax að reykja.

Þriðji bróðirinn hefur einnig glímt við geðræna kvilla, en tvíburarnir eru sammála um að erfðaþáttur geti spilað rollu í geðsjúkdómum.

Kári: Jú, við eigum einn eldri hálfbróður en hann er með geðhvörf líka. Það er margt líkt með hans reynslu.

Halldór: Þetta eru erfða- og umhverfisþættir, held ég.

Kári: Við eigum móðurbróður sem er líka með geðklofa og hann er mjög veikur. Hann hefur ekki náð þeim bata sem ég hef náð.

Með skrítnar hugmyndir

En hvernig lifir maður með geðsjúkdómum?

Kári: Lyfin spila mikla rollu og þessir íbúðakjarnar sem spruttu upp hérna fyrir nokkrum árum. Ég bý í einum slíkum, á Bergþórugötu, og það er algjör snilld. Þetta er langbesti staðurinn sem ég hef verið á síðan ég veiktist.

Kári bætir við að það sé mikilvægt að geta átt tengslanet af fólk sem saman deilir þessari reynslu.

Kári: Já. Það er þáttur í batanum. Þetta er stigagangur með sex íbúðum, þar af ein starfsmannabúð sem við getum leitað til með hvað

sem er. Ég veit að það eru langir, langir biðlistar eftir svona íbúðum.

Halldór: Hún hefur hjálpað mér mikið þessi nálgun sem nýtur vaxandi vinsælda í sálfræði og í geðlæknisfræði að líta á geðrofsreynsluna, eða geðsýkisreynsluna, sem merkingarbæra. Ekki horfa fram hjá þessu, eins og þetta sé eitthvað rugl eins og lengi vel var lenskan í þessum fræðum. Að menn ættu ekki að ýta undir þetta, heldur horfa fram hjá þessu. En svo finnst mér gott að velta því fyrir mér hvort þetta hafi ekki einhverja þýðingu, hvort þetta sé ekki einhver lýsing á einhverju sálarástandi eða sálarlífi, þótt hún sé kannski brengluð. Ég hafði rosalega góðan sálfræðing á Landspítalanum. Hún hjálpaði mér svo sem ekki að sjá að reynslan væri birtingarmynd einhvers sálarlífs því ég var nokkuð viss um það sjálfur, en hún var tilbúin að vinna með það þannig og taka mér sem manneskju þótt ég væri með dálítið skrítnar hugmyndir um veruleikann þegar ég hitti hana fyrst.

Latur zen-búddisti

Þeir eru sammála um að það hafi orðið viðhorfsbreyting gagnvart geðsjúkdómum, að mikilvægt sé að taka svona reynslu ekki og stroka hana út, heldur læra eitthvað af henni.

Halldór: Já, og reyna að skilja hvað þetta þýðir. Sumt þýðir ekki neitt held ég, en annað held ég að þýði rosalega mikið. Svo er andlegur þáttur í þessu líka, ég var ekki trúður fyrir en ég er það núna.

Hvernig trúður?

Halldór: Þetta er allt það sama fyrir mér.

Kári: Í mínum huga eru trúarbrögðin eins og áttavitar sem benda allir í sömu áttina sama hvar þeir eru á jörðinni. Við skilgreinum okkur sjálfir sem andlega þenkjandi. Kennum okkur hvorugur við einhver ákveðin trúarbrögð, erum bara opnir fyrir þessu og höfum áhuga á andlegum málefnum. Ég er farinn að kúpla mig út úr því að lesa bækur um andleg málefni. ▶

HALLDÓR

„Það hefur hjálpað mér mjög mikið þessi nálgun sem nýtur vaxandi vinsælda í sálfræði og í geðlæknisfræði að líta á geðrofsreynsluna, eða geðsýkisreynsluna, sem merkingarbæra. Ekki horfa fram hjá þessu, eins og þetta sé bara eitthvað rugl eins og lengi vel var lenskan í þessum fræðum.“

Ég greindist með geðrof. Ég var að reykja gras og svona, hafði gert það í smá tíma og hafði gaman að því. Svo árið 2010 gerðist eitthvað. Ég samsamaði mig Kára og smám saman missti ég alla raunveruleikatengingu.

KÁRI

„Sem barn og unglingur hafði ég verið við fulla geðheilsu, en svo gerðist það 2002, þegar ég var 22 ára, að ég fór að fá mjög furðulegar hugmyndir í kollinn um að ég væri einhver Messías, mannkynsfrelsari, og svo fór ég að ímynda mér að djöfullinn væri að ná tökum á mér.“

Ég lá yfir andlegum bókmenntum, alveg út í eitt. En nú er ég eiginlega alveg hætta að lesa svoleiðis bókmenntir, mér finnst það eiginlega bara hafa slæm áhrif á mig. Það er svo mikilvægt að halda sér jarðtengdum.



hedinn.is

Lofthreinsistöðin stendur við hlið Hellisheiðarvirkjunar og í henni er flókinn búnaður sem skilur brennisteinsvetni úr gufunni.



Framleiðslugeta Hellisheiðarvirkjunar er 303 MW í rafmagni og 133 MW í varmaafli.



Starfsmenn Héðins að störfum við smíði þvottaturns hreinsistöðvarinnar.

Hönnun hreinsistöðvarinnar var í höndum verkfræðistofanna Mannvits (vél- og stjórnþúnaður) og Verkís (byggingar og lagnir).

Til hamingju og takk fyrir samstarfið

Héðinn hf. óskar Orkuveitu Reykjavíkur til hamingju með fyrstu hreinsistöðina fyrir brennisteinsvetni við Hellisheiðarvirkjun. Héðinn var aðalverktaki við byggingu stöðvarinnar og viljum við nota tækifærið til að þakka fyrir lærdómsríkt og ánægjulegt samstarf um leið og við óskum verkefninu velfarnaðar.

Héðinn þakkar undirverktökum við byggingu hreinsistöðvarinnar fyrir vönduð vinnubrögð og ánægjulegt samstarf.

Altak – vélsmiðja • **Ræktunarfélag Flóa og Skeiða** – jarðverktakar
Stjórnuþlíkk – klæðning • **Múlarar** – rafverktakar • **Spöng** – byggingaverktakar

≡ HÉÐINN ≡

Bekkingarfyrtæki í málmiðnaði og véltækni

Hreinsistöðin við Hellisheiðarvirkjun

Markmið þessa verkefnis OR er að draga úr lyktarmengun frá Hellisheiðarvirkjun á umhverfisvænan og hagkvæman hátt. Í hreinsistöðinni er brennisteinsvetni skilið úr gufuútblastri Hellisheiðarvirkjunar og því dælt niður í berggrunninn.

Þetta er metnaðarfullt þróunar- og nýsköpunarverkefni sem byggir á margra ára vísindarannsóknnum á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Ef árangur af rekstri hreinsistöðvarinnar reynist í samræmi við væntingar verður hún stækkuð.



HUGAR-HEIMUR SEM ER ERFITT AÐ FERA Í ORÐ Halldór segir að vísi að því að finna fyrir Messíasar-komplex geti enginn skilið hvað felur í sér fyrr en að hafa reynt það á eigin skinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Ég lá yfir andlegum bókmenntum. En nú er ég eiginlega alveg hættur að lesa svoleiðis bókmenntir, mér finnst það hafa slæm áhrif á mig. Það er svo mikilvægt að halda sér jarðtengdum.

Notist þið við hugleiðslu, andlegar leiðir til þess að láta ykkur líða vel?

Halldór: Ég er praktíserandi zen-búddisti, reyndar latur við það. En jú, jú, ég gef mér tíma.

Erfitt að segja frá

Finnið þið mikið fyrir forðómum?

Kári: Það eru eflaust miklir forðomar í gangi. Einn algengasti forðómurinn gagnvart okkur geðsjúkl-ingunum er sá að við séum eitthvað ofbeldishneigðari en annað fólk. Þetta er að mínu viti tóm firra. Halldór er sennilega orðinn leiður á því að heyra mig segja þetta, því ég hef sagt þetta svo oft. En forðomar eru vandamál þeirra sem eru með þá, ekki þeirra sem þeir beinast gegn. Ég segi fólki óhikað frá því að ég sé öryrki vegna andlegra veikinda og fólk tekur því yfirleitt mjög vel og er forvitnið. Ég hef rekið mig mikið

á það að fólk heldur að þetta sé eitthvað svona „multiple personality disorder“, þar sem ég er margar manneskjur, fjölpersónuleikaröskun eins og það heitir.

Halldór: Já, það er kannski erfitt að segja frá þessu. Eftir að ég kynntist þessu sjálfur, þá finnst mér líka að þetta sé hugarheimur sem er dálítið erfitt að færa í orð. Vísir að því að finna fyrir Messíasar-komplex – ég held að enginn geti skilið hvað það felur í sér fyrr en að hafa reynt það. Við bræðurnir höfum orðið nánari eftir reynslu okkar og skiljum hvor annan betur.

Geðlyfin virka ekki ein og sér

Foreldrar bræðranna hafa starf-að í Geðhjálp, þabbinn formaður og mamman ritstýrt Geðhjálparblaðinu. Þau hafa reynt þeim bræðrum ótrúlega vel, að þeirra sögn.

Halldór: Ég er nú ekki félagi í Geðhjálp, en ég ætti kannski að bæta úr því...

Kári: Geðrofsraskanir eru mun algengari en fólk heldur sko, ég sá einhvers staðar að þrjú pró-

sent fólks upplifa geðrofsástand að minnsta kosti einu sinni á ævinni. Það er ansi há prósent.

Hvað mynduð þið ráðleggja þeim sem er að ganga í gegnum það sama og þið?

Halldór: Ekki missa vonina og að leita sér stuðnings. Vera óhrædd við að kafa svoltið djúpt og taka á sálarlífinu.

Bræðurnir eru sammála um geðsviðið hafi reynst þeim vel. En hvað vantar?

Halldór: Það er skrítið að sálfræðingar eru ekki niðurgreiddir af ríkinu, en geðlæknar eru það. Það var lykilatriði fyrir mig að vera með góðan sálfræðing sem tók á þessu huglægt, samtalsmeðferðir í stað lyfjagjafar.

Kári: Margir eru mikið á móti geðlyfjum, telja að þetta sé eitthvað eitur sem verið sé að moka ofan í fólk. Ég held að það sé vitleysa. Það væri ekki verið að gefa þessi lyf ef þau hjálpuðu ekki, ég finn það bara hjá mér.

Halldór: Á hinn bóginn held ég að geðlyfin ein og sér séu ekki nóg. Það mætti segja að lyfin séu nauðsynleg en ekki nægjanleg forsenda.

Allt dofna í minningunni

Halldór, þú hættir að reykja gras og svo hættirðu að drekka í kjölfarið. Er tenging þarna á milli?

Halldór: Það er gefið að kannabis er áhættuþáttur í sálarænum kvillum. Sérstaklega ef fólk byrjar snemma, sem ég gerði reyndar ekki. Og það er eins með áfengið, þegar heilinn er í mótnun þá hefur þetta áhrif og getur haft áhrif síðar. Ég held að maður sé alltaf að leika sér að eldinum, sérstaklega ef maður á einhverja fjölskyldusögu.

Halldór segist finna sterka tengingu á milli kannabisneyslunnar og geðrofsins í sínu tilfelli.

Halldór: Ég jafnaði mig um leið og ég hætti neyslu.

Eitthvað að lokum?

Kári: Ég held að þessi veikindi mín hafi kennt mér að engin þjáning varir að eilífu. Sama hvað útlitið er svart, það er alltaf ljós við endann á ganginum.

Halldór: Ég tek undir það. Þessar upplifanir mínar voru mjög sterkar á meðan þær vörðu, en allt dofna í minningunni. Upplifanirnar eru ekki horfnar en þær eru vissulega daufari og það eru sérstaklega sterku tilfinningarnar sem lítið situr eftir af. Ég bý hins vegar enn þá að þeim styrk sem ég öðlaðist við að komast í gegnum þetta.



NANNA BRIEM GEÐLÆKNIR

Geðrofssjúkdómar Rannsóknir sýna að horfur eru ekki slæmar

Nanna Briem geðlæknir starfar á sérhæfðri deild á geðsviði Landspítalans sem býður upp á meðferð og endurhæfingu fyrir ungt fólk með byrjandi geðrofssjúkdóm. Í daglegu tali er deildin kölluð „Laugarásinn“. Nanna segir geðrof vera einkenni um undirliggjandi geðrofs-sjúkdóm.

„Einstaklingur í geðrofi á erfitt með að greina á milli þess sem er raunverulegt og ekki. Venjulega gerum við skýran greinarmun á okkar hugarheimi og ytri raunveruleika. Við segjum oft að við séum með eðlileg raunveruleikatengsl, en í geðrofi gerist það að þessi tengsl verða óskýr.“ útskýrir hún. „Fyrir þann sem er í geðrofi verður erfitt að átta sig á því hvað tilheyrir innri hugarheimi hans og hvað er raunverulegt. Einstaklingurinn upplifir í raun annan veruleika,“ heldur Nanna áfram.

Geðrofi fylgir oft mikill kvíði, hræðsla og þunglyndi – oft í takt við geðrofseinkennin. Ef þú heldur að það sé einhver á eftir þér sem ætlar gera þér mein þá er eðlilegt að vera hræddur.

Geðrofssjúkdómum fylgja líka önnur einkenni en geðrof og það eru þau einkenni sem kannski skipta meira máli um horfur til bata.

„Neikvæðu einkennin veit fólk oft lítið um. Þetta eru einkenni sem hafa meiri áhrif á batahorfur en geðrofseinkennin. Eins og skortur á drifkrafti, framtaksléysi, erfitt getur verið að byrja á verkefnum og ljúka þeim, einstaklingarnir hafa minni ánægju af því að gera hluti sem veittu þeim ánægju áður. Þeir geta upplifað flatari tilfinningar, eða tjá ekki tilfinningar eins skýrt og áður

og hafa tilhneigingu til að draga sig í hlé og hafa minni áhuga á að vera með öðrum.“

Hjá stórum hluta þeirra sem eru með geðrofssjúkdóma eins og geðklofa koma fram einkenni um athyglisbrest, einbeitingarerfiðleika, skert minni og skerta stýrifærni. „Þessi einkenni valda því að erfiðara verður til dæmis að lesa lengri texta, að læra nýja hluti eða skipuleggja sig. Það sem við gerum hér á Laugarásnum er að meta þessa þætti því mikilvægt er að taka tillit til þeirra í allri endurhæfingu eins og starfsendurhæfingu,“ heldur Nanna áfram. „Síðar langar okkur svo að byrja að hjálfa upp þessa vitrænu getu, því að það er hægt og rannsóknir sýna að það yfirferist út í daglegt líf.“

Einkenni geðrofs eru ofskynjanir og ranghugmyndir. Þá geta fylgt geðrofi hugsanatrufnanir, en þá verða hugsanir til að mynda mjög hraðar eða mjög hægar og óreiðukenndar, jafnvel samhengislausar, og þá getur verið erfitt að fylgja þeim eftir. „Geðrofi fylgir oft mikill kvíði, hræðsla og þunglyndi – oft í takt við geðrofseinkennin. Ef þú heldur að það sé einhver á eftir þér sem ætlar gera þér mein þá er eðlilegt að vera hræddur. Geðrof er sjúkdómseinkenni, dálítið eins og hiti – ef þú færð hita er það ekki beint sjúkdómur heldur einkenni um undirliggjandi sjúkdóm, sem gæti verið kvefpest, eða hálsbólga eða eitthvað annað. Það sama á við um geðrofseinkenni, þar geta verið margar undirliggjandi ástæður.“

Algengasti geðrofssjúkdómurinn er geðklofi, en einnig eru til ýmsir aðrir á borð við geðhvörf með geðrofseinkennum, geðhvarfaklofa, þunglyndi með geðrofseinkennum, brátt og stuttvarandi geðrof. Þessir sjúkdómar eiga það sameiginlegt að eitt einkenna þeirra er geðrof. „Flestir geðrofssjúkdómar byrja fyrir þrítugt. Karlmann greinast fyrr, á seinni árum unglingsára og byrjun fullorðinsára, en konur aðeins seinna, 25 ára. „Þetta eru mjög ungir einstaklingar sem eru að veikjast.“

Nanna bætir við að þegar þetta sé allt sett saman, geðrofið, neikvæðu einkennin og breyting á vitrænni getu, geti margt í lífinu orðið ansi erfitt viðfangs.

„En heila málið er það að þegar fólk almennt hugsar um geðklofa hefur það mjög neikvæða sýna á sjúkdóminn en það er engin ástæða til þess. Rannsóknir sýna að horfurnar eru ekki slæmar.“

„Það hefur einnig sýnt sig í rannsóknum að þeim mun styttri tími sem einstaklingur er með ómeðhöndluð geðrofseinkenni, þeim mun betra. Ef gripið er inn eins snemma og hægt er eftir að fyrsta geðrofið byrjar, með sérhæfða meðferð, þá hefur það áhrif til hins betra á sjúkdómsganginn. Þetta bakka stórar rannsóknir upp. Slík meðferð leiðir til færri einkenna, aukinna lífsgæða, betri líðanar, sjálfsvígum fækkar og það verður minni neysla. Þessi meðferð er einnig ódýrari í heildina.“

Kannabis og geðrofssjúkdómar

Nanna segir skýr tengsl á milli kannabisneyslu og geðrofssjúkdóma. „Það fer ekki á milli mála að kannabis er efni sem getur framkallað geðrofseinkenni. Það eru til margar rannsóknir, til dæmis ein stór frá Svíþjóð þar sem kemur í ljós að þeir sem byrja að reykja snemma eru líklegri til að fá geðklofa. Eftir því sem ungt fólk byrjar að reykja fyrr, sérstaklega fyrir sextán-sautján ára aldur, þeim mun meiri líkur eru á því að þróa með sér geðrofssjúkdóm og einnig meiri líkur á því að geðrofssjúkdómurinn þróist fyrr. Fólk er með mismikla undirliggjandi viðkvæmni fyrir geðrofssjúkdómum. Til dæmis getur saga um geðrofssjúkdóma í nánum ættingjum orsakað slíka viðkvæmni. Þá er viðkomandi í meiri hættu á að þróa með sér geðrofssjúkdóm ef hann reykir kannabis.“



Rýmum fyrir nýrri barnafatalínu Íslensk hönnun

50% afsláttur af öllum barnafötum

Reykavík Akureyri & lindesign.is

Náttföt 3.980 kr / 1.990 kr

Kjöll 3.980 kr / 1.990 kr

Peysa 2.490 kr / 1.245 kr

Bolur 2.490 kr / 1.245 kr

Pils 1.990 kr / 990 kr

Buxur 2.790 kr / 1.395 kr

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri www.lindesign.is

GEGGJAÐ TILBOÐ!

*Thin & Crispy eða Deep Pan pizza
og Coke*



Coke 0,5 l og pizza 498 kr.

Coke 1,0 l og pizza 548 kr.

Coke 2,0 l og pizza 598 kr.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA


Iceland

15 MEIRIHLUTAR

1 Borgarbyggð




2 Ísafjörður



3 Skagafjörður




4 Akureyri




5 Akranes




6 Mosfellsbær



8 Seltjarnarnes




9 Reykjavík




7 Fjarðabyggð




10 Árborg



11 Kópavogur




12 Garðabær



13 Hafnarfjörður



14 Reykjanesbær



15 Vestmannaeyjar



MYNDUN MEIRIHLUTA Sjálfstæðisflokkurinn er í meirihlutasamstarfi í ellefu af fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins. Björt framtíð á ellefu bæjarfulltrúa í fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins.

Sjálfstæðisflokkur með jafn marga og hinir til samans

Pann 31. maí gengu Íslendingar að kjörborðinu í sveitarstjórnarkosningum. Nú, tveimur vikum síðar, er áhugavert að skoða framvinduna í myndunum meirihluta í 15 stærstu sveitarfélögum landsins og skoða stöðu flokkanna sem eiga sæti á Alþingi. Í sumum sveitarfélögum bjóða fram staðbundnir listar og framboð sem eiga ekki skírskotun í landsmálin.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

Sjálfstæðisflokkurinn er í meirihlutasamstarfi í ellefu af fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins. Í þessum sveitarfélögum, þar sem um nú af hverjum tíu íbúum landsins búa, fékk flokkurinn 63 sveitarstjórnarmenn kjörna. Samanlagður fjöldi sveitarstjórnarmanna hinna flokkanna sem eiga sæti á Alþingi er 64. Því má segja að Sjálfstæðisflokkurinn sé í góðri stöðu á sveitarstjórnarstiginu. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki í meirihluta í Reykjanesbæ, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Meðalfylgi flokksins í sveitarstjórnarkosningunum er nærri 41 prósent.

Björt framtíð og Framsóknarflokkurinn eru hvor um sig í meirihluta í fjórum sveitarfélögum. Hins vegar er áhugavert að skoða í hvaða sveitarfélögum þessir flokkar eru í meirihluta. Björt framtíð hefur myndað meirihluta í fjórum stórum sveitarfélögum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Akranesi. Framsóknarflokkurinn hefur hins vegar myndað meirihluta á landsbyggðinni: á Akureyri, í Fjarðabyggð, í Skagafirði og í Borgarbyggð.

FJÖLDI BÆJARFULLTRÚA STJÓRN MÁLAFLOKKANNA OG FJÖLDI SVEITARFÉLAGA ÞAR SEM PEIR ERU Í MEIRIHLUTASAMSTARFI*

Bæjarfulltrúar	Sveitarfélag í meirihluta	
Framsóknarflokkur	20	4
Sjálfstæðisflokkur	63	11
Samfylking	25	3
Vinstri græn	7	2
Björt framtíð	11	4
Píratar	1	1

* Par sem flokkarnir buðu fram undir eigin merkjum í 15 stærstu sveitarfélögum.

Í þessum fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins hefur Björt framtíð ellefu bæjarfulltrúa og er að festa sig í sessi á sveitarstjórnarstiginu, en Framsóknarflokkurinn hefur á að skipa alls tuttugu bæjarfulltrúum.

Samfylkingin hefur myndað meirihluta í þremur sveitarfélögum af þessum fimmtán stærstu: á Akureyri, í Reykjanesbæ og í Reykjavík. Samfylkingin vann ágætán sigur í Reykjavík og á Akureyri en tapaði víðast hvar miklu fylgi, þar á meðal í þeirra sterkasta vígi, Hafnarfirði. Einnig er Samfylkingin ekki jafn dugleg við að bjóða fram undir eigin merkjum í sveitarstjórnarkosningum, líkt og Sjálfstæðisflokkurinn. Samfylkingin bauð fram undir

sínum merkjum í ellefu sveitarfélögum en Sjálfstæðisflokkurinn í þeim öllum.

Vinstri græn fengu sjö bæjarfulltrúa í þessum sveitarfélögum sem voru skoðuð og náðu þau að komast í meirihluta í tveimur sveitarfélögum, Reykjavík og Mosfellsbæ. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft hreinan meirihluta í síðustu tveimur kosningum en í bæði skiptin tekið VG með sér í meirihlutasamstarf. VG náði á nokkrum stöðum ekki mönnum inn í sveitarstjórnir.

Píratar buðu fram í fjórum sveitarfélögum en höfðu aðeins erindi sem erfiði í einu þeirra. Oddviti þeirra í Reykjavík náði inn í borgarstjórn og mun vera í meirihlutasamstarfi þar og fá sæti í borgarráði.



BLAÐAMANNAFUNDUR Oddvitar nýs meirihluta í Reykjavík kampakátir, S. Björn Blöndal, Dagur B. Eggertsson, Sóley Tómasdóttir og Halldór Auðar Svansson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

“Píratar buðu fram í fjórum sveitarfélögum en höfðu aðeins erindi sem erfiði í einu þeirra.

Aðeins fjögur staðbundin framboð sitja í meirihluta í þessum fimmtán stærstu sveitarfélögum. Í-listinn vann hreinan meirihluta á Ísafirði, L-listinn er í meirihluta á Akureyri og bæði Y-listi og Á-listi í Reykjanesbæ eru í meirihlutasamstarfi með Samfylkingu. Önnur framboð annaðhvort náðu ekki manni inn eða eru í minnihluta.

Sony Center



Bravia Hannað fyrir fótbolta

48"

Frábært verð - 5 ára ábyrgð
199.990.-



Glæsileg hönnun á frábæru verði

48" LED SJÓNVARP KDL48W605

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

VERÐ 199.990.-

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRÐUM



Örþunnt og flott

32" SJÓNVARP KDL32R435

- HD Ready 1366 x768 punktar
- 100 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD Link

Verð 99.990.-



Stórkostleg myndgæði

42" 3D LED SJÓNVARP KDL42W828

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

Tilboð 179.990.- Verð áður 199.990.-



Fæddur sigurvegari

55" 3D LED SJÓNVARP KDL55W955

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

Verð 449.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Kringlunni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri
569 7645

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN VISA*

*3,5% lántökugjald og 340 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

netto

Kræsingar & kostakjör

-40%

GRÍSAKÓTELETTUR
M/BEINI KRYDDAÐAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.798,-

1.079,-

NAUTALUNDIR
DANSKAR- FROSNAR
KÍLÓVERÐ

3.789,-

-30%

BBQ KJÚKLINGALEGGIR
ÍSFUGL
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 998,-

699,-

-30%

NAUTAKÓTELETTUR
M/HVÍTLAUK OG RÓSAPIPAR
2 STK Í PAKKA
VERÐ ÁÐUR 3.498,-

2.449,-

FERSKT LAMASNITSEL
Í RASPI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.673,-

1.978,-

HAMBORGARAR XXL
6X135G FROSIÐ - ÁN BRAUÐA
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-

999,-

-50%

KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 698,-

349,-

NAUTAMJADMASETIK
DANSKT - FROSIÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498,-

1.998,-

NAUTAGRILLSTEIK
SANTO DOMINGO
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.298,-

2.375,-


-25%

LAMBASIRLOIN GRILLSTEIK
KJÓTBANKINN
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.298,-

2.474,-

Tilboðin gilda 12. - 15. júní 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



LAMBALÆRI - KJÖTSEL
BLÁBERJAKRYDDAÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.898,-

-27%

1.386,-



GRÍSAGRILLSNEIÐAR
STJÖRNUGRÍS
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.498,-

-30%

1.049,-

HJÓLAÐU ÚT Í SUMARIÐ!

6
fyrir
4



1. Kaupu 6 fyrir 4 af 2 lítra Kristal með mexican-limebragði.
2. Taktu mynd af kassavittuninni.
3. Sendu mynd með nafni og símanúmeri á leikur@kristall.is. Þú getur líka sent kvittunina í pósti til Ölgerðarinnar, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík. Sjá nánar á kristall.is.



Egils



LAY'S SNAKK 4 TEGUNDIR
1750G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 329,-

299,-



4x2L Coke, Coke Light
eða Coke Zero ásamt
HM bókinni 2014

1.498,-



KELLOGG'S CORNFLAKES
250 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 279,-

198,-



LINDU SMÁBUFF
200 G
PAKKAVERÐ

249,-



BLÁBER
125 G BOX FRÁ SPÁNI
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 578,-

-50 %

289,-



FÍKJURÚLLUR
200 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 179,-

-22 %

140,-

www.netto.is

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

TANGÓDROTTNINGIN SEM ÖGRAR VIÐTEKNUM HUGMYNDUM



Á DRAUMASTAÐNUM Helena segist alltaf hafa verið haldin ævintýraþrá og lét drauminn um Búenos Aíres rætast fyrir tíu árum þar sem hún stjórnar tangóskóla.

La Vikinga lætur ekki að stjórn

Helen Halldórsdóttir varð ekkja með tvö ung börn 24 ára gömul. Hún tókst á við sorgina með því að fara í nám til Svíþjóðar og þaðan lá leiðin til Argentínu þar sem hún rekur tangóskóla og hennar tangóskó, auk þess að ferðast um allan heim til að kenna dansinn. Hún segir tangóinn hafa kennt sér að láta af stjórninni og að það sé það besta sem hún hafi lært.

Upphaflega flutti ég frá Íslandi til Svíþjóðar og á meðan ég bjó þar kynntist ég fullt af fólki frá Suður-Ameríku og fór tvisvar til Síle og dvaldi þar um tíma. Strax þá langaði mig til að fara til Argentínu en miðað við Suður-Ameríku var allt mjög dýrt þar, auk þess sem ég var með börnin með mér þannig að það var ekki tímabært þá. En draumurinn lifði og allt sem ég heyrði, sá og las um Argentínu sagði mér að Búenos Aíres væri minn staður. Þannig að ég ákvað að flytja þangað þótt ég hefði aldrei komið þar og lét þann draum rætast fyrir tíu árum.

Missti manninn 24 ára

Helen stóð uppi sem ekkja með tvö ung börn 24 ára gömul og tók þá ákvörðun að fara í nám í Lundi í stað þess að láta hugfallast. „Við bjuggum í Grindavík og ég hafði alltaf verið að reyna að fá manninn minn til þess að flytja eitthvert, til Danmerkur til dæmis, en hann var mjög jarðbundinn, eða sjóbundinn öllu heldur, og var ekki hrifinn af þeirri hugmynd. Stuttu áður en hann veiktist hafði hann þó skipt um skoðun og við vorum á leið til Sáði-Arabíu þar sem hann var búinn að fá vinnu. Síðan fékk hann þann úrskurð að hann væri með bráðahvítblæði og lést skömmu síðar, 27 ára gamall. Ári síðar tók ég þá ákvörðun að flytja til Svíþjóðar og fara að læra mannfræði og Mið-Austurlandafræði í Lundi. Stelpurnar voru átta ára og þriggja og hálf árs þegar pabbi þeirra dó og við bara fluttum með allt okkar hafurtask og litum ekki um öxl.“

Draumurinn um fjarlæg lönd yfirgaf Helen þó ekki og hún segir hlæjandi að ef plönin hefðu gengið eftir og þau hjón flutt til Sáði-Arabíu þá væri hún sennilega magadansmæri í dag en ekki tangódansari. Dansinn var nefnilega alltaf skammt undir yfirborðinu. „Ég hafði alltaf dansað mikið og verið í íþróttum en ekki verið hrifin af paradösum þar sem karlmaðurinn stjórnar, þannig að tangóinn sem gátu látið að stjórn í dansinum og sagði við sjálfa mig að ég hlyti að geta lært það líka. Það tók reyndar töluverðan tíma að láta að stjórn en síðan þá hef ég uppgötvað að það er sennilega það besta sem ég hef gert. Við erum svo vanar því, konur á Vesturlöndum, að hafa kontról á öllu og ég fann hvað það var þægilegt að láta einhvern annan sjá um stjórnina annað slagíð og geta notið þess að vera í stundinni.“

Fyrsta konan sem opnaði tangóstað

Helen hefur samt greinilega ekki alveg látið af því að þurfa að stjórna því að það er ekki nóg með að hún flytti út í óvissuna til Argentínu heldur byrjaði hún á því að stofna



LA VIKINGA – HELEN HALLDÓRSDÓTTIR „Það tók reyndar töluverðan tíma að láta að stjórn en síðan þá hef ég uppgötvað að það er sennilega það besta sem ég hef gert.“

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

þar tangóstað. Er það ekki hámark bjartsýnnar að setja á fót tangóstað í heimalandi tangósins? „Það eru 220 tangóstaðir opnaðir á viku í Búenos Aíres þannig að jú, það var kannski mikil bjartsýni. En þetta var það sem ég vildi gera og í mars 2004 opnaði ég staðinn minn þótt ég flytti ekki formlega til landsins fyrir en í maí. Eftir á sé ég að maður þarf að vera mjög kjarkaður en samt aðallega dálítið ruglaður til að láta sér detta svona í hug. Tangóheimurinn er mjög matsjó og ég var fyrsti útlendingurinn og fyrsta konan sem opnaði sinn eigin tangóstað í Búenos Aíres. Staðurinn hét La Vikinga, eins og fólk kallar mig þarna niður frá, og gekk bara mjög vel. Hann var dálítið öðruvísi en hinir, áherslan var á rafrænan tangó og flytjendurnir og dansararnir voru yfirleitt ungt fólk sem var að koma sér áfram sem gerði hann mjög vinsælan hjá yngri kynslóðinni.“

Þrátt fyrir vinsældirnar lokaði Helen La Vikinga og opnaði annan og hefðbundnari tangóstað sem braut þó hefðina að því leyti að þar voru samkynhneigdir velkomnir og staðurinn var reyklaus, sem þótti algjörlega út í hött á þeim tíma þegar allir tangóstaðir voru fullir af reyk og það þótti hluti af sjarmanum. „Mörgum þótti ég ansi kræf þegar ég ákvað að staðurinn

yrði reyklaus en á þessum tíma var komið reykband á Spáni og ég þóttist nokkuð viss um að það yrði sett á fljótlega í Argentínu, enda liðu ekki nema átta mánuðir þar til búíð var að banna reykingar á öllum tangóstöðum.“

Með miklu yngri dansherra

Helen byrjaði að kenna fólki tangósporin á staðnum sínum og smátt og smátt þróaðist það þannig að hún opnaði sinn eigin tangóskóla. „Það byrjaði þannig í framhaldi af tangókennslunni á staðnum að fólk fór að biðja um einkatíma og áður en ég vissi af var ég farin að reka skóla líka. Ég er reyndar hætt að reka staðinn, það fór ekki saman við það að vera á stöðugum sýninga- og kennsluferðalögum og 2009 lokaði ég síðasta tangóstaðnum mínum.“

Eins og fram hefur komið er tangóheimurinn mjög matsjó í eðli sínu, er ekkert erfitt fyrir konu að hasla sér völl sem kennari? „Það er orðið algengara en það var að konur kenni einar. Það er líka orðið algengt að konur séu, eins og ég, með miklu yngri dansherra. Áður voru karlarnir oftast með mun yngri konur í dansinum en nú hefur þetta dálítið snúist við.“

Spurð hvort dansherrann, Adrián Coria, sé meira en dansfélagi harð-

neitar Helen því og segist ekki hafa fest ráð sitt síðan hún varð ekkja. „Ég hef verið í bæði styttri og lengri samböndum en ekki haft nokkurn áhuga á því að gifta mig eða fara að búa með einhverjum.“

Fjóra til fimm mánuði á ári er Helen á flakki milli landa til að kenna tangó og segist yfirleitt hefja ferðina þegar fari að kólna í Búenos Aíres. „Ég er að kenna og sýna úti um allt í Bandaríkjunum og Evrópu og hef alltaf jafn gaman af því. Ég hafði víst einhvern tíma sagt að ég ætlaði að hætta þessum ferðalögum þegar ég yrði fimmtug en svo varð ég fimmtug í fyrrahaust og ég sé ekki fyrir mér að hætta neitt á næstunni.“

Þótti dálítið ögrandi

Dætur Helenar búa báðar í Svíþjóð og þar býr líka ömmustrákurinn sem orðinn er tíu ára, togar það ekkert í hana að flytja þangað aftur? „Jú, það gerir það auðvitað en ég er þar mikið og lít á Svíþjóð sem mitt annað heimaland. Það eru 25 ár síðan ég flutti frá Íslandi en það togar alltaf í mig líka þannig að nú er ég eiginlega teygð milli þriggja landa en eins og er er ég ekki á leiðinni að flytja eitt eða neitt.“

Það getur ekki hafa verið auðvelt fyrir einstæða konu að hasla sér völl í karlmennskuheimi tangó-

sins í Argentínu en Helen segist ekkert hafa hugsað út í það. „Ég þæli aldrei í hlutunum, ég geri þá bara. Ég þótti dálítið ögrandi til að byrja með, þessi ljóshærða kona sem dansaði gjarnan hlutverk herrans í tangónum, en ég varð aldrei vör við neina andúð. Mér var strax mjög vel tekið og þótt konur á Vesturlöndum hafi kannski meiri réttindi en þarna suður frá þá kemur á móti að þar er aldrei leyti borin mun meiri virðing fyrir konunni. Ég stend mig til dæmis að því að standa og biða eftir að karlmaður opni dyr fyrir mér hér heima og fer svo bara að skellihlæja þegar ég fatta að það er ekki venjan hér. Maður er bara orðinn svo vanur því að það sé stjanað við mann.“

Helen er bara í stuttu stoppi á Íslandi og eftir helgina liggur leiðin til Parísar, Kaupmannahafnar, Gautaborgar, Parísar aftur, Stokkhólms og Berlínar þar sem þau Adrián halda námskeið í tangó. Hún viðurkennir að það geti verið þreytandi að búa í ferðatösku marga mánuði á ári, en það sé aðallega skemmtilegt. „Þetta er bara hluti af því lífi sem ég hef valið mér og ég er alveg hundráð prósent sátt við það. Að láta drauminn um Argentínu rætast er það besta sem ég hef gert og ég mun aldrei sjá eftir því.“

JIBBÍ JEI

Gerðu þér glaðan dag á 17. júní



kr. stk.
798

GASBLÖÐRUR Í ÚRVALI MINNI



kr. stk.
1098

GASBLÖÐRUR Í ÚRVALI STÆRRI



FRÁ **198**

ÍSLENSKI FÁNINN TVÆR GERÐIR

NÝTT Í ICELAND



398

NÓA SÚKKULÆÐI POPP 750 G



kr. stk.
248

SLEIKJÓSNUD STÓRT



348

CANDY FLOSS SWEETZONE



50% afsláttur

Á NAMMIBAR LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Sjálfstæðir Íslendingar.

Lýðveldið á tímamótum

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur rýnir í síðustu sjö áratugi lýðveldisins og breytta tíma fram undan hjá þjóðinni.

Sjaldan hefur þjóð staðið eins þétt saman og Íslendingar gerðu á Þingvöllum um 17. júní 1944. Þúsundir höfðu skundað þangað, aðrir voru á staðnum í anda. Lýðveldisstofnun var fagnað, bjart virtist fram undan. Sjálf-sagt er að fagna núna þessum tímamótum, horfa bjartsýn fram á veg og vona að öllum sem búa á Íslandi muni vegna vel. Reynsla síðustu sjö áratuga getur ýtt undir slíkar vonir. En sagan sýnir okkur líka hvernig hægt er að misnota fortíðina til að skapa falska ímynd um stöðugar framfarir, einingu og yfirburði sjálfstæðra Íslendinga, og ekki síður hvernig hugmyndir um sjálfstæði þjóðarinnar hafa breyst og munu halda áfram að breytast.

„Tröllpíndir af hefð ...“

Þegar ráðamenn á Íslandi litu um öxl sumarið 1944 hömпуðu þeir ímyndaðri sýn á söguna. Hún hent-aði hagsmunum þeirra og átti um leið hljómgrunn í hugum landsmanna. Sagt var að hingað hefðu haldið hetjur sem ekki hefðu þolað ok harðstjóra í Noregi og mynd- að eigið þjóðveldi, numið ný lönd, stofnað alþingi frjálsra manna, byggt saman blómlegar sveitir og samið einstakar sögur. Síðan hefði sundurlyndisfjandinn leitt til sjálfstæðismissis 1262 og við tekið ald- löng niðurlægning allra Íslendinga undir erlendri stjórn. Þjóðin hefði vaknað vonum seinna undir for- ystu Jóns Sigurðssonar og Fjöl- nis- manna og barist einhuga fyrir því sjálfstæði sem náðist loksins 1944.

Ein þjóð, ein saga. Sjálfstæði sem forsenda framfara, erlend yfirráð orsök hnignunar. Þetta var sú for- tíðarsýn sem féll í kramið í sjálf- stæðisbaráttunni en hún stóðst ekki tímans tönn. „Oft hefur mér fundist að sagnfræðingum okkar dytti helsti fátt í hug. Tröllpíndir af hefð hneigjast þeir mest til að rekja sögur eftir þjóðhetjuformúl- unni.“ Þannig komst Halldór Lax- ness að orði í Skáldatíma árið 1963 og breyttir tímar voru í vændum. Um okkar daga er margt dregið í efa sem áður þótti sannað. Fæstir – nema kannski ráðamenn á hátíð- arstundum – ætlast núna til þess að rannsóknum á liðinni tíð skuli eink- um ætlað að efla íslenski þjóð kraft og þor.

„Það sem sannara reynist ...“

Höfum frekar það sem sannara reynist, það er hin sjálfsgæða krafa samtímans. Sannfæring vikur fyrir efaþyggju. Þá kemur upp úr kafinu að kannski voru sagnir af Haraldi hárfagra seinni tíma tilbúningur. Alþingi var samkoma hinna fáu og valdamiklu, sagnaarfurinn röt- fastur í kristinni og evrópski hefð. Endalok þjóðveldisins svokallaða voru líklega óhjákvæmileg, hnign- un eftir 1262 orðum aukin og ein- földuð. Og stóru skilin í samfélaginu lágu ekki milli útlinginga og Íslend- inga heldur undirokaðs fjölda og fámennrar valdaklíku innfæddra sem erlendra. Sjálfstæðisvakn- ingin á nítjándu öld var svo hluti alþjóðlegrar þróunar. Þá streittist íhaldssöm yfirrátt gegn ýmsum umbótum og varla nokkur maður sá fyrir sér að Íslendingar gætu orðið fullkomlega sjálfstæðir í náinni framtíð.

Sumarið 1944 hefði mörgum þótt svona skrif jaðra við drottinssvik. Vonandi eru þeir færri sem hugsa þannig sjöttu árum síðar. En hvað með sögu lýðveldisins? Hana má vissulega sjá í hetjuljóma. Fólk er flest efnaðra, frjálsara og hraust- ara, lífskjör óvída eins góð. Eitthvað réð þessum framförum. Freistandi væri að segja að Íslendingar hafi fundið kraftinn sem fólst í frelsinu



17. JÚNÍ 1944, Hátíðarhöld á Þingvöllum í tilefni af stofnun íslenska lýðveldisins. Til sam- burðar má sjá hátíðarhöld í Reykjavík vegna Gaypride, gleðigöngun- ar árið 2013 þar sem Jón Gnarr, fráfarandi borgarstjóri klæðist íslens- kum þjóðbún- ingi.

og sjálfstæðir hafi þeir sameinast um sín þjóðþrifaverk. Þannig væri þó aðeins hálf sagan sögð, sleppt með öllu áhrifum að utan og ágrein- ingi innanlands.

Stuðningur að utan

Þegar Ísland gekk í Sameinuðu þjóð- irnar árið 1946 var það langfámenn- asta aðildarríkið. Þeir voru til sem vefengdu að svo lítil þjóð gæti stað- ið á eigin fótum. Slíkar efasemdir voru ekki út í bláinn. Tæpum ára- tug fyrir glímdu landsmenn við afla- og markaðsbrest svo óttast mátti greiðsluþrot ríkisins. En þá kom „blessað stríðið“. Atvinnuleysi hvarf, stríðsgróðinn flóði um landið. En því miður kunnu menn ekki fótum sínum forráð. Öllu var eytt og enn blasti við greiðsluvandi ytra. Svartsýni og átök grúfðu yfir mann- lífinu. Aftur kom hins vegar „gott stríð“, kalda stríðið, og Íslendingum var borgið. Þótt fáir í Evrópu kæm- ust eins vel úr hildarleik styrjald- arinnar fengum við margfalt meira Marshall-fé að tiltölu en nokkurt annað ríki. Hagstæð lán og gjafafé frá bandamönnum treystu efnahag- inn áfram, að ekki sé minnst á her- stöðina á Miðnesheiði.

Hernaðarlegt mikilvægi Íslands í kalda stríðinu skipti sköpum. Þróun hafréttar var líka gulls ígildi. Í hálfra öld höfðu landsmenn þurft að þola óbreytt ástand, hina þröngu þriggja mílna landhelgi, vanmegnugir að breyta nokkur þar um. Frumkvæði ytra kom okkur til bjargar. Bandarísk stjórnvöld eign- uðu sér eigið landgrunn árið 1945

og fjölmörg ríki Rómönsku-Amerí- ku fylgdu þegar í kjölfarið með kröfum um 200 mílna lögsögu, ára- tugum áður en sú leið var farin hér. Sovétríkin og Kína framfylgdu líka 12 mílna landhelgi og nýfrjáls ríki víða um heim færðu út sínar kvíar. Við vorum í þeim hópi, nutum bar- áttu annarra um leið og við sóttum okkar eigin rétt, að nokkru í skjóli Bandaríkjanna og NATO. Þorska- stríð þurfti samt og öllum lauk þeim með samningum þótt lokasigurinn hafi verið ótvíræður.

Þorskastríðin eru gjarnan sögð framhald sjálfstæðisbaráttunnar. Svo miklu skipta yfirráð yfir mið- unum í íslenski þjóðarsál að meiri- hluti landsmanna mun tæpast sam- þykkja aðild að Evrópusambandinu nema þau réttindi verði gulltryggð til frambúðar. Fólk finnst að annars verði sjálfstæði landsins orðin tóm. Hið er annað mál að þeir sem komu saman í rigningunni á Þingvöllum fyrir sjöttu árum myndu ekkert endilega fallast á að Íslendingar samtímans njóti þess sjálfstæðis sem þeir sáu þá fyrir sér.

Hlutleysi, herleysi og 1262

Lýðveldið var aðeins nokkurra ára gamalt þegar ráðandi skilgrein- ingu á sjálfstæði landsins var fyrst breytt. Sumarið 1944 sá fólk fyrir sér að Ísland yrði hlutlaust og her- laust um alla framtíð en kalda stríð- ið kollvarpaði þeim vonum. Fyrst var gengið í Atlantshafsbandalag- ið 1949 og tveimur árum síðar kom bandarískt herlið sér fyrir í landinu á nýjan leik. Í kenningum um stöðu

→ Nær allir sem komu saman á Þingvöllum fyrir sjöttu árum höfðu fæðst á Íslandi, tilheyrðu hinni evangelísku lútersku þjóð- kirkju, áttu aðeins íslensku sem móðurmál og fæstir höfðu búið erlendis um lengri eða skemmri tíma.

ríkja í heiminum er gjarnan nefnt að þau geti ekki talist sjálfstæð nema þau búi yfir eigin heraflo, þótt ekki sé nema til málamynda. Á Íslandi var slíkum sjónarmiðum hafnað að mestu. Sjálfstæðið var einfaldlega endurskilgreint eftir þörfum.

Þeir sem voru til vinstri í stjórn- málalabaráttunni staðhæfðu aftur á móti að sjálfstæði landsins hefði skerast. Sama sögðu þeir þegar erlendum stórfyrirtækjum var boðið að reisa hér álverksmiðjur. Efasemdir og mótmæli heyrðust líka þegar Ísland gekk í Fríverslun- arsamtök Evrópu, EFTA, árið 1970. Enn meiri styrir varð þegar landið gerðist aðili að Evrópska efna- hagssvæðinu árið 1994. Svo mikil urðu umskiptin á hagkerfi lands- ins og lagaramma að helst mátti líkja við Gamla sáttmála 1262 og þær breytingar sem honum fylgdu. „Önnur eins breyting hefur ekki orðið í íslenski löggjöf síðan á 13. öld þegar Járnsíða og síðar Jónsbók voru lögleiddar,“ sagði Sigurður Lín-

dal prófessor réttilega. Við lýðveld- isstofnun gátu menn ekki ímyndað sér að bein og óbein áhrif yfirþjóð- legs fyrirbæris á borð við Evrópu- sambandið yrðu eins mikil í land- inu og raun ber vitni. Frá stofnun Evrópska efnahagssvæðisins hefur frekara vald verið framselt út fyrir landsteinana, svo mjög að það brýt- ur eflaust í bága við lýðveldisstjórn- arskrána. En það er eins og margir yppi bara öxlum yfir því um leið og þeir endurskilgreina sjálfstæðið á ný.

Sjálfstæði í voða

Haustið 2008, í hrúninu mikla, blasti við greiðsluþrot ríkisins. Bjargbrúnn var enn þá nær en árin fyrir „blessað stríðið“ þegar allt var í voða. Með samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn urðu íslensk stjórnvöld að þola tíma- bundna skerðingu á efnahagslegu sjálfstæði sínu. Enn á eftir að leysa landið úr höftum þannig að íslenska ríkið geti talist jafnoki annarra á alþjóðavettvangi. Sjálfstæðið er skert nú um stundir nema það sé endurskilgreint enn eina ferðina.

Verndaðir Íslendingar?

Flestir hljóta að sjá að hugmynd- ir Íslendinga um sjálfstæði eru aðrar núna en þær voru sumarið 1944. Á sama hátt breytast bless- unarlega skilgreiningar á þjóð og þjóðerni – og reyndar ekki aðeins skilgreiningarnar. Nær allir sem komu saman á Þingvöllum fyrir sjöttu árum höfðu fæðst á Íslandi, tilheyrðu hinni evangelísku lú- tersku þjóðkirkju, áttu aðeins íslensku sem móðurmál og fæstir höfðu búið erlendis um lengri eða skemmri tíma. Einsleitnin var yfir- gnæfandi og mátti það breytast? Um þetta leyti og næstu áratugi var mörgum landsmönnum annt um að vernda allt sem íslenskt var. Þegar bandarískt herlið sneri á ný til landsins kröfðust ráðamenn þess á laun að „engir negrar“ kæmu hingað. Með vísun í tíðaranda og tortryggni smáþjóðar má útskýra þá kynþáttafordóma en alls ekki afsaka. Tunguna þurfti vist líka að verja fyrir erlendum „slettum“ og kanasjónvarpi. Halda þurfti í heiðri nafnahefð með því að neyða þá fáu útlinginga sem vildu íslenskan rík- isborgararétt til þess að afsala sér eigin nafni (og horfa fram hjá þeim Íslendingum sem báru ættarnöfn óáreittr). Og alger óþarfi þótti að hafa orð á því að sannir Íslendingar gætu ekki verið samkynhneigðir.

Allt hefur þetta breyst. Sú hug- mynd er horfin að ein þjóð skuli vera eins þjóð. Sem betur fer hefur meirihluti Íslendinga ekkert á móti því (eða hvað?) að íbúar þessa lands séu ólíkir á hörund, tilheyri hinum og þessum trúfélögum, séu hommar og lesbíur, heiti alls kyns nöfnun, tali með hreim, fæddir í fjarlægum löndum. Þjóð með sjálfs- traust leitar eftir fjölbreytni, fleiri síðum og ólíku fólk.

Það er svo bágð að standa í stað

Þjóðir geta vart búið sér verri örlög en þau að streitast á móti öllum breytingum. Við höfum breyst og hugmyndir okkar um sjálfstæði í hörðum heimi hafa breyst. Þannig hefur okkur tekist að viðhalda hér samfélagi sem er með þeim væn- legustu á jörðinni. Við höfum líka notið góðs af samvinnu við önnur ríki og frumkvæði þeirra á ýmsum sviðum. Loks höfum við Íslending- ar eflst og dafnað vegna ættjarð- arástar, þeirrar djúpstæðu tilfinn- ingar sem er svo dýrmæt í réttum mæli. En ástin á landi og þjóð má ekki verða svo mikil að búin sé til fölsk mynd af afrekum og kostum að fornu og nýju. Það væri háð en ekki lof.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LANDNÁMSDAGUR

Landnámsdagur er haldinn hátíðlegur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í dag með veglegri dagskrá sem hefst kl. 11 að Áshildarmýri. Kúabændur í Þrándarholti bjóða heim og hægt er að skoða minka í Mön. Þá verður margt um að vera í Þjóðveldisbænum auk þess sem afhjúpað verður söguskilti í Þjórsárholti.

DIVERGENT
Framhald myndarinnar!

Sástu myndina?
Hér er framhaldið

Fullt verð 3.299,-
2.799,-

JÚNÍTILBOÐ!

Önnur bókin í hinum geysivinsæla Divergent bókaflakki, er komin út í kilju og er á sérstökú útgáfutilboði hjá öllum betri bóksöllum!



- Samkvæmt 840.000 notendum GoodReads!

„Roth kann að skrifa. Flókin fléttan og ógleymanleg umgjörðin skapa sögu sem mun ekki svíkja aðdáendur fyrstu bókarinnar“
- Publishers Weekly um Andóf

Björt BÓKAÚTGAFA

www.bjortutgafa.is



LOKSINS LAUSN
Maja er loksins laus við sólarexem eftir að hún fór að nota Skin Care Perfect Tan.

NÝTUR SÓLAR ÁN SÓLAREXEMS

ICECARE KYNNIR Eftir að Maja prófaði Skin Care™ Perfect Tan gat hún loksins notið þess að liggja í sólbaði. Áður hafði sólarexem eyðilagt fyrir henni sólarlandaferðir. Nú getur Maja notið ferðarinnar og sólarinnar án þess að fá sólarexem og þjást af vanlíðan vegna þess.

Maja vann lengi í dönsku versluninni Matas og fékk áhuga á heilsuvörum í starfi sínu. „Þegar ég kynntist Perfect Tan-töflunum fyrst ákvað ég að prófa þær, enda með mjög viðkvæma húð,“ segir hún. „Fríin mín hafa oft og mörgum sinnum eyðilagst vegna sólarexems. Hendur og fætur voru sérstaklega slæmar af sólarexeminu sem þróaðist oft yfir í blöðrur sem var virkilega óþægilegt. Þetta gerðist þrátt fyrir að ég væri í skugga og hefði notað sólarvörn,“ segir Maja.

PERFECT TAN VIRKAÐI FRÁBÆRLEGA

„Ég var mjög spennit fyrir því hvernig töflurnar myndu virka. Ég byrjaði að taka þær inn um mánuði áður en fríið hófst. Ferðin var yndisleg

og Perfect Tan virkaði frábærlega. Ég gat virkilega notið ferðarinnar án þess að fá sólarexem. Ég upplíði það líka að ég gat verið meira úti í sólinni en ég er vön. Mamma hrósaði mér mörgum sinnum fyrir það hvað ég væri sólbrún, en ég fæ yfirleitt ekki lit. Það er frábært að finna vöru sem virkar, ég er orðin fastur viðskiptavinur Perfect Tan.“



HVAR ER HÆGT AÐ KAUPA SKIN CARE™ PERFECT TAN?

Það er hægt að kaupa Skin Care Perfect Tan í apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og öllum heilsuverslunum. Það er einnig hægt að fá Skin Care Perfect Tan á heimasiðu umboðsaðilans, www.icecare.is. Ef þú hefur spurningar hafðu samband við starfsfólk IceCare á icecare@icecare.is.

HÓTEL STJÓRNUN
HOTEL MANAGEMENT

for further information
visit www.cesarritz.is
or phone the office at
594 4000

WWW.MK.IS

Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is
og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI • UNIVERSITY LEVEL

César Ritz



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERDAMÁLASKÓLINN LEIDSÖGUSKÓLINN

Viltu starfa á alþjóðavettvangi? Do you want to work abroad?

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum.

Nemendur útskrifast með alþjóðlegt skírteini í hóteltjórnum og geta í framhaldi lokið BA námi í Sviss.

Námið fer fram á ensku.

An exciting new option for those who hold a university entrance certificate or a vocational certificate in the hospitality industry. Students graduate with a certificate in Hotel and Restaurant Operations and may continue their studies towards a BA degree at César Ritz Colleges in Switzerland.

INNRIÐUN STENDUR YFIR! ENROL NOW!





HVERAGERÐI

- blómstrandi bæri



Heilsubærinn Hveragerði

Vinalegt samfélag

Eggjasuða í Hveragarðinum

Rómantískar gönguleiðir

Afar fjölbreyttar hátíðir

Garðyrkja og græn svæði

Einstakur golfvöllur

Rómuð náttúrufegurð

Drauma sundlaug

Iðandi lista- og menningarlíf



GARÐAKONA
Birna hefur lagt mikla rækt við garðinn síðustu þrjú ár.

HUNDRAÐ STYTTUR SKREYTA GARÐINN

GARÐRÆKT Birna Sigmundsdóttir hefur unun af garðrækt. Hún er líka veik fyrir garðálfum og stytum og bregður þeim fyrir á víð og dreif um garðinn hennar. Alls eru stytturnar um hundrað talsins.

Ég flutti í íbúðina mína í Laugardalnum fyrir þremur árum. Þá var hér garður í algerri órækt. Ég hreinsaði allt út og fékk til liðs við mig yndislega garðyrkjumenn frá Garðapjónustu Íslands. Þeir komu með stórvirkar vinnuvélar, mokuðu öllu út og skiptu um jarðveg. Ég bjó til beð, plantaði trjám og rósarunnum og byggði garðinn upp. Þetta var ofboðsleg vinna og fyrsta sumarið fór alfarið í þetta,“ útskýrir Birna. Í fyrra var komin mynd á garðinn og þá fór hún að skreyta hann frekar með garðálfum og stytum. „Ég er veik fyrir svona garðskrauti og er alltaf með augun opin. Ég hef keypt það á haustin og viðurkenni að ég á erfitt með að standa það úti í búð. Ætli stytturnar séu ekki orðnir um hundrað talsins en auk álfa eru hús, tröll, kýr, endur, litlar brýr og gosbrunnar í garðinum,“ segir Birna.

Garðurinn er sannkallað ævintýraland og segir Birna marga staldra við hann og skoða. „Mér finnst það bara gaman. Fólk kemur og spyr og spekúlerar. Þegar ég tók skrautið niður eftir sumarið í fyrra spurðu börnin forviða hvað hefði orðið um álfana. Ég sagði þeim að þeir væru farnir í álfalandið en kæmu aftur.“ Enginn hefur að sögn Birnu hreyft við álfunum og fá þeir alveg að vera í friði. „Það eru jafnvel dæmi um að fólk skilji eftir stytturnar hjá mér. Þegar ég vaknaði einn morguninn höfðu fjórar beljur bæst í hópinn og annan dag berrassað tröll.“

Birna býr í tvíbýli og eru nágrannarnir ánægðir með framtakið. „Þeir eru ekki garðafólk svo að ég fékk lausan tauminn.“ ■ vera@365.is



ALLS KYNS VERUR Í garðinum eru auk álfa; hús, tröll, kýr, endur, litlar brýr og gosbrunnar.



HEFUR TEKID STAKKASKIPTUM
Garðurinn var í algerri órækt þegar Birna hófst handa við að taka hann í gegn fyrir þremur árum.



VEKUR ATHYGLI Margir staldra við og virða garðinn fyrir sér. Birna hefur bara gaman af því.



ÆVINTÝRALAND Álfarnir eru í meirihluta.

Kremið sem umbreytir húð þinni
frá fyrstu snertingu

Nýjung Miracle Cream



UMBREYTI
HÚÐINI
GEGN ÖLDRUN
OG AÐLAGAST
HÚÐLIT ÞÍNUM
FULLKOMLEGA

UMBREYTING Á AUGABRAGÐI

Einstök innihaldsefni í kreminu eru rík af örsmáum
litarögnum, sem sjálfkrafa aðlaga sig að húð þinni

• slétta • jafna • gefa húðinni óaðfinnanlegan ljóma

Formúlan gegn öldrun inniheldur 7 virk innihaldsefni

• stinnir húðina • dregur úr hrukkum og fínunum línunum

Prófað á yfir 1500 konum með mismunandi húðgerð og húðlit.

Take care.
GARNIER



FLÓAMARKAÐUR Íbúar Norðlingaholts verða með flóamarkað á morgun við Árvað og eru allir velkomnir. MYND/GETTY

SKOTTMARKAÐUR Í NORÐLINGAHOLTI

Allt milli himins og jarðar til sölu í skottum bíla.

Íbúar í Norðlingaholti ætla að halda skottmarkað á morgun á milli klukkan tvö og fjögur. Þær Halla Hjördís Eyjólfssdóttir og Þórdís Steinarsdóttir hafa veg og vanda af skipulagningu markaðarins. „Við tókum okkur saman tvær sem vinnum á Rauðhóli, leikskólanum í Norðlingaholti, og ákváðum að efna til skottsölu þar sem íbúar hverfisins geta komið og selt það sem þeir vilja og kannski keypt það sem þá vantar.

Á markaðnum verða bækur, föt, skór, skartgripir, barnaföt, leikföng og bara allt sem fólki dettur í hug að selja. Rúmlega tuttugu manns verða með opið skott og þetta verður örugglega mikið fjör,“ segir Halla.

Markaðurinn verður á bílastæðinu við Árvað, fyrir neðan Norðlingaskóla, og eru allir velkomnir á markaðinn, hvort sem þeir eru íbúar Norðlingaholts eða ekki.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölu menn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512 5447

FARA BAKTERÍUR MEÐ Í FRÍÐ ÞITT?

RARITET KYNNIR Taktu verndandi bakteríur fyrir meltinguna með í fríð og njóttu þess að borða allt sem þig lystir. Bakteríuflóran „For travelling abroad“ frá OptiBac Probiotic verndar bakteríuflóru líkamans og styrkir ónæmiskerfið.

Hætta á meltingarvandamálum eykst þegar ferðast er til útlanda; ekki síst matareitrun. Magakveisur og kvef eru algengasta ástæða veikinda í fríum því þá snæða ferðalangar öðruvísi mat og framandi fæði sem þeir þola verr í maga. Á sama tíma eykst hættu á bakteríusýkingum úr umhverfinu vegna allra hinna ferðamannanna.

Með því að taka inn góða meltingargerla styrkist meltingarflóran og ónæmiskerfi líkamans og þar með varnir líkamans gegn óæskilegum bakteríum sem valdið geta meltingarvanda.



VELLÍÐAN Í MAGA Ferðalög geta tekið sinn toll og því mikilvægt að undirbúa meltingarvegaflóruna vel áður en haldið er utan í sumarfrí.

BYLTINGARKENND LAUSN FYRIR MELTINGUNA

Það er öllum hvílleitt að glíma við meltingartruflanir í sumarfrí á erlendri grundu og slíkt getur hæglega eyðilagt fríð. Helmingur þeirra sem ferðast til útlanda finnur fyrir óþægindum í maga og þá sérstaklega þegar ferðast er til framandi landa. Með því að taka inn vinveitta meltingargerla er unnt að minnka verulega hættu á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægðatregðu og matareitrun.

SÉRSNÍÐIN LAUSN FYRIR UTANLANDSFERÐINA

„For travelling abroad“ er tvívirkt bakteríuformúla til að taka með í fríð. Hún inniheldur hátt hlutfall góðra baktería, svo sem lactobacillus og bifidobacterium, sem eru verndandi fyrir meltingu

FOR TRAVELLING ABROAD
fæst með **20 prósentu afslætti** út júní

og þarmaflóru og minnka hættu á að óvinveittir gerlar setjist að í meltingarvegi. Auk þess inniheldur hún saccharomyces boulardii sem losar þarmaflóruna við óæskilegar bakteríur og dregur verulega úr líkum á magakveisum og niðurgangi.

„For travelling abroad“ er frábær vörn fyrir alla fjölskylduna.



HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?

OptiBac Probiotics fæst á eftirfarandi stöðum:

- Lifandi markaður Lyf og heilsa Apótekarinn Lyfsalinn Lyfjaver Heilsuver Lyfjaval Reykjavíkurapótek Apótek Vesturlands Apótek Suðurnesja Árbæjarapótek Apótek Garðabæjar Apótek Hafnarfjarðar Urðarapótek Rima Apótek Akureyrarapótek Garðs Apótek Apótek Ólafsvíkur Heilsutorgið í Blómaval

Athugið að úrval getur verið mismunandi eftir útsölustöðum.

NÝ SENDING KOMIN

Aptiless seldist upp á augabragði, enda mest selda fitubrennslufnið í Noregi og Svíþjóð. Þökkum frábærar viðtökur.

Færri kíló - Minna ummál með spínat extrakt Nýtt á Íslandi

Aptiless fæst eingöngu í Noregi, Svíþjóð og nú á Íslandi. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteínefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati en **Thylakoids** dregur úr hungri Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur - Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru. 100% náttúrulegt

Vísindaleg sönnun á virkni

Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum. **Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi**

Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag



Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð mynd: Kennet Ruona



Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölastaðir flest apótek og heilsuþúðir.

JÓGAHÁTÍÐ Í BORGARFIRÐI

Jógahátíðin Jóga á sumarsólstöðum verður haldin dagana 18. til 22. júní á Varmalandi í Borgarfirði. Boðið verður upp á jóga kvölds og morgna, hugleiðslu, ýmsa fyrirlestra og lífrænan grænmetismat.

Jógahátíðin Jóga á sumarsólstöðum er nú haldin í fjórða sinn en fyrsta hátíðin fór fram í Árskógi við Eyjafjörð árið 2011. Næstu tvö ár var hátíðin haldin á Lýsuhóli á Snæfellsnesi og nú á Varmalandi í Borgarfirði.

„Markmið hátíðarinnar er að lyfta fólki upp, bæði andlega og líkamlega og hjálpa því til betra lífs með jóga og hollu fæði,“ segir Sólveig Kristjánsdóttir, einn skipuleggjenda hátíðarinnar.

Dagskráin er stútfull af viðburðum. Boðið verður upp á jógatíma kvölds og morgna, hugleiðslu, gönguferðir, ratleik og gong-slökun svo dæmi séu nefnd. Þá verða ýmsir fyrirlestrar á dagskrá. Salvör Nordal mun fjalla um þögnina og Guðrún Darshan um sútrur (lífsreglur) vatnsberaldarinnar. Eins verður fjallað um hvernig er hægt að breyta matarvenjum sínum til frambúðar.

Á hátíðinni er lögð áhersla á bragðgóðan lífrænan grænmetismat. „Matreiðslukonur hátíðarinnar eru þaulvanir grænmetis- og hráfæðiskokkar og hafa



SLÖKUN Gong-slökun úti í guðsgrænni náttúrunni.

það að markmiði að kaupa sem mest lífrænt. Mörgum hefur þótt maturinn á hátíðinni standa upp úr og gera það að verkum að fólk ákveður að koma aftur og aftur,“ segir Sólveig.

Dagskráin mun að mestu fara fram í Félagsheimilinu Þinghamri. Þar munu þátttakendur iðka jóga og hlýða á fyrirlestra. Þá

verður hægt að leigja herbergi á heimavistinni við grunnskólann á Varmalandi. Maturinn verður borinn fram í skólanum en þar er sömuleiðis aðstaða fyrir barnadagskrá. Við félagsheimilið er líka stór sundlaug ásamt tjaldstæði.

Allar nánari upplýsingar og skráning fer fram á www.sumarsolstodur.is



MELISSA DREAM OG ÞÚ SEFUR BETUR

Melissa Dream-töflurnar hjálpa þér að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur. Sítrónumelis-töflurnar (Lemon balm) viðhalda góðum og endurnærðum svefni. Töflurnar innihalda auk þess mikið magn magnesíums sem dregur úr óþægindum í fótum og handleggjum.



ÞJÁIST ÞÚ AF SVEFNLEYSI?

ICECARE KYNNIR Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið fól og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann, það er ekki óalgengt að vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð.

SOFÐU BETUR

Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prufa Melissa Dream-töflurnar. Sítrónumelis-töflurnar (Lemon balm) viðhalda góðum og endurnærandi svefni.

MELISSA DREAM

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (Lemon balm), Melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þetta vísindalega samsetta náttúrulyf er hannað til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og inniheldur ekki efni sem hafa sljógvandi áhrif. Sítrónumelis-taflan (Lemon balm) inniheldur náttúrulegu aminosýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíums, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.

GAT LOKS SLAKAÐ Á Borghild Ernulf var í



BORGHILD ERNULF Endurnærð á morgnana.

mörg ár sjálfstæður atvinnurekandi og þekkt fyrir mikinn eldmóð og hefur enn fullskipaða dagskrá. „Afpreygingin breyttist frá því að vera vinnutengd yfir í hluti eins og golf og bridds. Þrátt fyrir að þurfa ekki lengur að hafa hugann við vinnuna, átti ég samt erfitt með að slaka á,“ segir Borghild, sem ræddi svefnvandamál sín við vin sinn frá Svíþjóð. „Við ræddum mikilvægi góðs nætursvefns fyrir almenna vellíðan. Hann lagði til að



ELÍN Frábært að vakna eftir góðan nætursvefn.


ég prófaði Melissa™, sem hann notar sjálfur til að öðlast góðan nætursvefn,“ útskýrir Borghild.

„Ekki leið á löngu þar til svefnmynstrið varð eðlilegt á ný. Ég hafði prófað aðrar vörur til að finna lausn á svefnvandamálinu en það var ekki fyrr en ég tók Melissa™ að ég gat slakað á og sofið vært.“

SEFUR EINS OG ENGILL

Undanfarin ár hefur Elín, sem er 62 ára, átt erfitt með að festa svefn og átti það til að vakna oft að nóttu til. „Það er óþolandi að liggja í rúminu og bylta sér af því að maður getur ekki sofið. Á daginn átti ég erfitt með einbeitingu. Ég var alltaf þreytt. Ég hljóp um eins og hauslaus hæna, og kom engu í verk vegna þess að ég fékk ekki nægan svefn. Nú líður mér stórkostlega. Ég er úthvöld og glöð þegar ég vakna. Ég er orkumeiri yfir daginn og afkastameiri. Ég tek inn töfluna klukkutíma áður en ég háta. Það er ótrúleg tilfinning að vakna eftir góðan nætursvefn.“

Fánlegt í apótekum og heilsuverslunum. Til að fá frekari upplýsingar eða kaupa á netinu, farðu á: www.icecare.is



Julius-K9 hundabeislin hafa verið kosin þau bestu frá árinu 2010 af leiðandi hundatímaritum í Evrópu!



OptiBac
probiotics
Flatur magi

Fáðu flatan maga!

...Með hjálp Optibac Probiotics-gerlana

„Ég nota „For a Flat Stomach“ sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Ég hef notað þá að staðal-dri í tæpt ár og get ekki hugsað mér að vera án beirra!“



Marta Eiríksdóttir starfar í Lifandi markaði og sem jógakennari.



www.facebook.com/optibaciceland

Þú færð Optibac probiotics í öllum helstu apótekum

Orkuskot fyrir æfingar

WE BEET THE COMPETITION

Eitt skot = 6 rauðrófur eða 1 líter af rauðrófusafa



EKTA AMERÍSKUR BRÖNS MEÐ ÖLLU

TEXASBORGARAR KYNNA Amerísku pönnukökurarnar á Texasborgurum með hlynsírópi og alls konar girnilegu góðgæti draga marga að í bröns um helgar. Fjölskyldur hittast og eiga góða stund á Texasborgurum.

Fastur punktur hjá mörgum ferðamönnum er að gæða sér á bröns eða blöndu af síðbúnum morgunverði og snemmtæknum hádegisverði. Á íslensku er það kallað dögurður og getur verið samtíningur af ótalmörgu. Á Texasborgurum við Grandagarð er ekki verið að flækja málin heldur boðið upp á ekta amerískan bröns um helgar frá 11-16 eins og á dæner í Texas.

„Ég fer alltaf á dæner undir hádegi þegar ég er í Bandaríkjunum,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Þessi ameríski siður með brönsinn er alveg frábær.“ Hann ákvað því að bjóða sjálfur upp á uppáhaldið sitt hér heima, en ekki bara fyrir ferðamenn heldur einnig Íslendinga, sem eru margir hverjir komnir á bragðið.

„Þú velur annaðhvort tilbúna samsetta rétti eða færð þér pönnukök með hlynsírópi og velur svo annað sem þú vilt á diskinn eftir svengd og smekk,“ segir Magnús Ingi. „Þetta þekkjast allir Ameríkanar og æ fleiri Íslendingar, enda verður sífellt algengara að vinir og fjölskyldur hittist yfir löngum dögurði á laugardegi eða sunnudegi.“ Kræsingarnar sem boðið er upp á, verðið og fyrirkomulagið á Texasborgurum ætti að ýta enn frekar undir það. Í rammanum sést úrvalið sem er á boðstólum.

Á vefsíðunni texasborgarar.is og á Facebook er meðal annars að finna matseðilinn og nýjustu tilboðin á Texasborgurum.

BRÖNSINN Á TEXASBORGURUM

San Antonio-bröns og kaffi | 690 kr.
Texas-pönnukök með hlynsírópi.

Amarillo-bröns og kaffi | 990 kr.
Texas-pönnukök, hlynsíróp og karamelliserauð epli með kanil.

Austin-bröns og kaffi | 1.290 kr.
Texas-pönnukök, hlynsíróp og bláber með vanillúis.

Dallas-bröns og kaffi | 1.290 kr.
Texas-pönnukök, hlynsíróp, beikon, tómatur, rauðlaukur og tvö steikt egg.

Houston-bröns og kaffi | 1.890 kr.
Texas-pönnukök, hlynsíróp, beikon, steiktar pylsur, steiktar kartöflur, bakaðar baunir, tómatur, rauðlaukur og tvö steikt egg.

AÐ EIGIN VALI OG AUKALEGA

Bakaðar baunir | 290 kr.

Beikon | 290 kr.

Steikt egg | 290 kr.

Steiktar kartöflur | 390 kr.

Steiktar pylsur | 490 kr.



ALVÖRU BRÖNS Pönnukökurarnar á Texasborgurum eru með hlynsírópi og alls konar girnilegu góðgæti. MYND/GVA



DALLAS-BRÖNS Texas-pönnukök, hlynsíróp, beikon, tómatur, rauðlaukur og tvö steikt egg.



AMARILLO-BRÖNS Texas-pönnukök, hlynsíróp og karamelliserauð epli með kanil.



FRÁBÆRT ÚRVAL Bröns fyrir alla aldrushópa á Texasborgurum.

**2
FYRIR
1**

af Dallas-bröns með kaffi milli 11 og 16 laugardega og sunnudega gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo.

Gildir til 31. júlí 2014.
Texasborgarar.is s: 517-3130

FER SEINT Í HÁTTINN

HELGIN Ólafur Geir Jónsson, plötusnúður og fyrrverandi herra Ísland, verður á ferð og flugi um helgina og tryllir Akureyringa í kvöld sem DJ Óli Geir.

Hvað er það sem þú gerir alltaf um helgar? Ég vinn flestar helgar. Ég sé um að skipuleggja viðburði fyrir nánast alla stærstu skemmtistaði landsins og er auk þess plötusnúður. Helgarnar eru því mínir aðalvinnudagar. Þegar tími gefst stunda ég líka heilmikla líkamsrækt á laugardögum en sunnudagarnir fara í afslöppun.

Hvað ætlar þú að gera sérstakt um þessa helgi? Þessa helgi er allt í gangi. Ég spilaði á Kótelettunni á Selfossi í gærkvöldi og í kvöld verð ég á Bíladögum á Akureyri þar sem ég mun spila í Sjallanum með Musleboy og Love Guru. Dagurinn fer því að mestu í undirbúning því ég legg mikinn metnað í það sem ég tek mér fyrir hendur.

Hvar finnst þér best að vera um helgar? Heima er best, alltaf. En þær helgar sem ég er heima fyrir eru of fáar.

Vakirðu fram eftir um helgar? Já, ég geri það, jafnvel þótt ég sé ekki að vinna. Þá leyfi ég mér að vaka lengur bara af því ég veit að það er komin helgi. Ég er þá ekkert að gera neitt sérstakt. Ég er mikill dundari og finn mér alltaf eitthvað til dundurs. Sófinn er líka vinsæll. Það tekur mig yfirleitt tvo til þrjá tíma að ná mér niður eftir gígg og geta þá gengið til hvílu. Ég fer því mjög seint í háttinn um vinnuhelgar.

Ertu árrisull eða sefurðu út? Það fer eftir hvað ég var að gera. Um fríhelgar reyni ég að vakna snemma og nýta daginn. Ef ekki, næ ég mér í allan þann svefn sem ég þarf. Ég byrja svo yfirleitt daginn á því að fara í ræktina og verð þannig orku-meiri yfir daginn.

Hver er draumamorgunverðurinn? Ætli það sé ekki egg og beikon.

Hvernig er dæmigert laugar dagskvöld í þínu lífi?

Ég fæ mér yfirleitt eitthvað gott að borða og síðan hefst undirbúningur undir kvöldið. Ef ég á tíma aflögu hitti ég góða vini og fer svo að skemmta þar sem ég er bókaður. Þar legg ég mig allan fram og spila yfirleitt fyrir mörg hundruð manns fram á rauðanótt.

Ertu með nammidag og hvert er uppáhaldssælgætið?

Ég er algjör sælkeri en reyni að hafa einn nammidag í viku, á sunnudögum. Ég elska súkkulaði og hlaup. Uppáhaldsnammið er allt hlaup frá Haribo. Annars er ég líka mikið í snakkinu, helst Doritos, það klikkar aldrei. Ætli ég fái mér ekki Doritos einu sinni í viku.

Klæðirðu þig í betri gallan um helgar? Ég reyni að vera í betri gallanum eins oft og ég get, alla daga vikunnar, en er þó klárlega ögn finni í tauinu um helgar.

Heldurðu hvíldardaginn heilagan? Það má segja það. Sunnudagur er minn hvíldardagur. Ég fer oftast út að borða með kærustunni og skipulegg daginn eins vel og ég get til að fá sem mest út úr honum.

Ferðu til kirkju eða hlustar á útvarpsmessuna á sunnudögum? Nei, það geri ég nú ekki en kannski maður ætti að fara að hjóla í það.

Til hvers eru helgarfrí, að þínu mati? Helgarfrí eru til að slappa af, gera hluti sem maður gerir ekki hina dagana og jafnvel lyfta sér aðeins upp. Þegar ég fæ heila helgi í frí þá nýti ég hana til fulls.



■ thordis@365.is



SVALUR
Óli Geir er vel á sig kominn enda duglegur að rækta líkama og sál til að takast á við verkefni næturvinnunnar um helgar.

MYND/JÓN ÓSKAR



MÓTASMIÐIR

Óskum eftir að ráða reynda mótasmiði til uppsteypu-verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Til greina kæmi líka að ráða undirverktaka/mótaflokka í einstök verkefni. Allar upplýsingar gefur Gylfi í síma 860-1707.

JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu. Við bjóðum upp á frábæran starfsanda og gott vinnuumhverfi í metnaðarfullu og heilbrigðu fyrirtæki. Umsóknir sendist á pósthöfn gylfi@javerk.is fyrir 23. júní nk.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 22 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru liðlega 100 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust. JÁVERK leggur mikla áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál. Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekjist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margs konar skemmtunum og ferðalögum. JÁVERK er með skrifstofur bæði á Selfossi og Reykjavík.
Gagnheidi 28
800 Selfoss
Sími +354 480 1700
www.javerk.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Deildarstjóri á áfangastað – Vesturbær

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður óskar eftir að ráða deildarstjóra á áfangastað fyrir ungt fatlað fólk á leið í sjálfstæða búsetu. Um er að ræða 100% starf og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Markmið starfseminnar er að leggja mat á stuðningsþörf, efla færni, auka sjálfstæði, stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og auka lífsgæði.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stýrir daglegum störfum annarra starfsmanna, í samráði við forstöðumann.
- Ber faglega ábyrgð á og hefur umsjón með framkvæmd þjónustunnar.
- Gerð og eftirfylgd einstaklingsáætlana.
- Veitir leiðsögn og tilsögn um framkvæmd þjónustu.
- Tekur virkan þátt í þróunar- og uppbyggingarvinnu.
- Hvatning og stuðningur við þjónustunotendur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni.
- Samvinna við starfsfólk, aðstandendur og aðra þjónustuaðila íbúa.

Hæfnikröfur

- Starfsleyfi sem þroskaþjálfari eða háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda.
- Þekking og reynsla af starfi með einstaklingum með þroskahömlun og einhverfu æskileg.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnu brögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigbrúður Erla Arnardóttir í síma 411-1700 eða með því að senda fyrirspurnir á sigbrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 28. júní n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í grunnskóla

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)

- Almenn kennsla í yngri deild
- Almenn kennsla í miðdeild
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

Hraunvallaskóli (664 5872 lars@hraunvallaskoli.is)

- Kennsla á yngsta stigi
- Kennsla á miðstigi
- Kennsla í sviðslistum (leiklist og dans)
- Sérkennsla
- Íslenskukennsl (nem. með annað móðurmál en íslensku)
- Þroskaþjálfari

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyarskoli.is)

- Heimilisfræðikennsla
- Sérkennsla

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)

- Sérkennsla f. nemendur með þroskaröskun
- Pólskukennsla í móttökudeild (50%), góð íslenskukunnátta æskuleg

Víðistaðaskóli (595 5800 hronn@vidistadaskoli.is)

- Sérkennsla
- Enskukennsla og náttúrufræði (afleysing)
- Danskennsla
- Tónmenntakennsla

Öldutúnsskóli (555 1546 valdimar.vidisson@oldutunsskoli.is)

- Umsjónarkennsla á miðstigi

Allar upplýsingar gefa skólustjórar viðkomandi skóla. Sjá nánar á heimasíðum skólanna.

Umsóknarfrestur er framlengdur til 20. júní 2014.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjóri

Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Þjónustufulltrúi Kröfuvakt

Motus ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 140 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru m.a. fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

Motus leitar að öflugum einstaklingi í starf þjónustufulltrúa í Kröfuvakt á Fyrirtækjasviði.

Starfið felst m.a. í gagnaöflun, skráningarvinnslu og samskiptum við greiðendur og kröfueigendur í tengslum við innheimtu eldri viðskiptakrafna.

Við leitum að talnaglögum og duglegum starfsmanni með góða samskiptahæfileika og góða almenna tölvukunnáttu. Reynsla af skrifstofu- og/eða bankastörfum er kostur.

Um 100% starfshlutfall er að ræða á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík.

EKKI GERA EKKI NEITT er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpssemi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi.

Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir, starfsmannastjóri Motus, í síma 440 7122 og sibba@motus.is. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar, www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 24. júní 2014. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

UPPBYGGING Í AUGSÝN

Landspítali auglýsir eftir framkvæmdastjórum til að leiða uppbyggingu næstu ára

Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með um 4.800 starfsmenn. Spítalinn hefur víðtæku hlutverki að gegna sem aðalsjúkrahús landsins, háskólasjúkrahús og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Nýtt skipurit spítalans tekur gildi 1. september 2014 en samkvæmt því verður starfseminni skipt í sjö klínísk svið. Landspítali leggur áherslu á öryggi, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góða vinnustaðamenningu og endurnýjun húsnæðis.

ALLAR STÖÐUR FRAMKVÆMDASTJÓRA KLÍNÍSKRA SVIÐA ERU LAUSAR TIL UMSÓKNAR

Framkvæmdastjórar heyra beint undir forstjóra og mynda framkvæmdastjórn spítalans, ásamt stjórnendum stoðsviða, aðstoðarforstjóra og forstjóra. Framkvæmdastjórnin vinnur sem teymi að stefnumótun og ber sameiginlega ábyrgð á spítalanum í heild.

Leitað er að kraftmiklum og reyndum stjórnendum sem hafa brennandi áhuga á að vinna með forstjóra að því að byggja upp sterka liðsheild og framfylgja stefnu, markmiðasetningu og framtíðarsýn spítalans. Stefnt er að því að mynda samhentan hóp með fjölbreytta reynslu og bakgrunn.

Starfssvið framkvæmdastjóra

- Fagleg forysta um þjónustu við sjúklinga.
- Forysta um uppbyggingu öryggismenningar og umbótastarfs.
- Stefnumótun, markmiðasetning og áætlanagerð.
- Uppbygging mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á starfsmannamálum.
- Ábyrgð á fjármálum, fjárhagsáætlun og rekstri.
- Efling kennslu og vísindastarfs á spítalanum.
- Samhæfing (á starfsemi sviðs) við önnur svið og stoðeiningar.

Mögulegt er að sinna klínískri eða akademískri vinnu (10-20%) með framkvæmdastjórastarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Brennandi áhugi á uppbyggingu Landspítala og innleiðingu stefnu spítalans.
- Reynsla af umbótastarfi, teymisvinnu og breytingastjórnun í heilbrigðisþjónustu.
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar.
- Mikil hæfni í tjáningu í ræðu og riti, á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun.
- Háskólapróf á heilbrigðis sviði er skilyrði, viðbótarmenntun æskileg.
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla.

FORSTJÓRI

	MEÐFERÐARSVIÐ 1	MEÐFERÐARSVIÐ 2	MEÐFERÐARSVIÐ 3	MEÐFERÐARSVIÐ 4	MEÐFERÐARSVIÐ 5	AÐGERÐASVIÐ	RANNSÓKNARSVIÐ
	Bráðamóttaka Endurhæfing Flæðisdeild Lyfjapjónusta Sjúkrahótel Óldrunardeildir	Alm. lyflækningar Blóðlækningar Gigtarlækningar Heimahlýning Hjartalækningar Húðlækningar Innkirtlækningar Krabbameinslækn. Líknardeild Lungnalækningar Meltingarlækningar Nýrnalækningar Ofnæmislækningar Smitlækningar Taugalækningar	Alm. skurðlækn. Augnlækningar Brjóstholsskurðl. Bæklunarskurðl. Heila/taugaskurðl. Háls/nef/eyrnal. Lýtalækningar Ritunarmiðstöð Næringarstofa Þvagfæraskurðl. Æðaskurðlækn.	Barnalækningar Barnaskurðlækn. BUGL Fæðingarpjónusta Heilbrigðis- og upplýsingatækni Kvenlækningar Vökudeild	Bráðageðþjónusta Félagsráðgjafar Fíknigeðdeild Geðendurhæfing Geðgjörgæsla Móttökugeðdeildir Prestar Réttargeðdeild Samfélagsgeðteymi Sálfræðiþjónusta Öryggisgeðdeild	Blóðbankinn Dauðhreinsun Gjörgæslur Skurðstofur Speglanir Svæfing	Blóðmeinafræði Erfða- og sameinda- læknisfræði Klínísk lífefnafræði Meinafræði Ónæmisfræði Röntgendeild Sýklafræði Veirufræði
Stjórnendur	20	33	22	19	19	12	8
Stöðugildi	560	590	410	440	440	420	350
Velta 2013 (mía)	7,1	7,7	4,2	5,2	3,6	6,6	4,6

Nýtt skipurit klínískra sviða
Tekur gildi 1. september 2014

Par sem orðið „lækningar“ er samkvæmt málvenju í heiti starfseininga er átt við þjónustu lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta. Heitið felur því í sér starfsemi tengdra legu-, dag-, og göngudeilda.

Meðferðarsvið 1. Á þessu sviði sameinast bráðamóttakan í Fossvogi, öldrunarlækninga- og endurhæfingardeildir með sjúkra- og iðjuþjálfun, auk flæðisdeildar og lyfjapjónustu. Meginverkefni eru samskipti við aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar og bætt flæði innan sjúkrahússins.

Meðferðarsvið 2. Kjarnagreinar lyflækninga. Meginverkefni eru þróun almennra lyflækninga og kortlagning þjónustuferla, einkum í krabbameinslækningum.

Meðferðarsvið 3. Kjarnagreinar skurðlækninga, auk ritunarmiðstöðvar. Megináskorunin felst í samstarfi við aðgerðasvið um nýtingu skurðstofa.

Meðferðarsvið 4. Barnalækningar, barna- og unglingageðlækningar, kvenlækningar og heilbrigðis- og upplýsingatækni. Yfirfærsla einstaklinga með langvinna sjúkdóma í fullorðinsþjónustu og uppbygging upplýsingatækni eru sérstök áhersluverkefni.

Meðferðarsvið 5. Geðheilbrigðisþjónusta og samvinna við aðra þætti heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Samfélagsgeðþjónusta og uppbygging sérhæfðrar þjónustu eru megináskoranir þessa sviðs.

Aðgerðasvið. Rekstur skurðstofa, svæfingar, gjörgæsludeilda, speglunardeilda og blóðbanka eru meginverkefni þessa klíníska stöðs. Áherslan er á árangursríkt samstarf við mismunandi sérgreinar, þar sem rekstrar- og þjónustumarkmið eru lögð til grundvallar.

Rannsóknarsvið. Kjarnaverkefni þessa klíníska stöðsviðs eru röntgendeild, meinafræði og rekstur rannsóknarstofa (sýkla- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðmeinafræði, klínísk lífefnafræði og erfðaráðgjöf). Meginverkefni eru gott samstarf við klíníska þjónustu og skilvirk notkun nýrrar tækni.

Gert er ráð fyrir að nýir framkvæmdastjórar taki til starfa 1. september 2014 og er ráðning til fimm ára. Áætlað er að fyrstu viðtöl vegna ofangreindra starfa verði haldin á tímabilinu 28. júlí til 6. ágúst og lokaviðtöl ásamt kynningum á framtíðarsýn fari fram 11. til 15. ágúst. Forstjóri tekur ákvörðun um ráðningar í störf, að undangenginni vinnu valnefnda sem aðstoða við mat á umsóknum.

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um fleiri en eina stöðu, í samræmi við reynslu og bakgrunn.

Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2014.

Umsækjendur eru beðnir að skila ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi með framtíðarsýn umsækjanda og rökstuðningi fyrir hæfni til að gegna tiltekinni stöðu, á heimasíðu Capacent, www.capacent.is. Umsækjendur sem vilja sækja um fleiri en eina stöðu eru beðnir að skila sérstöku kynningarbréfi fyrir hverja stöðu.

Nánari upplýsingar um störf og ráðningarferlið veitir Ásta Bjarnadóttir hjá Capacent (asta.bjarnadottir@capacent.is) en einnig má skoða skipurit spítalans og upplýsingar um störf á www.landspitali.is.



Sumarstörf hjá Strætisvögnum Akureyrar

Strætisvagnar Akureyrar og ferlipjónusta óska eftir bifreiðastjórum til sumarafleysinga

Helstu verkefni eru:

- Akstur strætisvagns.
- Akstur ferlibíls.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2014



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Sölustarf
– til framtíðar og í sumar

Líf&List í Smáralind hefur stækkað verslun sína og þarf að bæta við starfsmönnum.

A: Sölustarf: Framtíðar starf.
Full vinna.

B: Tímabundið starf: Afgreiðslu og lagerstarf.
Full vinna. Hentar vel fyrir einstakling sem ætlar í skóla eftir áramót.

C: Sumarafleysing: Afgreiðslustarf fram á haust.
Full vinna.

Í öllum tilfellum þarf viðkomandi að vera áreiðanlegur, snyrtilegur, hafa ríka þjónustulund og vinna vel með öðrum.



Umsóknir skulu sendar á aslaug@lifoglist.is

Starfsmaður í viðhaldsdeild

BM Vallá ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í viðhaldsdeild fyrirtækisins í Reykjavík. Vinnan felst í viðhaldi og viðgerðum á stórum bílum, tækjum og verksmiðjum fyrirtækisins.

Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið gylfi@bmvalla.is

BM Vallá ehf.
Bildshöfða 7




Sveitarstjóri Húnaþings vestra

Laus er til umsóknar staða sveitarstjóra í Húnaþingi vestra. Við leitum að öflugum sveitarstjóra til að stýra starfsemi sveitarfélagsins og áframhaldandi uppbyggingu þess.

Starfssvið

- Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með starfsemi sveitarfélagsins og sér um framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur
- Sveitarstjóri skipuleggur og undirbýr dagskrá fundar, situr fundi sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda eftir atvikum
- Sveitarstjóri gætir hagsmuna sveitarfélagsins út á við, sér um kynningarmál og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki, samtök og fjölmiðla
- Sveitarstjóri er yfirmaður allra starfsmanna sveitarfélagsins, stýrir starfi framkvæmdaráðs og er stuðningur við starf sviðsstjóra
- Sveitarstjóri leiðir atvinnuuppbyggingu og eflingu atvinnulífs á svæðinu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og samskiptum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Leiðtogaþæfileikar með áherslu á frumkvæði, hvatningu, samskiptahæfni, örugga ákvarðanatöku og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á að takast á við uppbyggingu sveitarfélagsins

Nánari upplýsingar um starfið veita *Gauja Hálfðanardóttir* (gauja@intellecta.is) og *Ari Eyberg* (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja itarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225



Capacent Ráðningar

SVEITARSTJÓRI



Flóahreppur leitar að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf sveitarstjóra.

Starfslýsing:

- Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og hagsmunagæsla þess
- Sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, reglugerðum og samþykktum
- Vinna við framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af sveitarstjórn
- Yfirstjórn starfsmannamála hjá sveitarfélaginu
- Yfirumsjón með rekstri og bókhaldi sveitarfélagsins
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Menntun í opinberri stjórnsýslu æskileg
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking á bókhaldi og ársreikningum æskileg
- Reynsla af sveitarstjórnarstörfum æskileg
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, drift og geta til ákvarðanatöku

Sveitarfélagið Flóahreppur varð til við sameiningarkosningar 11. febrúar 2006 þegar íbúar þriggja hreppa, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps samþykktu sameiningu. Áður höfðu grunnskólar og leikskólar hreppanna þriggja sameinast í einn grunnskóla, Flóaskóla sem staðsettur er í Villingaholti og einn leikskóla, Krakkaborg sem staðsettur er í Þingborg. Sjá nánar um sveitarfélagið á www.floahreppur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja itarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000





Kennari á fata- og textílkjörsviði FB

Staða kennara á fata- og textílkjörsviði listnámsbrautar FB, veturinn 2014-15 er laus vegna forfalla. Um er að ræða 50%-75% starf og verður ráðið í stöðuna til eins árs.

Verið er að leita að samviskusömum og hæfum kennara sem býr yfir góðri samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Góð fagmenntun og kennsluréttindi eru skilyrði.

Ekki þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði en upplýsingar um menntun, starfsferil og meðmælendur þurfa að fylgja umsókn sem og afrit af vottorðum um nám. Umsækjendur þurfa að vera með hreint sakarvottorð.

Ráðning er frá 1. ágúst 2014 og eru starfskjör samkvæmt kjarasamningi KÍ.

Almennar upplýsingar um skólann má finna á heimasíðunni, www.fb.is. Nánari upplýsingar gefur Magnús Ingvason aðstoðar-skólameistari í síma 862 7610.

Umsóknir sendist skólameistara á netfangið ghg@fb.is fyrir 30. júní 2014. Öllum umsóknum verður svarað.

Skólameistari
FB, Austurbergi 5 – 111 Reykjavík,
sími 570 5600 – www.fb.is



Grundarfjarðarbær

Aðstoðarskólastjóri

Laus er staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskóla Grundarfjarðar frá og með 1. ágúst 2014

Í Grunnskóla Grundarfjarðar eru nú tæplega 100 nemendur og 22 starfsmenn. Nánari upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu skólans, www.grundo.is.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Grunnskólakennararéttindi og reynsla af kennslu í grunnskóla
- Reynsla af stjórnun og stjórnunarstörfum í grunnskóla æskileg
- Lípurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Staðgengill skólastjóra
- Umsjón og skipulagning á innra starfi skólans í samráði við skólastjóra
- Umsjón með starfsmannamálum í samráði við skólastjóra
- Samskipti við nemendur og foreldra

Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir berist til Önnu Bergsdóttur, skólastjóra, í netfangið anna@gfb.is. Anna veitir allar nánari upplýsingar um starfið, í sínum 430 8555 og 863 1670 eða í ofangreindu netfangi. **Umsóknarfrestur er til 23. júní 2014.**

Capacent Ráðningar

STERKIR LEIÐTOGAR



Elkem Ísland auglýsir 2 stöður framkvæmdastjóra lausar til umsóknar, annars vegar á sviði öryggis- heilbrigðis- og umhverfismála (ÖHU) og hins vegar á mannauðs- og umbótasviði. Framkvæmdastjórnir stýra stöðeiningum, heyra beint undir forstjóra og sitja í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Leitað er að liðsmönnum sem vilja starfa með sterkri liðsheild og stuðla að öflugu umbóta- og nýsköpunarstarfi innan fyrirtækisins.

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISMÁLA

Starfssvið:

- Stýring stöðeiningar á sviði öryggis-, heilsu- og umhverfismála
- Eftirfylgni og símótun á stefnu fyrirtækisins í viðkomandi málaflokkum
- Fagleg ráðgjöf og stuðningur við rekstrarsvið fyrirtækisins
- Dagleg eftirfylgni gagnvart jákvæðri öryggismenningu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Hæfni til að leiða og taka þátt í teymisvinnu
- Sjálfstæði í starfi, hæfni til að leita lausna og taka ákvarðanir
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af fræðslumálum og þjálfun starfsmanna
- Þekking á straumlínustjórnun (Lean)
- Þekking á ÖHU kerfum og árangursmælikvörðum
- Þekking og skilningur á hugmyndafræði 0 slysa
- Menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku auk kunnáttu í a.m.k. einu Norðurlandamálanna

FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNAUÐS OG UMBÓTA

Starfssvið:

- Ábyrgð á starfsmannamálum ásamt þróun og innleiðingu mannauðsstefnu
- Stýring á mannauðssviði sem stöðdeild fyrir stjórnendur á öllum stigum
- Ábyrgð á fræðslu og þjálfun
- Efling samstarfs og samskipta innan fyrirtækisins
- Stuðningur við umbóta- og nýsköpunarstarf
- Umsjón með ráðningum og aðkoma að gerð kjarasamninga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Hæfni til að leiða og taka þátt í teymisvinnu
- Sjálfstæði í starfi, hæfni til að leita lausna og taka ákvarðanir.
- Reynsla af stefnumótun og innleiðingu mannauðsstefnu æskileg
- Reynsla af fræðslumálum og þjálfun starfsmanna
- Þekking á straumlínustjórnun (Lean)
- Þekking á vinnuréttar- og kjaramálum
- Þekking á mannauðskerfum og árangursmælikvörðum
- Menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku auk kunnáttu í a.m.k. einu Norðurlandamálanna

Elkem Ísland kappkostar að starfa í viðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavini, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kísilmálm. Fyrirtækið ber virðingu gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar og verndunar náttúruauðlinda. Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kísiliðnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála. Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.





VILTU SLÁST Í HÓPINN?

LNS SAGA LEITAR AÐ NÝJUM OG KRÖFTUGUM STARFSMÖNNUM TIL AÐ SLÁST Í HÓPINN OG TAKA ÞÁTT Í ÁFRAMHALDANDI VERKEFNUM OG UPPBYGGINGU FYRIRTÆKISINS Á ÍSLANDI.

STARFSMAÐUR Í BÓKHALD

Um er að ræða fjölbreytt starf í bókhaldi og fjármálum á skrifstofu fyrirtækisins í Hlíðarsmára. Starfið heyrir undir fjármálastjóra félagsins og helstu verkefni eru færsla bókhalds og afstemmingar, launavinnsla og önnur tilfallandi skrifstofustörf.

Menntun og hæfniskröfur:

- Hæfni til að vinna sjálfstætt og af nákvæmni
- Háskólanám á sviði viðskiptafræði
- Framúrskarandi excel kunnátta
- Almenn góð tölvukunnátta
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum
- Góð enskukunnátta og norsku-, dönsku-, eða sænskukunnátta æskileg

Upplýsingar um störfina veitir Sigríður Guðmundsdóttir á sigridur.gudmundsdottir@lns.is eða í síma 511 7040.

Tekið er á móti umsóknum ásamt ferilskrá á umsokn@lns.is til og með **21. júní**.

LNS Saga er ungt og framsækið íslenskt verktakafyrirtæki, dótturfélag norska verktakafyrirtækisins Leonhard Nilsen & Sønner AS. Helstu verkefni **LNS Saga** eru í Noregi og snúa m.a. að jarðgangnagerð, eftirvinnu gangnagerðar, gerð hafnarmannvirkja auk vinnu við virkjanir og vegagerð.

Starfsmenn **LNS Saga** eru um 150 talsins. Þeir eru með fjölbreyttan bakgrunn og menntun og staðsettir í verkefnum víðsvegar um Noreg og á skrifstofu fyrirtækisins á Íslandi.



VERKFRÆÐINGAR – TÆKNIFRÆÐINGAR

Vegna aukinna verkefna þá leitum við að verk- og tæknifræðingum til starfa. Um er að ræða störf sem tengjast nýjum verkefnum í Noregi. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi og reyna á flesta þætti sem koma upp í tengslum við stór verkefni s.s. samninga- og tilboðsgerð, gerð verkáætlana og verkefnastjórnun á staðnum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Hæfni til að vinna sjálfstætt og af nákvæmni
- Háskólanám á sviði verkfræði eða tæknifræði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta og norsku-, dönsku-, eða sænskukunnátta æskileg



Orkuveita Húsavíkur leitar eftir tæknifræðingi eða verkfræðingi til starfa

Hlutverk Orkuveitu Húsavíkur ohf. (OH) er að veita íbúum og fyrirtækjum í Þingeyjarsýslum aðgang að heitu og köldu vatni, auk fráveitu.

Um er að ræða framtíðarstarf á sviði hönnunar nýrra veitna, rannsókna, þróunar og fjárfestinga.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á AutoCad teikniforritinu, vera lipur í samskiptum og hafa frumkvæði.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri OH í síma 4640905.

Vinsamlega sendið umsóknir fyrir 25. júní á netfangið gej@oh.is



HÉRAÐSDÓMUR
SUÐURLANDS

DÓMRITARI

Við Héraðsdóm Suðurlands er staða dómrítara laus til umsóknar. Lögð er áhersla á góða íslenskukunnáttu, færni í ritvinnslu og nákvæmni í vinnubrögðum. Þá þurfa umsækjendur að hafa til að bera hæfni í mannlegum samskiptum og jafnframt er þess vænst að þeir sýni þjónustulund og ábyrgð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí n.k. Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 25. ágúst n.k.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist skrifstofu Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir dómritari í síma 482-1055. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

Dómstjórnin við Héraðsdóm Suðurlands.



www.n1.is

facebook.com/enneinn



Eru einhverjir stöðvarstjórar þarna úti?

N1 leitar að kraftmiklum og drífandi stjórnanda til að stýra þjónustustöð félagsins á Egilsstöðum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem krefst frumkvæðis og metnaðar í starfi.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur þjónustustöðvarinnar
- Verkstjórn
- Starfsmannamál
- Innkaup og samskipti við birgja
- Birgðastýring og kostnaðareftirlit
- Önnur verkefni á stöðinni

Menntun- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði verslunarstjórnunar eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla á sviði verslunar og þjónustu
- Rekstrarþekking
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Samskiptafærni og jákvætt viðhorf
- Leiðtogaþæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ómar Jóhannsson, rekstrarstjóri þjónustustöðva í síma 440 1021 eða í tölvupósti omar@n1.is. Áhugasamir sækji um starfið með því að senda ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið atvinna@n1.is fyrir 24. júní nk.

Komum af stað!



Sunnulækjarskóli

Staða umsýgnarkennara á yngsta stigi er laus til umsóknar

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 19. júní 2014.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri



Íþróttakennara vantar á Vopnafjörð

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara á næsta skólaári

Skólinn hefur lagt áherslu á íþróttakennslu með fleiri íþróttatímum en ætlast er til og er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi grunnskóli.

Þá vantar kennara í almenna kennslu til 1. febrúar

Upplýsingar hjá skólustjóra í síma 8614256,
adalbjorn@vopnaskoli.is

VERKEFNASTJÓRI

GLUGGAR - ÚTIHURÐIR - INNRÉTTINGAR

Við óskum eftir að ráða verkefnastjóra til að skipuleggja og leiða framleiðsluverkefni í verksmiðju okkar á Selfossi. Við leggjum áherslu á góða leiðtogaþæfileika og mikla faglega kunnáttu við skipulagningu verkefna.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á framkvæmda-, fjárhags- og tímaáætlunum verkefna
- Ábyrgð á innkaupum til framleiðslu verkefna
- Ábyrgð á samskiptum við viðskiptavinir
- Ábyrgð á stýringu verkefna í samvinnu við verkstjóra í sal
- Ábyrgð á uppgjörum verkefna
- Ábyrgð á tilboðsgerð

Hæfniskröfur:

- Fagleg kunnáttu svo sem verkfræðingur, bygginga- eða tæknifræðingur
- Reynsla af verkefnastjórn
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnáttu

Selós ehf var stofnað árið 1973, félagið framleiðir glugga, útihurðir, innréttingar og innihurðir. Hjá félaginu starfa í dag um 25 manna hópur við framleiðslu og uppsetningu. Viðskiptavinir Selós eru einstaklingar, verktakar, sveitarfélög og ríki.

Umsóknir óskast sendar á einar@selos.is fyrir 20. júní.



Selós // Gagnheiði 72 // Selfoss // Sími 482 4100

www.selos.is



Grundarfjarðarbær

Grundarfjörður er kraftmikið og framsækið samfélag með tæplega 900 íbúa. Áhersla er á fjölskyldugildi. Leikskólinn tekur inn börn frá 12 mánaða aldri og grunnskólinn er leiðandi í innleiðingu spjaldtölva. Tónlistarskólinn er öflugur og í Grundarfirði er Fjölbrotaskóli Snæfellinga sem er í fararbroddi nýrra kennsluhátta í framhaldsskólum. Íþrótt- og félagslíf er gott og Grundarfjörður býr að sterkum sjávarútvegi og vaxandi ferðaþjónustu. Grundarfjörður skartar einstakri náttúrufegurð og fjölmörgum sóknarfærum.

Bæjarstjóri

Grundarfjarðarbær óskar eftir að ráða bæjarstjóra. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður sveitarfélagsins og stofnana þess og gegnir mikilvægu leiðtogahlutverki fyrir bæinn.

Starfssvið er meðal annars:

- Ábyrgð á og stjórnun daglegs reksturs
- Ábyrgð á stefnumótun og áætlanagerð
- Framkvæmd á ákvörðunum bæjarstjórnar
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri er skilyrði
- Leiðtogaþæfileikar, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er æskileg
- Reynsla af nýsköpun, stefnumótunarvinnu og eftirfylgni stefnumótunar er æskileg

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sigurjón Þórðarson
sigurjon@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Lögfræðingar

Rauði krossinn á Íslandi óskar eftir að ráða í tvær stöður lögfræðinga sem sinna munu réttaraðstoð við hælisleitendur á Íslandi. Málflutningsréttindi eru mikilvæg.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og hælisleitenda. Rauði krossinn mun sinna réttaraðstoð við hælisleitendur á lægra og æðra stjórnsýslustigi samkvæmt samningi við innanríkisráðuneytið. Rauði krossinn mun leitast við að tryggja réttláta málsmeðferð allra hælisleitenda þar sem jafnræðis er gætt.

Helstu verkefni

- Réttaraðstoð við hælisleitendur á lægra og æðra stjórnsýslustigi
- Undirbúningur dómsmála
- Samskipti við samstarfsaðila innan lands og utan
- Þátttaka í málsvarastarfi í þágu hælisleitenda
- Þátttaka og stuðningur við annað starf Rauða krossins í málaflokknum

Hæfniskröfur

- Meistar- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking og/eða reynsla af málefnum hælisleitenda
- Reynsla af starfi með Rauða krossinum æskileg
- Mjög góð rit- og talfærni á íslensku og ensku
- Önnur tungumál eru kostur
- Þekking og/eða reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og menningarlausni

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

STARFSMAÐUR ÓSKAST Í KÆLI OG FRYSTIGEYMSLU AÐFANGA

AÐFÖNG ÓSKA EFTIR STARFSMANNI VIÐ VINNU Í KÆLI OG FRYSTIGEYMSLU. VIÐKOMANDI ÞARF AÐ VERA STUNÐVÍS, SAMVISKUSAMUR, GETA UNNIÐ Í HÓP. UNNIÐ ER Á DAGVINNUTÍMA OG ANNAN HVERN LAUGARDAG.

SÆKJA SKAL UM STARFIÐ Á WWW.ADFONG.IS



VINNSLUSTÖÐIN HF.
Hafnargötu 2 – Vestmannaeyjum

1. vélstjóri óskast á togarann Ísleif VE 63 vélstærð 2.460 kw

Upplýsingar gefur Guðni I. Guðnason í síma 488 8000 eða 893 9741.



Snyrtistofan Garðatorgi leitar að snyrtifræðingi í allt að **100% starf** og naglafræðingi í **50% starf**. Vinnutími er eftir samkomulagi.

Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og skemmtilega viðskiptavini.

Erna tekur á mótí umsóknum og veitir nánari upplýsingar í gegnum netfangið erna@snyrtistofangardatorgi.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2014.

SNYRTISTOFAN
Garðatorgi

HEGAS ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi stöður



HEGAS ehf.

Heildsvæðis, Sandþorvegi 2, 200 Kópavogur Ísland
Síma/Tel: 367 0010, Fax: 367 0032, E-mail: hegas@hegas.is

Lagermann:

Starfsvið:

- Lagerumsjón.
- Tiltekt pantana.
- Vörumóttaka.
- Útkeyrsla.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf.
- Samvisekusemi.
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð.
- Þjónustulipurð.
- Jákvæðni og stundvísi.

Sölu-og afgreiðslumann:

Starfsvið:

- Sala til viðskiptavina í búð og síma.
- Tiltekt pantana.
- Móttaka vöru.

Hæfniskröfur:

- Samvisekusemi
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð
- Þjónustulipurð.
- Jákvæðni og stundvísi.

Áhugaverð og krefjandi störf, sem henta jafnt konum sem körlum, hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Upplýsingar um fyrirtækið má sjá á heimasíðu okkar www.hegas.is Umsækjendur vinsamlegast sendið umsóknir fyrir **1. júlí 2014** á netfang: hegas@hegas.is eða í pósti.



Verzlunarskóli Íslands óskar eftir að ráða stærðfræðikennara fyrir næsta skólaár.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðkomandi grein.
- Reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum:

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Þorkell Diego yfirkennari, thorkell@verslo.is eða í síma 5 900 600.

Umsóknarfrestur er til **20. júní** og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið thorkell@verslo.is.

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1250 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfangum um júl og vor. Nemendur geta valið milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tæknivæddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta.

FERÐARÁÐGJAFI ÓSKAST TIL STARFA

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA FERÐARÁÐGJAFI TIL STARFA

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að sinna fjölbreyttu starfi og leggja sitt af mörkum til góðrar liðsheildar.



UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 22. JÚNÍ 2014

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Flugfélags Íslands flugfelag.is/upplýsingar/maunaudur/storf-i-bodi

► STARFIÐ

- Samskipti við erlendar og innlendar ferðaskrifstofur, s.s. sala á flugi og hótelpökkum, samningagerð og heimsóknir á ferðaskrifstofur
- Innlendar og erlendar ferðasýningar og kynningar eftir atvikum
- Önnur tilfallandi störf sem tengjast daglegu starfi

► MENNTUN OG HÆFNI

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla úr ferðapjónustu
- Góð enskukunnátta og gott vald á einu Norðurlandamáli
- Góð tölvufærni
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni
- Hæfni til að vinna vel undir álagi
- Reglusemi og hreint sakavottorð

WWW.FLUGFELAG.IS



Fram nú, allir í röð

STÖRF Á LEIKSKÓLUM Í GARÐABÆ

Leikskólinn Bæjarból

- sérkennslustjóri
- leikskólasérkennari
- leikskólakennari/íþróttfræðingur
- leikskólakennari

Leikskólinn Akrar

- sérkennsla
- leikskólakennari

Leikskólinn Hæðarból

- leikskólakennari

Leikskólinn Lundaból

- leikskólakennari

Leikskólinn Holtakot

- aðstoðarmatráður

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

HÁRSNYRTIMEISTARI

ÓSKAR EFTIR 70-80%
VINNU EÐA STÓLALEIGU.

UPPL. SENDIST Á NETFANGIÐ:
HARKLIPIR@GMAIL.COM

Hársnyrtar athugið!

Stóll til leigu á góðri stofu. Næg vinna
fyrir duglegan einstakling.

Nánari upplýsingar í s: 894-2600

SMÍÐIR ÓSKAST

FAGSMÍÐI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA
VANA SMÍÐI TIL VINNU.
ÆSKILEGT AÐ BENT SÉ Á MEÐMÆLENDUR.

UMSÓKNIR SENDIST Á FAGSMIDI@FAGSMIDI.IS

verkstjóri óskast

**Matvælafyrirtæki
á höfuðborgarsvæðinu
óskar eftir að ráða verkstjóra**

Um er að ræða rótgróið framleiðslufyrirtæki
sem framleiðir á innanlands og erlenda markaði.

Ef þú býrð yfir framúrskarandi hæfileikum
í mannlegum samskiptum og reynslu af verkstjórn
í matvælafyrirtæki þá ert þú hugsanlega rétt
maðurinn/konan í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun sem nýtist
í starfi, svo sem matvælafræði, matvælafræði
eða önnur menntun sem nýtist.

**Umsóknir sendast á
starf123@gmail.com
Umsóknarfrestur er til
16. Júní 2014**



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Forstöðumaður á heimili fólks með fötlun – Vesturbær

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður auglýsir eftir forstöðumanni á heimili fólks með fötlun á Seltjarnarnesi. Um er að ræða 100% starf og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg ábyrgð á þjónustu til íbúa
- Stjórnun og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri heimilisins
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Samstarf við íbúa, aðstandendur og hagsmunasamtök fatlaðs fólks
- Leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna.
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi er snýr að þróun þjónustu við fatlað fólk
- Stuðlar að auknu notendasamráði við þróun þjónustunnar

Hæfnikröfur

- starfsleyfi sem þroskaþjálfari eða háskólamenntun á sviði félags-, mennta- eða heilbrigðisvísinda.
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki með einhverfu æskileg.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi.
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigþrúður Erla Arnardóttir í síma 411-1700 eða með því að senda fyrirspurnir á sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu
Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 28. júní n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í stöfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

Rafvirkjar - Smiðir

Vegna aukinna verkefna auglýsum við eftir rafvirkjum og smiðum
til starfa hjá starfsstöð okkar í Hafnarfirði.

Um er að ræða mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu en
fyrirtækið er með í smiðum um 140 íbúðir auk viðhaldsverkefna.
Í boði er trygg vinna hjá vaxandi fyrirtæki.

Lögð er áhersla á sjálfstæði starfsmanna
og þeir hvattir til að ná góðum árangri í starfi.

Nánari upplýsingar veita Arnar Dór Hannesson,
flokkestjóri rafvirkja S.843-8816 arnar@vhe.is
og Karl Elí Þorgeirsson, verkstjóri byggingadeild
S. 617-3366 kalli@vhe.is

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar – VHE býður upp á ýtarlegar lausnir í hönnun, framleiðslu og
þjónustu fyrir viðskiptavinum sína. VHE hefur sérhæft sig í lausnum fyrir stóriðjur, með sérstakri
áherslu á áliðnaðinn auk þess að vera með öflugra byggingadeild sem byggir íbúðarhúsnæði
undir eigin merki ásamt því að vera öflugur aðili í mannvirkjagerð á útboðsmarkaði.

Ýtarlegri upplýsingar um starfsemi VHE má finna á www.vhe.is

VHE

HUGVIT Í VERKI

Vélaverkstæði
Hjalta Einarssonar ehf.

Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður • Sími 575 9700 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



TÆKJASTJÓRNENDUR OG BÍLSTJÓRAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana tækjastjórnendur og bílstjóra til starfa við framkvæmdir í Noregi. Um er að ræða störf við sumarafleysingar og tímabundin störf. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

MATRÁÐUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða matráð til starfa á framkvæmdasvæði á Íslandi. Um er að ræða tímabundið starf til c.a. tveggja mánaða og er mikilvægt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um störf eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðuflijóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um starfið á www.istak.is – undir „Starfsúmsókn“.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

GREIÐINN BARBERSHOP

Óskar eftir færum hársnyrti. Nóg að gera.

Vinsamlegast sendið umsókn á netfangið: rikur80@gmail.com

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Ritari í Vatnsendaskóla
- Sérgræinastjóri með áherslu á útinám á leikskólann Baug
- Sérkennslustjóri á leikskólann Rjúpnahæð

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is


Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



SKURÐLÆKNINGASVIÐ Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í skurðlækningum með undirsérgræinina efri meltingarfæraskurðlækningar. Starfshlutfall er 100% og veitt starfið frá 1. október 2014 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni, m.a. þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum
- » Kviðsjáraðgerðir og opnar krabbameinsaðgerðir á efri hluta meltingarvegjar
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

Hæfnikröfur

- » Íslenskt sérfræðileify í almennum skurðlækningum
- » Góð reynsla af kviðsjáraðgerðum
- » Viðtæk reynsla af kviðsjáraðgerðum og opnum krabbameinsaðgerðum á efri hluta meltingarvegjar
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2014.
- » Upplýsingar veitir Páll Helgi Möller, yfirlæknir, netfang pallm@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknnum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Auglýsing þessi er leiðrétting á áður birtri auglýsingu í Fréttablaðinu þann 7. júní 2014.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningu á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Hársnyrtar athugið!

Stóll til leigu á góðri stofu. Næg vinna fyrir duglegan einstakling.

Nánari upplýsingar í s: 894-2600



KRABBAMEINSLÆKNINGAR Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í krabbameinslækningum á geislameðferðardeild krabbameina. Starfið felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstéttum og sérgreinum spítalans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á geisla-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við krabbameinslækningadeild
- » Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala og þátttaka í samráðsfundum
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

Hæfnikröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í krabbameinslækningum
- » Breið þekking og reynsla í geislameðferð krabbameina
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2014.
- » Starfið veitt frá 1. september 2014 eða eftir samkomulagi.
- » Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Jakob Jóhannsson, yfirlæknir, netfang jakobjoh@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknnum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Jakobi Jóhannssyni, yfirlækni geislameðferðar krabbameina, LSH Geislameðferð, læknar Hb-10K.
- » Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningu á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

TÖLVUNARFRÆÐINGUR / KERFISFRÆÐINGUR

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaraðili opinberra skjalavörslu og skjalastjórnar samkvæmt lögum. Safnið varðveitir opinber skjöl, einkum íslenska ríkisins, og skjöl einkaaðila til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga. Þannig tryggir safnið hagsmuni og réttindi stjórnvalda og borgaranna og varðveislur skjala sem hafa sögulegt gildi.

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skjalasviði við langtímafræðingur rafrænna gagna.

Helstu verkefni

Starfið felst einkum í ráðgjöf um rafræna skjalavörslu við opinbera aðila og viðtöku rafrænna gagna frá þeim. Helstu verkefni eru; ráðgjöf um rafræna skjalavörslu, leiðbeiningar um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns, viðtaka, prófun og varðveisla rafrænna gagna. Viðkomandi tekur einnig þátt í ýmsum öðrum verkefnum skjalasviðs.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Gerð er krafa um próf í tölvunar- eða kerfisfræði eða aðra hlíðstæða menntun. Menntun í eða þekking á skjalfræði er æskileg.
- Fjölbreytt reynsla á sviði tölvumála, reynsla af starfi við skjalavörslu og skjalastjórn er æskileg.
- Góð kunnátta á miðlum og stöðlum er varða vörslu og flutning rafrænna gagna og kunnátta í algengum notendaforritum er áskilin.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli er áskilin.
- Leitað er að fjölbreyttum og áhugasömum starfsmanni, með góða samstarfshæfni, vönduð vinnubrögð og þjónustulipurð.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt kjarasamningum ríkisins.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014.

Í umsókn skal greina frá menntun og starfsreynslu. Vottorð um menntun fylgi.

Sótt er um starfið rafrænt á www.skjalasafn.is undir „laus störf“. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs, njordur@skjalasafn.is, 590-3300



KJALLARINN
KITCHEN - BAR

Við leitum að úrvalsfólki á nýan og spennandi veitingastað í Kvosinni

Vönu aðstoðarfólki í sal og einnig faglærðu.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á atvinna@kjallarinn.is



GRUND
MALAR OG HÚKELNARHEIMIL

Iðjubjálfi óskast til starfa á Grund.

Iðjubjálfi óskast til starfa á dvalar og hjúkrunarheimili Grund við Hringbraut. Um er að ræða 60% starf frá og með 1. ágúst næstkomandi. Áhugasamir hafi samband við Helgu J. Karlsdóttur starfsmannastjóra Grundar í síma 5306100 eða Kötlu Kristvinsdóttur yfiriðjubjálfa katla@grund.is sími 5306194

Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Grundar sem er www.grund.is

Grund leggur ríka áherslu á að bjóða heimilismönnum sínum upp á heimilislegt andrúmsloft og fjölbreytta afþreyingu og þar skiptir framlag iðjubjálfa heimilisins miklu máli.

Bókari í fjölbreytt starf

Fjarðalax leitar að vönum bókara í 60-100% starf á skrifstofunni Grandagarði 14, 101 Rvk. Um framtíðarstarf er að ræða hjá stærsta laxeldisfyrirtæki landsins.

Starfið felst í almennum skrifstofustörfum s.s. símsvörun, færslu bókhalds, afstemmingum, launaútreikningi, móttöku viðskiptavina o.fl.


Hæfniskröfur:

- Haldbær reynsla af bókhaldsstörfum (Navision)
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skipulögð, vönduð og nákvæm vinnubrögð

Vinnutími getur verið sveigjanlegur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en **15. ágúst**. Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilsskrá til starfsmannastjóra, kristin@fjardalax.is.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014.

FJARÐALAX S: 599 6900
info@fjardalax.is
www.arcticsalmon.is



Sinnum
heimapjónusta

Proskapjálfi óskast
Proskapjálfi óskast sem fyrst í 80-100% starf. Um er að ræða vinnu alla virka daga. Unnið er með ungu barni.

Starfsmenn óskast í heimapjónustu
Vegna vaxandi umsvifa vantar okkur almenna starfsmenn í heimapjónustu í dag-, kvöld- og helgarvinnu.

Með því að koma í Sinnum liðið getur þú fundið gefandi starf sem byggist á mannlegum samskiptum og einstaklingsmiðaðri þjónustu. Sinnum leggur áherslu á sveigjanleika í starfi og býður upp á uppbyggilegt og hvetjandi starfsumhverfi.

Óskað er eftir fólki sem hefur lipurð og jákvæðni að leiðarljósi, hefur gott vald á íslensku og afnot af bil er skilyrði.

Umsóknnum skal skilað á eyðublaði sem er á www.sinnum.is. Nánari upplýsingar fást hjá Egló Ingadóttur hjúkrunarstjóra í síma 770-2225.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Kennari í sjónlistum	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Sauðárkrókur	201406/462
Kennari í jarðfræði	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Sauðárkrókur	201406/461
Forvörður	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201406/460
Móttökuritari	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Borgarnes	201406/459
Framkvæmdastjórar	Landspítali	Reykjavík	201406/458
Bókari	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	Vestm.eyjar	201406/457
Yfirfélagsráðgjafi	Landspítali, félagsráðgjöf	Reykjavík	201406/456
Starfsmaður á dagdeild	Landspítali, göngudeild geðsviðs	Reykjavík	201406/455
Sérfræðilæknir í krabbameinslækn.	Landspítali, geislameiðferð	Reykjavík	201406/454
Yfirlæknir	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201406/453
Tölvunarfræðingur/Kerfisfræðingur	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201406/452
Stálsmiður/Vélvirki	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201406/451
Aðstoðarmaður á hjúkrunardeild	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201406/450
Sjúkraliðar	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201406/449
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201406/448
Hjúkrunardeildarstjóri	Sólvangur, hjúkrunarheimili	Hafnarfjörður	201406/447
Sálfræðikennari og kórstjóri	Kvennaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201406/446
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201406/445
Dómritari	Héraðsdómur Suðurlands	Selfoss	201406/444
Kennari í eðlisfræði	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201406/443

ANDREA MAACK



FRAMKVÆMDASTJÓRI/COO

Leitum að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi í stöðu framkvæmdastjóra.

Andrea Maack er íslenskt ilmvatnshús, hugarfóstr myndlistarmannsins Andreu Maack. Fyrirtækið var stofnað 2011 og eru vörur þess seldar í 150 verslunum á heimsvísu. Markmið fyrirtækisins er að byggja upp sterkt alþjóðlegt vörumerki.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur og stjórnun
- Rekstraráætlun og eftirfylgni
- Samskipti við hluthafa og stjórn
- Undirbúningur mánaðarlegar skýrslu til stjórnar
- Uppbygging sölufæra félagsins og eftirfylgni
- Greining á markaðsupplýsingum
- Umsjón með dótturfélögum

Menntunar og reynsla:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af rekstri og uppbyggingu fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi
- Reynsla af stjórnun og samningagerð
- Reynsla af netsölu er kostur

Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- Framúrskarandi samskipta og skipulagshæfileikar
- Stefnumótandi hugsun
- Góða enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfesti í félaginu árið 2013. Fyrirtækið var styrkt af Tækniþróunarsjóði og Hönnunarsjóði Aurora.

Stafsóknir sendist eigi síðar en 25. júní á: gisli@andreamaack.com

Andrea Maack is looking for an experienced COO.

Andrea Maack is an Icelandic fragrance house founded in 2011 by Icelandic visual artist Andrea Maack and retails in 150 luxury stores worldwide. The fast growing company is looking to add an additional member to their team.

Responsibilities:

- Daily operations and management
- Operation strategy, planning and execution
- Investor relations
- Board level reporting
- Responsibility for all internal processes
- Market analysis
- Managing subsidiaries

Education and background:

- Graduate level degree or equivalent
- International business experience
- Experience of management and negotiations
- Experience with online sales is an advantage

We are looking for someone with:

- Excellent communication and organizational skills
- Strategic thinking
- Fluency in English, other languages are an advantage
- A high level of motivation and great execution skills

NSA Ventures invested in the company in 2013. The company received grants from The Icelandic technology fund and Aurora.

All applications to be sent no later than June 25th to: gisli@andreamaack.com

change RULES.

cohn & wolfe
cohnwolfe.is

Cohn & Wolfe Íslandi er ráðgjafafyrirtæki á sviði stefnumótandi almannatengsla og stjórnháttanna innan Young & Rubicam, Grey Global Group og WPP Group, stærstu boðmiðlunarsamsteypu í heimi. WPP Group er eina alþjóðlega fyrirtækið á þessu sviði sem starfrækir eigin skrifstofur á Íslandi. WPP Group rekur einnig skrifstofu MediaCom hér á landi.

Cohn & Wolfe Íslandi kallar eftir atvinnuumsóknum. Þú vilt takast á við skipulagningu á sviði almannatengsla. Vilt læra. Vilt gjarnan fara aðrar leiðir en venjulega í þeim tilgangi að ná betri árangri en aðrir. Þú vilt vinna hjá framsæknu alþjóðlegu fyrirtæki í ört vaxandi atvinnugrein.

Almannatengsl í alþjóðlegu umhverfi

Sérfræðingur í almannatengslum

Í boði er spennandi og fjölbreytt ráðgjafastarf í alþjóðlegu umhverfi sem felur í sér mikil tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling. Leitað er eftir faglærðum almannatengli sem býr yfir eldmóði og metnaði til að leggja á sig það sem þarf til að sinna almannatengslaráðgjöf á æðsta stigi.

Skarpskyggni, þroski og djúpur skilningur á aðferðafræði eru eiginleikar sem verða að vera til staðar auk þess sem viðkomandi verður að ráða yfir hæfileikum til að miðla fagráðgjöf fyrirtækisins í takt við formkröfur þess.

Réttur aðili þarf að eiga auðvelt með að ræða erfið mál með skýrum hætti og hafa þrek til að greina, túlka og miðla til samræmis við skilaboðastefnu.

Almannatengill með skipulagshæfileika

Óskað er eftir sérfræðingi í skipulagningu stærri og minni verkefna. Gerðar eru kröfur um mikla verkþekkingu og verður viðkomandi að ráða yfir innsæi og yfirsýn til að geta þróað aðgerða- og aðferðaáætlanir með hagkvæmum hætti.

Fagleg þekking á almannatengslum er nauðsynleg enda verður viðkomandi til dæmis að geta þróað hagaðilagreiningu, krísuáætlanir, boðskiptaáætlanir, langtímaáætlanir og stýrt málefnavinnu – allt grundvallað á skilaboðastefnu.

Viðkomandi sérfræðingur verður að hafa yfirgripsmikla þekkingu á tilgangi, forsendum og markmiðum til að geta byggt stefnulegar, leiðarlegar og framkvæmdalegar áætlanir á réttum grunni.

Vaktstjóri á fréttavakt

Vaktstjóri á fréttavakt Cohn & Wolfe Íslandi þarf að vera góður og fjölhæfur penni með kunnáttu til að leita uppi og koma auga á áhugaverðar upplýsingar – bæði innanlands og utan.

Nauðsynlegt er að hafa fréttanef, geta greint kjarnann frá hisminu og meðhöndlað fréttir og fréttatengt efni með hliðsjón af boðskiptastefnu og hentugum boðleiðum hverju sinni. Starf vaktstjóra er á stigi aðferðamótunar.

Aðferðamótun felst í skipulagningu herferða, vali á boðrásum, boðleiðum og framsetningu skilaboða.

Umsækjendur verða að hafa gott vald á íslensku og ensku. Þekking og reynsla á öllum tegundum fjölmiðlunar auk skilnings á taktískri hugsun er mikilvæg. Góð tölvukunnátta og þekking á vefumsjónarkerfum er skilyrði.

Sendu umsókn á reykjavik@cohnwolfe.is strax í dag.
Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Hafnarfjarðarbær Umhverfi og framkvæmdir

Véla- og verkamaður í Þjónustumiðstöð.

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni



www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is





ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLOTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



PETTA GERÐIST: 14. JÚNÍ 1741

Rússar eigna sér Alaska

Rússneski kaupmaðurinn Grigory Shelikhov markaði upphafið að landnámi Rússa í Alaska á þessum degi fyrir 220 árum. Grigory fann Three Saints-flóann þennan dag á Kodíakeyjum en Evrópumenn uppgötvaðu landið árið 1741 þegar rússneskur leiðangur var farinn undir leiðsögn danska landkönnuðarins Víтус Bering. Rússneskir veiðimenn gerðu fljótt innrás í Alaska og réði Páll Rússakeisari Rússnesk-

ameríska félagið til að stjórna nýlendunni. Árið 1855 reyndu Rússar að selja Bandaríkjamönnum nýlenduna. Samningurinn um sölu nýlendunnar var undirritaður árið 1867 í forsetatíð Andrews Johnson og var verðið 7,2 milljónir dala. Hinn 18. október komst landið undir stjórn Bandaríkjanna. Það var Charles Summer öldungadeildarþingmaður sem lagði til nafnið Alaska.



ALASKA Rússar námu land í Alaska fyrir 220 árum síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



BÓLUSETNING Barn fær bólusetningu gegn mænuótt. UNICEF hefur bóluset um 180.000 börn gegn sjúkdómnum á undanförunum mánuðum og 288.000 börn í Suður-Súdan hafa auk þess fengið bóluefni gegn mislingum.



HANDLEGGSBROTINN Á flóttu með systkinum sínum fjórum datt Yuot litli og handleggsbrotnaði. Yuot, systkini hans og móðir búa nú í flóttamannabúðum.

Heiður að fá að taka þátt í svona mikilvægu starfi

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, dvelur í Suður-Súdan í sumar við hjálparstarf. Hann býst við erfiðu ástandi á svæðinu en segist hlakka til að leggja sitt af mörkum í þessu stríðshrjáða landi. Neyðarsöfnun fyrir börn í Suður-Súdan er hafin á Íslandi.

HJÁLPARSTARF Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, UNICEF, er á leiðinni til Suður-Súdan þar sem hann mun dvelja við hjálparstörf í tvo mánuði.

Ástandið í landinu er afar slæmt og fyrir um viku hóf UNICEF neyðarsöfnun á Íslandi. Stefán Ingi segir stöðuna í Suður-Súdan vera flókna. „Fyrir júl byrjaði borgarastyrjöld í landinu. Á þeim sex mánuðum sem eru liðnir hafa 1,4 milljónir manna verið á flóttu,“ segir Stefán. „Ýmsir innviðir landsins eru farnir að gefa sig og til dæmis höfdu mjög fáir færi á því að sá í akurinn og rækta landið. Það stefnir í að það verði mikið fæðuóryggi með haustinu og það er ein stærsta ógnin. Það hangir hungurvofa yfir landinu og það er ekki síður þess vegna sem við erum að hringja við-vörunarbjóllum, til að geta strax komið í veg fyrir hungursneyð.“

Adspurður segir Stefán Ingi að söfnunin hér á landi hafi gengið mjög vel og UNICEF hafi fengið jákvæð viðbrögð. „Við erum að skora á fólk að taka þátt og leggja sitt af mörkum til að reyna að verja réttindi barna eins vel og við getum við þessar erfiðu aðstæður. Við höfum fullt af tækjum og tólum til að gera þetta miklu betur en hingað til og þess vegna þurfum við að leggja enn þá meira af mörkum,“ segir hann. „Auðvitað hefur mjög mikið þegar verið gert til að koma í veg fyrir farsóttir



VANNÆRING Meira en 50.000 börn í Suður-Súdan þjást af vannæringu og eiga á hættu að láta lífið á næstu vikum og mánuðum fái þau ekki hjálp án tafar. Yfir 740.000 börn undir fimm ára aldri eru auk þess í mikilli hættu á að verða vannæringu að bráð.

eins og kóleru og við bólusetningu en við viljum gera miklu meira.“

Stefán Ingi mun byrja á því að ferðast til Naíróbí í Kenía til að fá vegabréfsáritun. Eftir það verður förinni heitið til Juba, höfuðborgar Suður-Súdan, þar sem hann verður hluti af alþjóðlegu starfslíði UNICEF í landinu. „Í byrjun júl verð ég mættur á skrifstofuna til að taka þátt í neyðaraðstoðinni. Þetta er gott tækifæri fyrir mig til að fylgja aðstoðinni beint eftir og sjá hvaða áhrif hún hefur.“

Þetta verður í fyrsta sinn sem hann kemur til Suður-Súdan. „Þetta eru erfiðar aðstæður þarna. Það er mikil ábyrgð og mikill heiður að fá að taka þátt í svona mikil-



HÆTTA Á SJÚKDÓMUM Regntímabilið er hafið, sem skapar enn meiri hættu á sjúkdómum. Yfir 1.000 kólerutilfelli hafa komið upp í höfuðborginni Juba og tveimur öðrum héruðum landsins.

vægu starfi. Í mínum huga snýst þetta fyrst og fremst um það. Við viljum ekki búa í heimi þar sem börn njóta ekki réttar síns. Þess vegna gerum við allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir hörmungar. Að fá tækifæri til að taka þátt í því með beinum hætti er

mjög spennandi, þó að auðvitað sé þetta erfið. Þeir sem vilja taka þátt í söfnuninni á Íslandi geta sent sms með skilaboðunum „BARN“ í símanúmerið 1900 og þar með styrkt UNICEF um 1.900 krónur. Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna UNICEF.is. freyr@frettabladid.is

Pakkaðu rétt fyrir fríð

OZ fylgir áskriftinni í allt sumar



OZ er frábær ferðafélagi í sumar. Þú býrð til þitt eigið safn með öllu uppáhaldssjónvarpsefninu þínu og horfir þegar þér hentar.

Beinar útsendingar 365 eru allar aðgengilegar með OZ, svo þú getur horft á boltann í beinni eða safnað íþróttaefni og horft síðar.

Nú fylgir áskriftinni aðgangur að OZ í allt sumar. Nánar á 365.is

OZ



Fáðu þér áskrift! **365.IS**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

GÍSLA JÓNS HELGASONAR
Hátúni 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við stjórnendum og starfsfólki Ísleifs Jónssonar ehf. fyrir alla aðstoð og vinsemi.

Fjölskyldan.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

JÓRUNNAR ÓLÍNU HINRIKSDÓTTUR
Stígahlíð 34.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis.

Sigurína J. Gunnarsdóttir **Guðbrandur Einarsson**
Lára G. Gunnarsdóttir
Vigdís Gunnarsdóttir **Ágúst Karlsson**
Markús Gunnarsson **Ragnhildur Rögnvaldsdóttir**
Sigurín Matcke
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín og móðir,

GRÉTA SOFFÍA
SIGURSTEINSDÓTTIR
Rauðumýri 17, Akureyri,

lést aðfaranótt 29. maí. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Ólafur H. Ólafsson
Garðar Ingi Ólafsson



Hjartans þakkir til allra ættingja og vina sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

ELLERTS BJÖRNS SKÚLASONAR
verktaka,
Bergási 11, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á B2 taugalækningadeild á Landspítala, Fossvogi, fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Elín Guðnadóttir **Bjarne P. Svendsen**
Elínborg Ellertsdóttir
Vigdís Ellertsdóttir **Helena Guðjónsdóttir**
Björn Viðar Ellertsson **Árni Kr. Einarsson**
Ómar Ellertsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

MARGRÉTAR RÖGNUM
JÓHANNSDÓTTUR.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Markar fyrir góða umönnun.

Reynir Óskarsson **Berglind Guðmundsdóttir**
Hróbjartur Æ. Óskarsson **Lilja Arnardóttir**
Kristín Óskarsdóttir **Agnar Ívar Agnarsson**
Gunnar Óskarsson **Sigurbjörg B. Ólafsdóttir**
Margrét Óskarsdóttir **Ragnar B. Bjarnarson**
Hallgrímur Óskarsson **Gyða Árný Helgadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir, afa og langafi,

TRÚMANN KRISTIANSEN
áður skólastjóri á Hvolsvelli og í Hveragerði,

andaðist á dvalarheimili Hrafnistu í Hafnarfirði 31. maí. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. júní nk. kl. 15.00.

Birna Frímansdóttir **Heidi Strand**
Matthías Már Kristiansen
Ragnheiður Kristiansen **Sigurður Reynir Gíslason**
Málfríður Klara Kristiansen
Kolbrún Kristiansen
barnabörn og barnabarnabörn.



Dansnámskeið verður haldið í Norræna húsinu á næstunni:

Andardrátturinn kannaður

Boðið verður upp á dansnámskeið í Norræna húsinu dagana 19. 20. 23. 24. og 25. júní næstkomandi. Námskeiðið er í boði fyrir lærða dansara, dansnemendur á háskólastigi og sviðslistafólk. Það eru Daniel Gulko og Léa Canu Ginoux frá Cahin Caha sem leiða smíðjuna. Ginoux mun skoða „release“-tækni og „body motion awareness-listening“-tækni í gegnum formlega og tilraunakennda þjálfun. Lögð verður áhersla á form, bæði skipulögð og tilraunakennd, samtal á milli líkamans og þess sem við skynjum og upplifun orku í öllum

sínum lögum. Enn fremur verður kannaður andardrátturinn sem uppsetta hreyfinga líkamans og leitast við að ná ástandi fullkominnar meðvitundar.

Sem viðbót við verk Ginoux mun Daniel Gulko leiða tilraunir með raddsvið. Í tilkynningu frá Norræna húsinu segir að hlutarnir deili sömu nálgun varðandi andardrátt, spuna og persónulega tilraunastarfsemi. Á námskeiðinu mun Daniel vinna með tengingu andardráttar við líkamann og vinnslu hljóðs og titrings sem hreyfingaraflla.



DANIEL GULKO Leiðir tilraunir með raddsvið á námskeiðinu í Norræna húsinu.



KVENNAHLAUPIÐ Frá Sjóvá Kvannahlaupi ÍSÍ. Árið 1990 tóku 2.500 konur þátt en í fyrra hafði þeim fjölgað í fimmtán þúsund.

Heimildarmynd um Kvannahlaup ÍSÍ

Kvannahlaup ÍSÍ verður haldið í 25. sinn í dag. Hlaupið fer samanlagt fram á 104 stöðum bæði hér heima og erlendis. Í fyrra tóku fimmtán þúsund konur þátt.

ÍPRÓTTIR Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fagnar 25 ára afmæli sínu í ár. Hlaupið fer fram í dag á 83 stöðum hérlendis og 21 stað erlendis í alls þrettán löndum, þar á meðal á Norðurlöndunum, Spáni, í Bandaríkjunum og Kanada.

Í gegnum þessi 25 ár hefur markmiðið alltaf verið að fá konur til að hreyfa sig. Á hlaupadag má sjá margar kynslóðir sameinast og skapa góðar minningar saman. Hver og einn fer á sínum hraða gangandi, skokkandi, hlaupandi. Engin tímataka er í hlaupinu og snýst hlaupið meira um að hreyfa sig og njóta samverunnar í góðum félagskap.

Í tilefni afmælisins verður gerð heimildarmynd um kvannahlaupið. „Á tíu stöðum erum við með upptökuvélar. Við höfum fengið fólk til að segja frá sinni upplifun af hlaupinu, af hverju það er að taka þátt og með hverjum,“ segir Sigríður Inga Viggósdóttir, sviðsstjóri almenningisþróttasviðs ÍSÍ, aðspurð. Hún bætir við að stuttermabolunum sem konur hafa klæðst í hlaupinu hafi verið breytt í tilefni dagsins. „Við breyttum hálsmálunum og færðum lógóid aftan á. Þeir eru hreinir að framan, nema að þar

er lítið ÍSÍ-merki. Við höldum að þeir muni lifa aðeins lengur þannig.“

Einnig voru settir á stofn göngu- og hlaupahópar víðs vegar um landið í tilefni afmælisins. „Við fengum til liðs við okkur þá fjölmörgu hópa sem eru til nú þegar og Martha Ernstdóttir setti saman hlaupaprógramm sem konur gátu náð í á heimasíðu okkar og á Facebook. Það var gert til að hvetja konur til að fara af stað.“

Spurð út í ástæðuna fyrir langlífi Kvannahlaups ÍSÍ segir Sigríður að samstaða kvenna sé aðalástæðan. „Konur hafa verið duglegar að taka þátt. Árið 1990 voru 2.500 sem tóku þátt í Garðabæ og sjö stöðum úti á landi. Í fyrra voru um fimmtán þúsund konur sem tóku þátt og núna eru staðirnir orðnir miklu fleiri.“

Að sögn Sigríðar líta konur ekki aðeins á kvannahlaupsdaginn sem hlaupadag heldur snýst hann líka um samveruna. „Það eru oft margar kynslóðir að hlaupa saman á þessum degi. Félagsskapurinn skiptir miklu máli.“

Sjá má allar nánari upplýsingar um hlaupið og hlaupastaði á www.kvannahlaup.is.

frey@frettabladid.ism



MARTHA ERNSTDÓTTIR Martha bjó til hlaupaprógram fyrir þátttakendur í Kvannahlaupi ÍSÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

KRISTJÁN FINNBOGASON
Mávahlíð 35,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 8. júní. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 18. júní klukkan 13.00.

Krístur Magnúsdóttir
Magnús Kristjánsson
Jóhann Kristjánsson
Gunnar Kristjánsson

Björg Hansdóttir
Krístín Andersen
Guðrún Þórisdóttir



Kærar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir, afa og langafa,

ÁSKELS JÓNSSONAR
Þjóðbraut 1, Akranesi.

Vigdís Björnsdóttir
Sigrún Áskelsdóttir
Jón Áskelsson
Nanna Þóra Áskelsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Pórir Ólafsson
Kristbjörg Antoniusardóttir



FM957


SKY AGENCY

DAVID GUETTA

Í Laugardalshöll 16. júní

DJ Muscleboy
EmmSjé Gauti
Úlfur Úlfur
Friðrik Dór
Steindi jr.
Bent

Broiler
TDK

Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða! Miðasala á Midi.is
davidguetta.com | twitter.com/davidguetta | facebook.com/davidguetta


World Class
ICELAND

 Domino's

 burn



KL. 20:30

Mad Men

Sjöunda þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans.

Meiriháttar sunnudagur

KL. 17:30

Eyjan

Vandaður þjóðmála- og fréttaskýringaþáttur um pólitík og efnahagsmál í umsjón Björns Inga Hrafnssonar.



KL. 19:30

Britain's Got Talent

Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna með Simon Cowell og fleirum í dómnefnd.



KL. 21:20

24: Live Another Day

Kiefer Sutherland er mættur aftur í hlutverki Jacks Bauer sem er búinn að vera í felum í nokkur ár.



KL. 22:00

The Match Point

Stórmynd með Jonathan Rhys-Meyers og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum.



KL. 19:20

American Dad

Níunda teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

SUDOKU

LÉTT

		6	2	9	8			
7					5			
	8	2		9	4			
		1	7	8		2	9	
	6				3		7	
	5		2	4	6	3		
		9	1		8	7		
			4	9			5	
4		3				1		

LÉTT

6			7	2			1	
7	4		8			9	3	6
5	2			8				
9			1	5	7	3		2
	8		2			6		
	7						5	9
			6		4	1		
1			7		4			

MIDLUNGS

PUNG

7	4			9	5			
			7		8			
6		5		1	7			
	3			8			9	
5						8	4	
	1	4			3	6		
5	4	1	6					
		3	2					
2	7							

4	3	1	9	2	7	5	6	8	4	6	8	2	7	9	5	3	1	5	6	9	7	4	1	3	8	2
5	2	6	8	4	1	3	9	7	9	7	2	5	1	3	4	8	6	3	2	7	5	6	8	9	4	1
7	8	9	5	6	3	1	2	4	5	1	3	4	8	6	7	9	2	4	1	8	3	9	2	5	6	7
2	9	5	7	1	8	4	3	6	1	8	7	3	4	5	2	6	9	6	3	4	8	2	7	1	5	9
8	6	7	4	3	2	9	5	1	3	5	9	6	2	7	8	1	4	7	5	2	4	1	9	8	3	6
1	4	3	6	9	5	7	8	2	2	4	6	8	9	1	3	5	7	8	9	1	6	3	5	7	2	4
9	5	2	1	8	4	6	7	3	6	2	1	7	3	8	9	4	5	9	4	3	1	5	6	2	7	8
3	7	4	2	5	6	8	1	9	8	9	4	1	5	2	6	7	3	1	7	6	2	8	3	4	9	5
6	1	8	3	7	9	2	4	5	7	3	5	9	6	4	1	2	8	2	8	5	9	7	4	6	1	3

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Frelsi allra listamanna er nauðsynlegt.“

Christo

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. dóms, 6. tveir eins, 8. samræða, 9. árkvísir, 11. bókstafur, 12. goðmögn, 14. bor, 16. spil, 17. orlof, 18. atvikast, 20. tónlistarmaður, 21. stagl.

LÓÐRÉTT

1. ofneysla, 3. ólæti, 4. markmið, 5. slagbrandur, 7. heimaska, 10. maka, 13. bókstafur, 15. land, 16. hylli, 19. hvort.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. mats, 6. ff, 8. tal, 9. ála, 11. ka, 12. tötem, 14. nafnar, 16. ás, 17. fr, 18. ske, 20. kk, 21. tafs. LÓÐRÉTT: 1. orfát, 3. at, 4. takmark, 5. slá, 7. flónska, 10. ata, 13. efr, 15. rki, 19. äst, 19. efr.

SKÁK


Gunnar Björnsson

Gunnar Björnsson (2063) hafði hvítt gegn Ítalanum Claudio Mercendalli (1893) í sjöundu umferð alþjóðlegs móts í Sardiníu.

Hvítur á leik



27. Hg1? (Bæði 27. Dg4 og 27. fxg7 Hd1+ 28. Hf1 vinna) 27. ...Hd1? 28. Hfg3! Hxg1+ 29. Hxg1 og hvítur vann. Svartur missti hins vegar af ótrúlegri björgun í 27. leik sem tryggir jafntefli en það er 27. ...Dd1!! www.skak.is Mjóddarmót Hugins.



TYGGJA



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætufrnis í tyggigúmmii

FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



BÓNUS BACON/BEIKON

1598
krónur kg.

BÓNUS
SÚKKULADITERTA 1 KG.



998
KR. 1 KG.



159
kr 4 stk.



149
kr 5 stk.



398
kr 125g

Bónus Lambhagablanda 125g



129
kr. 2 ltr.

NÝTT Í BÓNUS



359
kr. 454g

Amerískar Eggjahvitur 454g



159
kr 570g



398
kr 200g

BÓNUS Spinat 200G



98
kr 5 stk.



259
kr. 2 ltr.

17. JÚNÍ
Fáni á priki
98 KR.



17. JÚNÍ
Stór snuð 70g
198 KR.STK

17. JÚNÍ
Candyfloss 20g
98 KR.STK



129
kr 500g

Bónus Kornbrauð 500g



459
kr. 170g

Góu þrennan Prins-Æði-Hraun bitar



579
kr. 3 x 200g



79
kr. 330ml

75
kr. 330ml

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

17. júní
OPIÐ 10:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

17. júní
OPIÐ 10:00-18:00

Sjalla
Fjalla ferskt kryddað lambalæri

1298
KR.KG

FJALLA ferskt Kryddað lambalæri

2013 SLÁTRAD

1198
krónur kg.

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri FROSID**

1898
kr. kg.

SLÁTURFÉLAGIÐ **FROSNAR** Lamba-tvírifjur

2013 SLÁTRAD

1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSID**

759
kr. kg

Sláturfélag Suðurlands
Frosinn grillsagður lambaframpartur

2013 SLÁTRAD

1198
KR.KG

KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR

1598
kr 10 stk. 120g

Kjarnafæði **Frosnir Nautagripa-hamborgarar 10x120g**

FRÁ ÞÝSKALANDI

3798
kr. kg.

FROSIN Heil nautalund

BONUS Grillkjöt
Bónus BBQ grisakótleittur

1198
kr. kg.

Bónus BBQ grill grisakótleittur

ROSE

Úrbeinuð kjúklingalæri

1359
kr. 700g

KYCKLINGFILE KYCKLINGFILE
STYCKFRYSTA, HÖTTHALT 80%
100 g e

1545
kr. 900g

Euroshopper **Frosnar kjúklingabringur 900g**

NAUTA-veisla
2 x 140g Nautahamborgari Upprunaland Spánn

100% KJÖT

439
kr. boxið

Nautaveislu **Nautahamborgarar 2 x 140g**

Innocent Smoothie 250ml
TILBOÐ VERÐ ÁÐUR: 289 KR.
BEST FYRIR 21.JÚNÍ

145
kr 250ML

BONUS
Grisakótleittur

1398
kr. kg

BÓNUS úrb. GRILL-Grisakótleittur

BONUS
Grisahryggjafille

1398
kr. kg

BÓNUS Grisahryggjafille / grill

norðanfiskur

1898
krónur kg.

Norðanfiskur **Íslenskir laxabitar** beinhreinsaðir m.roði



SPOR Í SANDI Verk Sigurjóns Ólafssonar.

Leiðsögn um Spor í sandi

Dr. Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, verður með leiðsögn um sýninguna SPOR Í SANDI, yfirlitssýningu á verkum Sigurjóns Ólafssonar, á morgun klukkan 14.00 í Listasafni Íslands á Fríkirkjuvegi 7.

Á sýningunni gefur að líta ólíkar hliðar listamannsins í 90 mikilvægustu verkum hans. Auk þess er lögð áhersla á að sýna hæfileika Sigurjóns til að vinna jafnhendis að klassískum verkum og framúrstefnu og sýnt hvernig meginreglur byggingarlistarinnar, form, ljós og rými, eru ætíð til staðar í verkum hans.

Sýnir í fyrsta sinn á Íslandi

Svona geri ég nefnist sýning Hjalta Karlssonar, grafíks hönnuðar, sem opnuð verður í Hönnunarsafni Íslands í dag. Hjalti býr og starfar í New York og hefur ekki áður haldið einkasýningu hérlendis.

Þetta er sýning sem sett var upp í Röhsska hönnunarsafni Svía í Gautaborg, í fyrra og skiptist í tvennt. Helmingurinn af henni er tímalína sem sýnir hver ég er og hvað ég hef verið að fást við síðustu tuttugu árin og hinn helmingurinn er smá bland í poka sem sýnir það sem ég hef gert um Ísland,“ segir Hjalti Karlsson, grafískur hönnuður, sem opnar í dag klukkan 15 sýninguna Svona geri ég í Hönnunarsafni Íslands.

Hjalti býr og starfar í New York og hefur búið þar síðan hann hélt þangað til náms í lok níunda áratugar síðustu aldar. Þar rekur hann hönnunarfyrirtækið Karlssonwilker Design Studio sem hann og Jan Wilker stofnuðu árið 2000. Meðal fjölbreyttra viðskiptavina þeirra má nefna MTV, Wolf Gordon, tímaritið Time, húsgagnaframleiðandann Vitra, Puma, bílframleiðandann MINI, Guggenheim-safnið, MoMA-safnið í New York og síðast en ekki síst GusGus.

Hjalti hlaut Torsten och Wanja Söderberg-verðlaunin í nóvember á síðasta ári og í tilefni af því var gerð um hann heimildarmynd sem er hluti af sýningunni Svona geri ég. „Myndin er 18 mínútna heimildarmynd um mig og stofuna gerð af Röhsska-safninu og er eðlilegur hluti af sýningunni,“ segir Hjalti. „Hún gengur í lúppu allan daginn svo áhorfendur þurfa ekki að óttast að þeir missi af henni.“

„Ég held samt alltaf mjög góðu sambandi við heimaslóðirnar og kem heim reglulega, en það hefur bara ekki komið upp að ég héldi sýningu hér fyrr.“



HJALTI KARLSSON Á meðal þeirra sem Hjalti hefur hannað fyrir eru MTV, Wolf Gordon, tímaritið Time og GusGus. MYND/SVEN HOFFMANN

Á morgun mun Hjalti verða með leiðsögn um sýninguna klukkan 14 og leiða gesti í gegnum hana. „Ég ætla að halda smá tölu og skýra út sýninguna, auk þess að sýna fleiri hluti sem ég hef gert, ef einhver hefur áhuga,“ segir hann hógvæ. Þetta er fyrsta einkasýning Hjalta á Íslandi

en hann hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum hér. „Ég held samt alltaf mjög góðu sambandi við heimaslóðirnar og kem heim reglulega, en það hefur bara ekki komið upp að ég héldi sýningu hér fyrr,“ segir hann. „Ég hlakka mikið til.“

fridikab@frettabladid.is

Ópera eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson


Ragnritur

TÍU TILNEFNINGAR TIL GRÍMUNNAR 2014

TÓNLIST ÁRSINS Gunnar Þórðarson	LÝSING ÁRSINS Páll Ragnarsson	SÖNGVARI ÁRSINS Elmar Gilbertsson Viðar Gunnarsson Póra Einarsdóttir
LEIKRIT ÁRSINS Friðrik Erlingsson	BÚNINGAR ÁRSINS Þórunn S. Þórgrímsdóttir	LEIKSTJÓRI ÁRSINS Stefán Baldursson
	LEIKMYND ÁRSINS Gretar Reynisson	
	SÝNING ÁRSINS	

Örfáar sýningar ráðgerðar um jólin 2014
Miðasala hefst í haust

ÍSLENSKA ÓPERAN



BERGMÁLFLYTJENDUR Helga Póra Björgvinsdóttir fiðluleikari, Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari, Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari, Carlos Caro Aguilera básúneikari, Grímur Helgason klarinettuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari.

Hitað upp fyrir Bergmál í Háteigskirkju

Tónlistarhátíðin Bergmál verður haldin á Dalvík í fimmta sinn í næstu viku. Upphitunartónleikar fyrir hátíðina verða í Háteigskirkju á morgun.

Á síðdegistónleikum í Háteigskirkju á morgun gefst tónlistarunnendum á höfuðborgarsvæðinu kostur á að heyrna litríkt sýnishorn af dagskrá tónlistarhátíðarinnar Bergmáls sem fram fer á Dalvík í kring um sumarsólstöður. En hvaða fyrirbæri er Bergmál? „Þetta er lítil sígild tónlistarhátíð sem við höfum verið með á Dalvík síðastliðin fimm ár,“ segir Grímur Helgason klarinettuleikari, einn skipuleggjenda Bergmáls. „Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari byrjuðu með hátíðina og ég kom svo inn í þetta með þeim. Við höfum verið að spila sígilda tónlist og svona aðeins út í dægurlög stundum og alltaf haldið upphitunartónleika í Reykjavík áður en við förum norður.“

Tónlistarhátíðin Bergmál verður

haldin dagana 19. til 22. júní í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Tónverkin sem flutt verða á þrennum tónleikum spanna vítt litróf, allt frá djúpum þönkum Johannesar Brahms til skemmtitónlistar Franz Leháar með viðkomu í rússneskum þjóðsagnaheimi, París aldámótanna og íslenskrí sumarnæturkyrrð, að sögn Gríms.

„Tónleikarnir í Háteigskirkju eru síðan svona „best of“ af því sem flutt verður fyrir norðan og þar komum við fram allir flytjendurnir fyrir utan Ellu Völu Ármannsdóttur hornleikara og Margréti Hrafnadóttur sópran-söngkonu,“ bætir hann við.

Tónleikarnir í Háteigskirkju hefjast klukkan 17 á morgun og hátíðin sjálf hefst síðan þann 19. júní með opnunartónleikum Bergmáls í Bergi klukkan 20.

-fsb

LAUGARDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Tónleikar

13.00 Kóraveisla í Skálholtskirkju. Kammerkórinn Melódía og Söngsveitin Fílharmónía koma fram. Stjórnandi er Magnús Ragnarsson.

15.00 Bandaríska söngkonan, píanóleikarinn og skemmtikrafturinn Yve Evans kemur fram á djasssmartónleikum á Jómfrúnni við Lækjargötu. Yve kemur fram víða um heim og er stödd hér á landi eftir djasssiglingu með skemmtiferðaskipinu Crystal Symphony.

Hún kom fram með hljómsveitarfélögum sínum af skipinu á Jómfrúnni sl. fimmtudag við frábærar undirtektir tónleikagesta. Nú kemur hún fram ein og óstudd. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Hljómsveitin Lame Dudes leikur af fingrum fram eigin tónlist og blúsa af öllum stærðum og gerðum, allt frá Robert Johnson til J. J. Cale, í sumarsælunni í garðinum á Hressó. Lame Dudes hélt þrenna Sumarblústónleika í fyrrasumar í Hressógarðinum sem heppnuðust afar vel og er stefnan sett á að halda uppi svipaðri stemningu í sumar.

22.00 KK og Maggi Eiríks koma fram á Café Rósenberg. Tvíeykið hefur náð því að vera 127 ára á þessu ári. Þessir

tveir þungavigtarmenn, sem vega saman á þriðja hundrað kíló, eru enn að spila og hrífa með sér fólk á öllum aldri. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

23.00 Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Uppákomur

11.00 Geysisdagurinn verður haldinn að Skipholti 29 í Reykjavík. Keli og kiðlingarnir, Ari Eldjárn verður með uppistand, ÖRPON, flóamarkaður, kaffiveitingar og pylsugrill til styrktar Klúbbnum Geysi. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.



SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Tónleikar

17.00 Síðdegistónleikar í Háteigskirkju. Þar gefst fólk kostur á að heyrna lífríkt sýnishorn af dagskrá tónlistarhátíðarinnar Bergmáls sem fram fer á Dalvík í kringum sumarsólstöður. Á tónleikunum á sunnudag kennir ýmissa grasa: fiðlusónata í e-moll eftir Mozart, Tvíeymi og Siciliano eftir Porkel Sigurbjörnsson, tilkomumikil básúnusónata Suleks, virtúóísk flautufantasía eftir Taffanel og Saga dátans eftir Stravinskij. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Fræðsla

11.00 Gönguferð með Guðjóni Friðriksyni. Að þessu sinni verður athyglinni beint að svæðinu umhverfis Tjörnina en ferðirnar byrja í Hannesarholti á Grundarstíg 10 og enda í Hljóðbergi við Skálholtsstíg, þar sem sýnd verður stutt heimildarmynd um Hannes Hafstein og uppvartar-ár borgarinnar. Auk þess er boðið upp á skoðunarferð um húsið fyrir þá sem það vilja. Fáir eru betur að sér en Guðjón um húsín og fólkíð í gömlu Reykjavík og víst er að menn fara fróðari af hans fundi.

11.00 Dagur villtra blóma: Gengið um Nauthólsvík. Árlega er haldið upp á sameiginlegan dag villtra blóma á Norðurlöndum. Í Reykjavík verður gengið um Nauthólsvík. Gangan hefst á þaki ylstrandarhússins. Plöntur verða greindar til tegunda, fjallað um fjölbreyttan gróður svæðisins og starfsemi Flóruvina kynnt. Gestir eru hvattir til að taka með sér flóruhandbækur og stækkunargler. Um leiðsögn sjá þeir Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, og Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri Reykjavíkur iðandi af lífi. Boðið er upp á gönguna í samstarfi Grasagarðs Reykjavíkur, Reykjavíkur iðandi af lífi og Nauthólsvíkur.

Uppákomur

13.00 Hani, krummi, hundur, svín-íslenski húsdýragarðurinn á Árbæjarsafni. Húsdýr hafa fylgt Íslendingum allt frá landnámi til okkar dags. Að vanda má sjá búsmala ganga um haga á Árbæjarsafni en á safninu búa hestar, kýr og kindur. Hægt er að fylgjast með þegar kýrin verður mjólkud klukkan 16.00. Ýmis önnur íslensk húsdýr kíkja í heimsókn þennan dag. Nokkrar kanínur munu skoppa glaðar á grasbalanum og einnig verður hægt að heilsa upp á hænur og ungana þeirra. Svo koma Heimsóknarvinir Rauða kross Íslands í heimsókn og ætla að leyfa krökkunum að klappa barngöðum og ljúfum hundum.

Listamannspjall

14.00 Dr. Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, verður með leiðsögn um sýninguna SPOR Í SANDI í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg 7. Arfleifð Sigurjóns Ólafssonar markar djúp spor í sögu norrænnar höggmyndalistar. Á sýningunni gefur að líta ólíkar hliðar listamannsins í 90 mikilvægustu verkum hans. Auk þess er lögð áhersla á að sýna hæfileika Sigurjóns til að vinna jafnhendis að klassískum verkum og framúrstefnu og sýnt hvernig meginreglur byggingarlistarinnar, form, ljós og rými, eru ætíð til staðar í verkum hans. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Vikingahátíð í Hafnarfirði 13.-17. júní 2014



Fjölskylduhátíð

Vikingamarkaður, handverks- og bardagavíkingar, fornir leikir, glíma, bogfimi og axarköst, fjöllistamenn, vikingaskóli fyrir börn, vikingatónlist, eldsteikt lamb, vikingaveisla, kvöldvaka að hætti víkinga, dansleikir og fleira.

Dagskrá Vikingahátíðar 2014

Laugardagur 14. júní

- 13:00 Markaður opnaður
- 13:30 Víkingaskóli barnanna
- 14:00 Bardagasýning
- 14:30 Pól Arni Holm (söngur) og Jón Joensen (gítar) úr Færeysku rokkveitinni Týr
- 15:00 Sagnaþulir í Hellinum á hótelinu
- 15:30 Hljómsveitin Krauka spilar
- 16:00 Bardagasýning
- 16:30 Bogfimikeppni víkinga
- 17:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 18:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 19:00 Bardagasýning
- 19:30 Tónlist og söngur við eldstæðið
- 20:00 Lokun markaðar
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin
- 22:30 Tónleikar í Fjörúkránni með hljómsveitinni Krauka
- 23:00 Pól Arni Holm (söngur) og Jón Joensen (gítar) úr Færeysku rokkveitinni Týr
- 01:00 Lokun

Sunnudagur 15. júní

- 13:00 Markaður opnaður
- 13:30 Víkingaskóli barnanna
- 14:00 Bardagasýning
- 15:00 Pól Arni Holm (söngur) og Jón Joensen (gítar) úr Færeysku rokkveitinni Týr

- 16:00 Bardagasýning
- 16:30 Bogfimikeppni víkinga
- 17:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 17:30 Sagnaþulir í Hellinum á hótelinu
- 18:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 19:00 Bardagasýning
- 19:30 Tónlist og söngur við eldstæðið
- 20:00 Lokun markaðar
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin spilar
- 22:30 Tónleikar í Fjörúkránni með hljómsveitinni Krauka
- 23:00 Pól Arni Holm (söngur) og Jón Joensen (gítar) úr Færeysku rokkveitinni Týr
- 01:00 Lokun

Mánudagur 16. júní

- 12:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður/kona heims
- 12:30 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður/kona heims
- 13:00 Markaður opnaður
- 13:30 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður/kona heims
- 14:00 Bardagasýning
- 14:45 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður/kona heims
- 15:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 16:30 Bardagasýning
- 16:30 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður/kona heims
- 18:00 Víkingasveitin spilar
- 18:30 Bardagasýning

- 19:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður/kona heims
- 20:00 Lokun markaðar
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin spilar
- 22:30 Tónleikar í Fjörúkránni með hljómsveitinni Krauka
- 23:30 Dansleikur með hljómsveit Hermanns Inga, Helga Hermanns og Smára (Gamla víkingasveitin)
- 03:00 Lokun

Þriðjudagur 17. júní

- 13:00 Markaður opnaður
- 13:30 Víkingaskóli barnanna
- 14:00 Bardagasýning
- 15:00 Sagnaþulir í Hellinum á hótelinu
- 15:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 16:00 Bardagasýning
- 16:30 Bogfimikeppni víkinga
- 17:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 18:00 Hljómsveitin Krauka spilar
- 19:00 Bardagasýning
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin spilar
- 20:30 Lokaathöfn með Gudrunu Vicktoriu og fleiri víkingum
- 22:30 Tónlist í Fjörugarðinum að hætti víkinga
- 01:00 Lokun



Eftir að Víkingahátíðinni lýkur verður haldið til Vestmannaeyja þar sem haldin verður heljarinnar hátíð 20. og 21. júní í samvinnu við Herjólf, Vestmannaeyjabæ og veitingahúsið Vöruhúsið.

Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu okkar www.fjorukrain.is - Sími 565-1213



HEIDI KLUM

Kíkt í snyrtibuddu fyrirsætunnar Heidi Klum



AUGNHÁRA-BRETTARI FRÁ SHU UMEIRA

HÁRSPREY FRÁ OSIS+

HÁRKREM FRÁ CLEAR

RAKAKREM FRÁ MARIO BADESCU

SÓLAR-PÚÐUR FRÁ YSL

NAGLALAKK FRÁ SHELLAC

AIRBRUSH-SPREY FRÁ SALLY HANSEN

KINNALITUR FRÁ YSL

SÓLARVÖRN FRÁ BANANA BOAT

Litlu sæta uglan toppar allar gjafirnar

Birta Björnsdóttir fatahönnuður fékk litla uglu í afmælisgjöf frá eiginmanninum en hann hefur verið hugmyndaríkur með gjafir.

„Ég er dýrasjúk og hef alltaf verið. Er hún ekki sæt? Hún er með loðin augnlok og löng augnhár. Jeminn eini sko,“ segir Birta Björnsdóttir fatahönnuður hlējandi þegar blaðamaður nær tali af henni í Barcelona. Hin mánaðar gamla uglu var afmælisgjöf frá Jóni Páli Halldórsyni, eiginmanni Birtu, sem pantaði hana frá löggildum ugluræktanda í Alicante. Jón Páll hefur verið hugmyndaríkur í gegnum tíðina með dýragjöfum. „Hann hefur kannski verið að fylla upp í þetta tóm því mig er farið að langa í annað barn,“ segir hún og hlær. „Hann er duglegur að gefa mér dýr í afmælisgjafir og hefur áður gefið mér kanarífugla, páfagauk, frosk í búri og californian king-snák, þrjá cockatoo-fugla, kamelljón, síðhærðan naggrís og hana.“

→ Birta hefur fengið óvenjulegar gjafir; kanarífugla, páfagauk, frosk í búri og californian king-snák, þrjá cockatoo-fugla, kamelljón, síðhærðan naggrís og hana.

og mata hana.“ Birta býr ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum uppi í fjallshlíð í bænum Fontpineda fyrir utan Barcelona á Spáni. Þangað fluttu þau til að upplifa nýtt ævintýri en eiginmaður hennar vinnur sem húðflúrari inni í Barcelona. Birta hefur þó ekki slegið slöku við í hönnun sinni á merkinu Júniform og hannar munstur og saumar prótótýpunar að flíkunum á vinnustofu sinni og sendir til Íslands þar sem framleiðslan fer fram. Vinkona hennar sér um verslunina í Hafnarfirði ásamt öðrum samstarfsaðilum sem Birta hefur unnið með í um tíu ára skeið.

„Ég er með rosalega gott fólk sem vinnur með mér á Íslandi. Búsetan hér úti hefur verið ótrúlegt ævintýri þrátt fyrir að fyrsta árið hafi verið svólitíð erfitt í borginni með krakkana. Við ákváðum svo að upplifa meiri náttúru og fluttum 40 mínútur frá borginni þar sem er skógur allt í kring og yndislegt að vera. Krakkarnir dafna vel, tala katalónsku og við erum búin að eignast fullt af góðum vinum.“

marinminda@frettabladid.is



SÆT SAMAN Birta Björnsdóttir ásamt litlu uglunni.



ALGJÖRT KRÚTT Uglan hefur ekki fengið nafn enn þá.



Á HEIMILINU Fjölskyldan er hrifin af kamelljóninu.

Mojito-bollakökur sem tilvaldar eru í sumarteitið

Þessar girnilegu bollakökur er hægt að gera bæði áfengar eða óáfengar en þær eru afar gómsætar og smellpassa í sumarbaksturinn.

Mojito-múffur
(* Um það bil 12 stykki)

- Kökurnar
- 1½ bolli hveiti
- ½ msk. lyftiduft
- ¼ tsk. salt
- 115 g mjúkt smjör
- 1 bolli sykurl
- 2 egg
- 2 súraldin, börkur rifinn af og safi kreistur úr
- ¼ tsk. vanilludropar
- ½ bolli mjólk, eða ¼ bolli mjólk og ¼ bolli ljóst romm

- 1 msk. fersk mintu, söxuð
- Mintusíróp**
- ½ bolli vatn, eða ¼ bolli vatn og ¼ bolli ljóst romm
- ½ bolli sykurl
- ¼ bolli mintulauf
- Krem**
- 115 g mjúkt smjör
- 1 súraldin, börkur rifinn af og safi kreistur úr
- 7 söxuð mintulauf
- 2-3 bollar flórsykurl
- 1 msk. rjómi

Hitið ofninn í 160°C. Blandið hveiti, lyftidufti og salti saman í skál. Blandið smjöri og sykri saman í annarri skál. Bætið eggjunum við, einu í einu. Bætið safu og berki af súraldinum, mintu og vanilludropum saman við. Bætið þurr-efnablöndunni og mjólk (og jafnvel rommi) saman við smjörbönduna. Hellið blöndunni í múffuform og bakið í 20-24 mínútur. Búðið til mintusírópið á meðan kökurnar kólna. Blandið öllum hráefnum í sírópinu saman í potti yfir vægum hita

þangað til sykurlinn er búinn að leysast upp. Penslið kökurnar með sírópinu. Búðið svo til kremið. Setjið mintu og börk í litla skál. Hellið súraldinsafanum yfir blönduna. Hrærið smjörið létt í annarri skál og bætið svo mintublöndunni saman við. Blandið rjómanum saman við og síðan flórsykri þangað til kremið er orðið eins þykkt og þið viljið. Setjið kremið á kökurnar og njótið. -1kg

* Fengið af síðunni <http://redpathsugar.com/delicious-mojito-cupcakes/>



GÓMSÆTAR Mojito-kökurnar klinka ekki.

Stelpur mega ekki kúka

? Ég hef velt einu fyrir mér og rætt við marga stráka og vinkonur mínar en hvað er þetta með að stelpur megi ekki kúka? Margar vinkonur mínar tala um að þær varla prumpi fyrir framan kærastann sinn og ekki séns að fara á klósettið með hann inni á salerninu en ég skil þetta ekki. Ég held þær haldi að þá verði þær ekki lengur kynverur í þeirra augum (sagði ein vinkona mín orðrétt). Veistu hvaðan þetta kemur og er þetta alengt viðhorf?

•••

SVAR „Sætar stelpur hafa ekki hægðir“ sönglaði, eða öllu heldur

öskraði, hljómsveitin Botnleðja fyrir um tuttugu árum. Mér hefur alltaf þótt þetta mjög merkilegt fyrirbæri og hélt, eins og þú, að þetta væri bundið við minn vinkonuhóp eða karlmenn sem búa í póstnúmerinu 101. Nú bara nýlega las ég pistil af þekktu bandarísku „mömmubloggi“ þar sem þetta var listað sem eitt af því allra heilagasta. Það mátti ekki tala um kúk, prump, viðurkenna að kúka eða hafa makann inni á salerninu á meðan einhvers konar salernis-tengd hegðun var viðhöfð. Samkvæmt þeirri úttekt þá var það gert til að viðhalda einhvers konar „dulúð“. Einmitt. Stelpur, sérstak-

lega ekki sætar stelpur, kúka ekki og prumpa bara blómalykt. Meira að segja dómurnar í Beðmálum í borginni féllu í þessa gildru. Ég hef líka sérstaklega gaman af þessum ótta í aukinni umræðu um endabarmsörvun því margir virðast halda að rassinn sé eins og hnappur sem hægt sé að panta hægðir úr. Þetta fer því ekki saman. Ef þú potar í rass þá sprengist ekki á þig saur (nema viðkomandi þurfi einmitt að hafa hægðir á þeim tímapunkti) en samt þurfa allar manneskjur á einhverjum tímapunkti að hafa hægðir.

Ég held að þetta sé úrelt mýta sem haldið er á lofti af stúlkum sem

leiðist að tala um hægðir. Ekkert dýpra eða flóknara. Það get ég svo sem vel skilið. Mér finnast hægðir leiðinlegt umræðuefni og ég finn ekki þörf til að ræða það sérstaklega við maka minn, en ég get það samt ef ég þarf þess.

Þegar ég var rétt um tvítugt skrifaði ég pistil um stúlkur og „númer tvö“ og eftir birtingu hans var ég ítrekað kölluð „kúkastelpan“ þegar ég fór að skemmta mér. Í því leynist mikil kaldhæðni því ég einmitt sönglaði hvað manna hæst með þessu annars ágæta lagi Botnleðju. En þetta var fyrir rúmum tíu árum. Nú veit ég betur og á vinkonur sem deila með mér sorgum og sigrum á

salerninu og maka sem fetta ekki fingur út í stóran bunka af femínisku lesefni við klósettskálina. Áfram veginn segi ég alltaf, opnum umræðuna og eyðum mýtum. Allir kúka einhvern tíma, helst reglulega, annars getur það verið merki um að eitthvað sé að. Sjáðu bara drottninguna Oprah, hún hefur gert heilu sjónvarpsþættina um hægðir, bæði sínar og annarra.

KYNLÍF TAKTU PÁTTI!

Sendu Sigu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is



STJÚPMAMMA Amber Heard er að tengjast börnum Johnny Depp.

NORDICPHOTOS/GETTY

Tengist börnunum

Leikkonan Amber Heard hefur eytt miklum tíma með börnum Johnny Depp undanfarið og er orðin partur af fjölskyldunni. Depp á börnin Lily-Rose 14 ára og Jack 12 ára með fyrrverandi sambýliskonu sinni, Vanessa Paradis. Depp og Heard trúlofuðust í byrjun árs.

Samkvæmt heimildum Radar-Online hefur leikarinn vinsæli sóst mjög eftir því að Heard og börnin tengist og því skipulagt helgarferðir fyrir þau öll saman.

Á parinu er 23 ára aldursmunur. Þau munu væntanlega ganga í það heilaga á næstu mánuðum.

Eyþór Ingi býr í rútu í viku

„Við stefnum á að fara um allt landið í sumar og erum að fara í fyrsta hluta ferðalagsins í vikunni,“ segir tónlistarmaðurinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson en hann og hljómsveitin hans, Atómskáldin, leggja í tónleikaferðalag um landið í vikunni.

Þeir félagar hafa leigt Liner-hljómsveitarrútuna og ætla að búa þar í viku. „Við munum búa saman í rúttunni í viku, það verður mjög skemmtilegt og fróðlegt,“ bætir Eyþór Ingi við.

Eyþór Ingi og Atómskáldin koma fram á fimm tónleikum á fimm dögum og hefst ferðalagið á Gauknum á mánudagskvöld og halda þeir svo norður. Þeir koma fram á Akureyri á 17. júní, á Húsavík 18. júní, á Sauðárkróki 19. júní og í Hofi á Akureyri þann 20. júní.

Eyþór Ingi og Atómskáldin ætla að flytja lög af samnefndri plötu, en auk þess ætla þeir félagar að frumflytja nýtt efni. Þá ætlar hljómsveitin einnig að spila nokkur lög með hljómsveitum á borð við Muse, Jeff Buckley, Radiohead og The Smiths. „Við lofum mögnuðum tónleikum,“ bætir Eyþór Ingi við.

- lkg



EYÞÓR INGI



> Vel sjóaðir reynsluboltar

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip eru stoltur bakhjarl Íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

samskip

Saman náum við árangri

www.samskip.is



SVARTSÝN Lana Del Rey dró ekkert undan í viðtali við The Guardian.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vildi að hún væri dáin

„Ég vildi að ég væri dauð,“ segir söngkonan Lana Del Rey í viðtali við The Guardian.

Til þess að setja ummælin í sambandi var þetta hluti af viðtali Rey við blaðamanninn Tom Jonze, en þegar hann benti á að tveir upphaldstónlistarmenn Lönu væru látnir, Amy Winehouse og Kurt Cobain, hafði hún þetta að segja.

„Ég meina þetta,“ hélt hún áfram þegar Jonze efaðist um að hún vildi raunverulega deyja. „Mig langar ekki að halda áfram að gera þetta. En ég er að því.“ Í nýlegu viðtali við New York Times ræddi Del Rey einnig um dauðann. „Ég elska tilhugsunina um að einn daginn muni þetta allt verða búið.“

Er enn þungt haldinn

Bandaríski gamanleikarinn Tracy Morgan liggur enn á spítala eftir að hann lenti í alvarlegum sex bíla árekstri í New Jersey-fylki síðastliðinn laugardag. Ástand hans er alvarlegt en stöðugt og hann er farinn að sýna merki þess að hann sé á batavegi.

Leikarinn er þekktur fyrir hlutverk sín í þáttunum 30 Rock og Saturday Night Live.

Morgan var farþegi í limmósínu þegar slysið varð en henni hvolfdi. Auk limmósínunnar lentu tveir stórir flutningabílar í árekstrinum, jeppi og tveir fólkubílar. Einn farþeganna lést og þrír eru alvarlega slasaðir.

ALVARLEGT

SLYS Tracy Morgan lenti í bílslysi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Konur og jafnrétti í brennidepli

Fjöldi Íslendinga er á kvenna- og jafnréttisráðstefnunni Nordiskt Forum sem nú fer fram í Malmö. Íslenskar konur hafa tekið þátt í fjölda málpinga og viðburðum á ráðstefnunni sem stendur fram á sunnudag. Frú Vigdís Finnbogadóttir heldur erindi á ráðstefnunni sem og Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.



SKÁLUÐU Huguína Hjaltadóttir og Kristín Ástgeirsdóttir.



MÆÐGUR Helga og Halla Tryggvadætur ásamt móður sinni Steinunni Stefánsdóttur og Þorgerður Einarssdóttir með dætrum sínum Valgerði og Katrínu Pálmadætrum.



FLOTTAR Þóra Arnórsdóttir, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.



GALVASKAR Kristín Linda Jónsdóttir, Hanna Björg Vilhjálmssdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.



BROSMILDAR Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigríður Björg Tómasdóttir.



GAMAN Katrín Anna Guðmundsdóttir og Halla Gunnarsdóttir.



BROSTU Fríða Rós Valdimarsdóttir og Sonja Ýr Þorbergssdóttir.



Hlustaðu á **tónlist** í allt sumar!

Taktu 3 mánuði

en borgaðu aðeins fyrir 2!

Aðeins 3.398,-



Tónlist.is

Hlustaðu hvar og hvenær sem er. Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.



GILDIR EINGÖNGU Í KRINGLUNNI

S.K.I.F.A.N



NÁÐU BÉR Í TÓNLIST OG KvikMYNDR
Á FRÁBÆRUM VERÐUM!
VERSUN OKKAR Í KRINGLUNNI FLYTUR NIÐUR Á Fyrstu hæð, við Hljóðna
Á Hagkaup og að því tilefni er rýmingarsala.

RYMINGARSALA

Náðu þér í tölvuleiki á
RUGL verðum!

VERSUN OKKAR Í KRINGLUNNI FLYTUR NIÐUR Á Fyrstu hæð, við Hljóðna
Á Hagkaup og að því tilefni er rýmingarsala.



GILDIR EINGÖNGU Í KRINGLUNNI

SAMbio.is

FRÁBER RÓMANTÍSK GAMANÝND

SANDLER BARRYMORE
BLENDED

FANNST ÞÉR GAMAN AF 50 FIRST DATES OG WEDDING SINGER?

DREKANN 2
FORSÝND

VINS.ELASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG

MALEFICENT

ANGELINA JOLIE OG ELLE FANNING

EKKI TRÚA ÆVINTÝRINU

EDGE OF TOMORROW

TOM CRUISE EMILY BLUNT

GODZILLA

MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST

X-MEN

SAMÞJÓM AÐFABAKKA		SAMÞJÓM EGILSHÖLL	
AD TEMJA DREKANN SINN 2 ISL TAL FORSYND KL. 3D: 3:30 2D: 1:30	AD TEMJA DREKANN SINN 2 ISL TAL FORSYND KL. 3D: 3 2D: 3:40	MALEFICENT KL. 3: 5:30 - 8 - 10:30	BLENDED KL. 3: 5:30 - 8 - 10:30
MALEFICENT KL. 3D: 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 2D: 2 - 4:50 - 7	MALEFICENT KL. 3D: 5:50 - 8 - 10:10 2D: 3:20	EDGE OF TOMORROW 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30	EDGE OF TOMORROW 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30
MALEFICENT VIP 2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST KL. 8	A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST KL. 8	A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST KL. 8
BLENDED KL. 3: 5:30 - 8 - 10:30	X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D KL. 5:20 - 10:30	X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D KL. 5:20 - 10:30	X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D KL. 5:20 - 10:30
EDGE OF TOMORROW 2D KL. 5:30 - 8 - 9:10 - 10:30	SAMÞJÓM KRINGLUNNI NÚMÉRUD SAETI	SAMÞJÓM KRINGLUNNI NÚMÉRUD SAETI	SAMÞJÓM KRINGLUNNI NÚMÉRUD SAETI
EDGE OF TOMORROW VIP 2D KL. 10:10	BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:30	BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:30	BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:30
GODZILLA 2D KL. 10:10	MALEFICENT 2D KL. 5:50 - 8	MALEFICENT 2D KL. 5:50 - 8	MALEFICENT 2D KL. 5:50 - 8
WALK OF SHAME KL. 5:50	EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 - 10:10	EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 - 10:10	EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 - 10:10
BAD NEIGHBOURS KL. 8	GODZILLA 2D KL. 5:20 - 10:30	GODZILLA 2D KL. 5:20 - 10:30	GODZILLA 2D KL. 5:20 - 10:30
FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.	MUPPETS MOST WANTED ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR	MUPPETS MOST WANTED ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR	MUPPETS MOST WANTED ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ISL TAL 2D KL. 1:30	FJÖRFISKARNIR ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR	FJÖRFISKARNIR ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR	FJÖRFISKARNIR ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR
THE LEGO MOVIE ISL TAL 2D KL. 3:40	OFUR STRÁKURINN ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR	OFUR STRÁKURINN ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR	OFUR STRÁKURINN ISL TAL 2D KL. 3 FRÍTT Í BÓD KRINGLUNNAR
SAMÞJÓM AKUREYRI	SAMÞJÓM KEFLAVÍK	SAMÞJÓM KEFLAVÍK	SAMÞJÓM KEFLAVÍK
BLENDED KL. 8 - 10:30	MALEFICENT 3D KL. 3:40 - 5:50	MALEFICENT 3D KL. 3:40 - 5:50	MALEFICENT 3D KL. 3:40 - 5:50
MALEFICENT 3D KL. 3:40 - 5:50 - 8	BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:20	BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:20	BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:20
EDGE OF TOMORROW 3D KL. 10:10	22 JUMP STREET KL. 8 - 10:30	22 JUMP STREET KL. 8 - 10:30	22 JUMP STREET KL. 8 - 10:30
GODZILLA 2D KL. 5:30	RÍÓ 2D KL. 3:30	RÍÓ 2D KL. 3:30	RÍÓ 2D KL. 3:30
FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.			
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ISL TAL 2D KL. 3:40			

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR. 750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

Áfram Úrúgvæ!

BAKPANKAR ÉG er ekki áhugamanneskja um fótbolta Snærósar Sindradóttur og hef aldrei verið. Á þeim þremur árum sem ég æfði fótbolta tókst mér einu sinni að skora mark. Það var á Þæjumóti á Siglufirði og markið var dæmt af því ég skoraði það með lófanum á mér. Þar með lauk mínum fótboltaferli í raun og veru.



SEM unglingur fór ég líka fyrst og fremst á KR-völlinn til að sýna mig og sjá aðra. Fylgjast með Rauða ljóninu hlaupa völinn þveran og endilangan og æfa mig í baráttusöngvunum. Ég hafði ekkert sérstakt vit á leiknum en það var gaman að fylgjast með mínum mönnum skora mark og taka við titlum. Enn þann dag í dag gæti ég ekki spottað rangstæðu þótt hún væri endursýnd ótal sinnum.

EN heimsmeistarakeppnin í fótbolta á stóran stað í hjarta mér. Ég var sex ára þegar Frakkar unnu heimsmeistaratilinn 1998 og ég hef knúið fram frækna sigra í Trivial Pursuit með staðreyndum úr leiknum. Ég

man hvar ég var og í hvað ég var klædd fjórum árum síðar þegar Brasilía sigraði Þýskaland. Þrátt fyrir að fá á sig tvö mörk var unun að fylgjast með Oliver Kahn í marki Þjóðverja og heimsmeistarakeppnin varð til þess að hann er eini markmaður heims sem ég get nefnt á nafn og þekkt í sjón.

Á FIMMTUDAG hófst svo loks heimsmeistarakeppnin með miklum bravúr. Ég setti saman klassískan fótbolttamat með miklum bráðnum osti og sussaði á stjúpbörnin tvö þegar þau misstu einbeitinguna yfir leiknum. Hjartað tók aukslag þegar Marcelo skoraði sjálfsmarkið og ég fagnaði ógurlega þegar Brassarnir unnu leikinn, frekar óverðskuldað, þrjú eitt.

ÉG hef tvær reglur þegar ég vel mér lið á heimsmeistarakeppninni. Í fyrsta lagi skal ég alltaf halda með liði frá Suður-Ameríku. Í öðru lagi held ég alltaf með litla veikburða landinu þegar tvö lið, utan Suður-Ameríku, keppa. Í þetta sinn er Úrúgvæ mitt land og mætir Kostaríka klukkan sjö í kvöld. Hrossabresturinn og vúvúselu-lúðrarnir eru tilbúnir til veislu.

Vinnur í nýju efni

Söngkonan Lorde er spennt fyrir sinni annarri plötu.

Nýsjálenska söngkonan Lorde, sem er aðeins sautján ára, er byrjuð að vinna í annarri plötu. „Það er erfitt að útskýra það hvernig hún hljómar því ég er bara rétt byrjuð að skrifa. En ég er spennt því lífið mitt er svo frábrugðið því sem það var og ég get skrifað um fullt af nýjum upplifunum,“ segir Lorde. Hún gaf út sína fyrstu plötu,

